

# Frumvarp til laga

## um byggingarvörur.

(Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Merking hugtaka.*

Merking hugtaka í lögum þessum skal vera í samræmi við skilgreiningar 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011.

##### 2. gr.

##### *Notkun byggingarvöru og ábyrgð eiganda mannvirkis.*

Byggingarvörur sem markaðssettar eru til notkunar í mannvirki skulu uppfylla skilyrði laga þessara og reglugerðar ESB nr. 305/2011.

Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að við byggingu þess og rekstur sé einungis notuð byggingarvara sem uppfyllir ákvæði laga þessara, laga um mannvirki og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

### II. KAFLI

#### Framkvæmd reglugerðar ESB nr. 305/2011.

##### 3. gr.

##### *Vörutengiliður fyrir byggingariðnaðinn.*

Mannvirkjastofnun gegnir hlutverki vörutengiliðs fyrir byggingariðnaðinn til að annast upplýsingagjöf samkvæmt ákvæðum reglugerðar ESB nr. 305/2011.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu veittar án endurgjalds. Fyrir viðbótarupplýsingar og athuganir er Mannvirkjastofnun heimilt að taka gjald sem nemur kostnaði við þjónustuna og skal það ákveðið í gjaldskrá Mannvirkjastofnunar skv. 52. gr. laga um mannvirki. Upphæð gjaldsins skal taka mið af kostnaði við þjónustu og einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður.

##### 4. gr.

##### *Tungumál.*

Yfirlýsing um nothæfi byggingarvöru skal lögð fram á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku.

Þegar byggingarvara er boðin fram á markaði skulu framleiðendur, innflytjendur og dreifendur sjá til þess að vörinni fylgi leiðbeiningar um notkun og upplýsingar um öryggi á íslensku eða ensku.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að yfirlýsing um nothæfi, leiðbeiningar um notkun eða upplýsingar um öryggi byggingarvöru fyrir tiltekna vörur eða vöruflokka skuli vera á íslensku, með hliðsjón af notkunarviði vörunnar og mikilvægi hennar með tilliti til grunnkrafna.

Framleiðendur, innflytjendur og dreifendur skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá Mannvirkjastofnun, afhenda stofnuninni allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að byggingarvaran sé í samræmi við yfirlýsinguna um nothæfi og aðrar viðeigandi kröfur í reglugerð ESB nr. 305/2011, á íslensku eða öðru tungumáli sem Mannvirkjastofnun samþykkir.

#### 5. gr.

##### *Tilnefning tæknimatsstofnunar.*

Ráðherra tilnefnir tæknimatsstofnun samkvæmt ákvæðum V. kafla reglugerðar ESB nr. 305/2011 að fenginni umsögn Mannvirkjastofnunar og annast eftirlit með tæknimatsstofnunum. Ekki er skylt að tilnefna tæknimatsstofnun.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd mats á tæknimatsstofnunum, þær kröfur sem tæknimatsstofnanir þurfa að uppfylla og um eftirlit með þeim. Ráðherra er heimilt að fela Mannvirkjastofnun að annast eftirlit með tæknimatsstofnunum.

#### 6. gr.

##### *Tilkynningaryfirvald og tilkynntur aðili.*

Ráðherra gegnir hlutverki tilkynningaryfirvalds og tilkynnir viðeigandi stjórnvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu um þá aðila sem hafa heimild til að framkvæma verkefni þriðja aðila við mat á nothæfi og sannpröfun á stöðugleika þess samkvæmt ákvæðum VII. kafla reglugerðar ESB nr. 305/2011. Ráðherra annast einnig eftirlit með tilkynntum aðilum.

Tilkynntur aðili skal hafa faggildinguna og faglega þekkingu til að framkvæma mat á nothæfi og sannpröfun á stöðugleika þess. Um faggildinguna fer samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildinguna o.fl., og ákvæðum laga þessara.

Sé tilkynntur aðili ekki opinber stofnun eða ríkisfyrirtæki skal hann hafa ábyrgðartryggingu sem nær til skaðabótaábyrgðar gagnvart öllum þeim sem hann kann að valda tjóni með starfsemi sinni.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja nánari ákvæði um kröfur sem gerðar eru til tilkynnta aðila og um eftirlit með þeim. Ráðherra er heimilt að fela Mannvirkjastofnun að annast eftirlit með tilkynntum aðilum.

#### 7. gr.

##### *Nánari framkvæmd.*

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja ákvæði um eftirfarandi atriði eins og nánar greinir í 60. gr. reglugerðar ESB nr. 305/2011:

1. Ákvörðun mikilvægra eiginleika eða viðmiðunargilda í tilteknum flokkum byggingarvara.
2. Skilyrði fyrir rafrænni vinnslu yfirlýsingar um nothæfi.
3. Breytingar á því tímabili sem framleiðandi á að varðveita tæknileg gögn og yfirlýsingu um nothæfi eftir að byggingarvara hefur verið sett á markað.

4. Breytingar á II. viðauka reglugerðar ESB nr. 305/2011 og samþykkt á viðbótarreglum um málsmeðferð.
5. Aðlögun á III. viðauka reglugerðar ESB nr. 305/2011, töflu 1 í IV. viðauka og V. viðauka vegna tækniframfara.
6. Innleiðingu og aðlögun á nothæfisflokkum vegna tækniframfara.
7. Skilyrði fyrir því að byggingarvara teljist uppfylla tiltekið nothæfisstig eða tiltekinn nothæfisflokk án prófana eða án frekari prófana.
8. Aðlögun, innleiðingu og endurskoðun á kerfum fyrir mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess.

8. gr.

*Birting samhæfðra evrópskra staðla.*

Samhæfðir evrópskir staðlar sem samþykktir eru á grundvelli ákvæða reglugerðar ESB nr. 305/2011 og innleiddir af Staðlaráði Íslands eru skyldubundnir í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Mannvirkjastofnun birtir lista yfir slíka samhæfða evrópska staðla á vefsíðu sinni. Ráðherra getur með reglugerð falið öðru stjórnvaldi eða Staðlaráði Íslands birtingu staðla samkvæmt þessari málsgrein.

### III. KAFLI

#### **Byggingarvara sem fellur ekki undir samhæfða tækniforskrift.**

9. gr.

*Gildissvið.*

Ákvæði þessa kafla gilda um byggingarvörur sem falla ekki undir samhæfðan evrópskan staðal eða evrópskt tæknimat hefur ekki verið gefið út fyrir.

Ákvæði þessa kafla gilda þó ekki um eftirfarandi:

1. Byggingarvöru sem framleidd er í stykkjatali eða sérsníðuð eftir sérstakri pöntun á grundvelli hönnunargagna sem samþykkt hafa verið af útgefanda byggingarleyfis í samræmi við ákvæði laga um mannvirki og varan er sett upp í einu tilteknu mannvirki af iðnmeistara sem ber ábyrgð á þeim verkþætti samkvæmt ákvæðum þeirra laga. Sé um að ræða verk sem háð er eftirliti og áfangagættum útgefanda byggingarleyfis skal hann upplýstur um vinnu við viðkomandi einingar eða byggingarhluta áður en hún hefst og skal hann kallaður til áfangagættækta samkvæmt nánari ákvæðum byggingarreglugerðar um áfangagættir.
2. Byggingarvöru sem framleidd er á byggingarsvæði til ísetningar í tiltekið mannvirki í samræmi við ákvæði laga um mannvirki og á ábyrgð þeirra sem bera ábyrgð á öruggri framkvæmd verksins samkvæmt ákvæðum þeirra laga.
3. Byggingarvöru sem framleidd er með hefðbundnum hætti, eða á þann hátt sem er viðeigandi fyrir varðveislu menningararfleifðar og er ekki iðnaðarframleiðsla, í því skyni að endurnýja með fullnægjandi hætti mannvirki sem njóta opinberrar verndar sem hluti af tilgreindu umhverfi eða vegna sérstaks byggingarlistarlegs eða sögulegs gildis.

10. gr.

*Markaðssetning og nothæfi byggingarvöru.*

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans, innflytjandi og dreifandi skulu tryggja að gerð sé fullnægjandi grein fyrir nothæfi byggingarvöru í samræmi við ákvæði kafla þessa áður en varan er markaðssett eða notuð í mannvirki.

Yfirlýsing um nothæfi skal lýsa nothæfi byggingarvöru hvað varðar eftirfarandi eiginleika eða þætti:

1. Viðbrögð við bruna.
2. Brunamótstöðu.
3. Burðarþol og styrk efnis.
4. Einangrunargildi.
5. Hljóðeinangrun og aðra þætti er varða hljóðvist.
6. Loftþéttleika.
7. Slagregnsþéttleika.
8. Hitapól.
9. Frostpól.
10. Efnapól.
11. Gufuþéttleika.
12. Að varan spilli ekki gæðum neysluvatns (t.d. útfelling þungmálma).
13. Uppgufun/losun mengandi efna.
14. Innihald efna sem falla undir 57. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sbr. reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Yfirlýsing um nothæfi sem felur í sér þá eiginleika eða þætti sem fram koma í 2. mgr. skal afhent á pappírformi við afhendingu byggingarvöru eða vera aðgengileg á heimasíðu framleiðanda, innflytjanda og/eða dreifanda. Yfirlýsingin skal vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Ráðherra er þó heimilt með reglugerð að ákveða að yfirlýsing um nothæfi fyrir tiltekna vörur eða vöruflokka skuli vera á íslensku, með hliðsjón af notkunarsviði vörunnar og mikilvægi hennar með tilliti til grunnkrafna, sbr. 3. mgr. 4. gr. Óheimilt er að láta koma fram í yfirlýsingunni upplýsingar sem eru rangar eða hægt er að mistúlka varðandi eiginleika eða nothæfi vöru.

Skylt er að lýsa yfir þeim eiginleikum eða þáttum 2. mgr. sem varða fyrirhugaða notkun byggingarvörunnar í mannvirkjum. Tilgreina skal í yfirlýsingu um nothæfi aðra eiginleika eða þætti sem gætu varðað notkun vörunnar og ekki er lýst yfir nothæfi fyrir.

Mannvirkjastofnun er heimilt að krefjast gagna um aðra eiginleika eða þætti en tilgreindir eru í 2. mgr. þegar slíkt er nauðsynlegt til að tryggja örugga notkun vörunnar í mannvirkjum.

Við greiningu, staðfestingu og yfirlýsingu eiginleika og þátta byggingarvöru samkvæmt þessari grein skal styðjast við viðurkennda hönnunar- og prófunarstaðla, svo og aðra viðeigandi staðla sem ætlaðir eru til slíkrar greiningar og skráningar.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um að í yfirlýsingu um nothæfi skuli lýsa fleiri eiginleikum eða þáttum byggingarvöru en kveðið er á um í 2. mgr.

#### 11. gr.

##### *Framleiðslustýring og gerðarprófun.*

Byggingarvara sem fellur undir þennan kafla skal framleidd undir skjalfestri og stöðugri innri framleiðslustýringu sem tryggir stöðugleika framleiðslunnar þannig að hún hafi tilgreinda eiginleika og uppfylli tilskilið nothæfi.

Óháðum aðila skv. 12. gr. er heimilt að krefjast gerðarprófunar byggingarvöru eftir eðli hennar með hliðsjón af notkunarsviði vörunnar og mikilvægi hennar með tilliti til grunnkrafna.

## 12. gr.

*Krafa um staðfestingu óháðs aðila.*

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal afla staðfestingar Mannvirkjastofnunar eða annars aðila sem ráðherra viðurkennir á nothæfi byggingarvöru með tilliti til brunapóls og brunaeiginleika byggingarvöru, sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr. 10. gr.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal afla staðfestingar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands eða annars aðila sem ráðherra viðurkennir á nothæfi byggingarvöru með tilliti til þeirra eiginleika og þátta sem falla undir 2. mgr. 10. gr., að undanskildum 1. og 2. tölul., og 5. mgr. 10. gr.

Við staðfestingu, þ.m.t. ákvörðun um gerðarprófun skv. 2. mgr. 11. gr., skal höfð hliðsjón af kröfum sem settar eru fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um hlutverk framleiðanda og tilkynnts aðila við staðfestingu á samræmi við kröfur, en ef ekki liggja fyrir samþykktir frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um einstaka vöruflokka skal höfð hliðsjón af ákvörðunum um hliðstæðar vörur.

## 13. gr.

*Yfirlýsing um nothæfi o.fl.*

Byggingarvörum sem falla undir þennan kafla skal fylgja skjál með eftirfarandi upplýsingum:

1. Nafni og heimili framleiðanda og ábyrgðaraðila sé hann annar en framleiðandi.
2. Lýsingu og auðkenni vöru, svo sem gerð, númeri, notkunarviði og þess háttar.
3. Yfirlýstum eiginleikum og þáttum vörunnar, sbr. 10. gr., með tilvísun til þeirra staðla, prófana og annars þess sem stuðst er við til að kanna eiginleika vörunnar.
4. Tilvísun til gæðakerfis framleiðanda.
5. Skilmálum er varða notkun vörunnar.
6. Nafni og heimili þess aðila sem staðfestir nothæfi vörunnar, sbr. 12. gr.
7. Nafni og stöðu þess sem undirritar yfirlýsinguna fyrir hönd ábyrgðaraðila.

Þegar byggingarvara er boðin fram á markaði skulu framleiðendur, innflytjendur og dreifendur sjá til þess að vörunni fylgi leiðbeiningar um notkun og upplýsingar um öryggi á íslensku eða ensku. Ráðherra er þó heimilt með reglugerð að ákveða að leiðbeiningar um notkun eða upplýsingar um öryggi byggingarvöru fyrir tiltekna vörur eða vöruflokka skuli vera á íslensku, með hliðsjón af notkunarviði vörunnar og mikilvægi hennar með tilliti til grunnkrafna, sbr. 3. mgr. 4. gr.

## 14. gr.

*Gagnkvæm viðurkenning.*

Gögn frá viðurkenndum aðilum á Evrópska efnahagssvæðinu um prófun byggingarvöru og eftirlit skulu tekin gild hér á landi til jafns við gögn frá Mannvirkjastofnun, Nýsköpunarmiðstöð eða öðrum aðilum sem ráðherra viðurkennir skv. 12. gr., enda feli þau í sér staðfestingu á að varan henti til fyrirhugaðra nota. Komi ekki fram í gögnunum staðfesting á nothæfi vörunnar við íslenskar aðstæður skal afla staðfestingar á því samkvæmt ákvæðum 12. gr. Ávallt ber að láta fylgja vörunni samsvarandi skjöl og staðfestingar og tilgreind eru í þessum kafla.

## IV. KAFLI

**Opinbert markaðseftirlit, réttarræði o.fl.**

## 15. gr.

*Opinbert markaðseftirlit.*

Mannvirkjastofnun hefur eftirlit með því að byggingarvara á markaði uppfylli ákvæði laga þessara, laga um mannvirki og reglugerða settra samkvæmt þeim. Stofnunin fylgist með byggingarvöru á markaði, aflar á skipulegan hátt upplýsinga um slíka vöru og tekur við ábendingum þess efnis frá byggingarfulltrúum, hönnuðum, byggingarstjórum, iðnmeisturum, neytendum og öðrum aðilum.

Mannvirkjastofnun getur falið faggiltri skoðunarstofu að annast markaðseftirlit eða faggiltri prófunarstofu að prófa og meta hvort byggingarvara uppfyllir ákvæði laga þessara. Um faggildinguna gilda ákvæði laga nr. 24/2006, um faggildinguna o.fl. Beiting réttarræða skv. 17. gr. skal vera í höndum Mannvirkjastofnunar.

Mannvirkjastofnun getur haft samstarf við tollyfirvöld um markaðseftirlit með byggingarvöru við innflutning.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja nánari ákvæði um markaðseftirlit með byggingarvöru.

## 16. gr.

*Heimild til skoðunar og upplýsingaskylda.*

Mannvirkjastofnun eða eftir atvikum þeim sem hefur verið falið markaðseftirlit með byggingarvörum, sbr. 2. mgr. 15. gr., er heimilt að skoða byggingarvöru hjá framleiðendum, innflytjendum og dreifendum, taka sýnishorn af byggingarvöru til rannsókna og krefja þá um allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn, svo sem aðgang að skrá yfir þá sem hafa vöruna á boðstólum, yfirlýsingu um nothæfi, vottorð um stöðugleika nothæfis, samræmisvottorð, skýrslur um prófanir eða útreikninga og tæknileg gögn.

Framleiðandi, innflytjandi eða dreifandi ber kostnað vegna þeirra sýnishorna sem tekin eru til rannsóknar skv. 1. mgr. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum. Sýnishorn byggingarvöru samkvæmt þessari grein er að jafnaði eitt eintak vöru eða lágmarksfjöldi sem nauðsynlegur er til rannsóknar.

Framleiðandi, innflytjandi eða dreifandi ber allan kostnað af innköllun byggingarvöru. Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal hann bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, svo og annan kostnað. Framleiðandi, innflytjandi eða dreifandi greiðir allan kostnað af tilkynningum um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningar í fjölmiðlum. Framleiðanda, innflytjanda eða dreifanda er heimilt að annast tilkynningu um þetta til almennings, enda sé það gert með þeim hætti að eðlileg varnaðaráhrif náist.

Sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu byggingarvöru hér á landi skal halda skrá yfir allar vörur sem hann hefur á boðstólum og hafa tiltæk afrit af tæknilegum gögnum vörunnar. Enn fremur skal hann að beiðni Mannvirkjastofnunar afhenda skrá með upplýsingum um birgja og þá sem bjóða fram vörur hans ef það er að mati stofnunarinnar nauðsynlegt í tengslum við rannsókn máls.

## 17. gr.

*Réttarúrræði Mannvirkjastofnunar.*

Mannvirkjastofnun getur fyrirskipað innköllun, tekið af markaði eða bannað sölu eða afhendingu byggingarvöru ef hún uppfyllir ekki skilyrði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo sem um merkingar, þ.m.t. CE-merkingar, leiðbeiningar og gögn sem ber að útbúa og hafa tiltæk, svo sem yfirlýsingu um nothæfi, vottorð um stöðugleika nothæfis, samræmisvottorð, skýrslur um prófanir eða útreikninga og tæknileg gögn.

Leiki rökstuddur grunur á að byggingarvara nái ekki tilgreindu nothæfi og skapi hættu á því að grunnkröfum um mannvirki verði ekki fullnægt getur Mannvirkjastofnun fyrirskipað innköllun hennar, innkallað eða ákveðið tímabundið bann við sölu eða afhendingu hennar á meðan mat á viðkomandi vöru fer fram. Ef í ljós kemur að vara sem lýst hefur verið yfir að samræmist ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim skapar hættu á því að grunnkröfum um mannvirki verði ekki fullnægt hvað varðar heilbrigði eða öryggi manna eða varðandi aðra vernd almannahagsmuna getur Mannvirkjastofnun fyrirskipað innköllun þeirrar vöru eða bannað eða takmarkað markaðssetningu hennar. Um málsmeðferð og úrræði gilda jafnframt ákvæði 56.–59. gr. reglugerðar ESB nr. 305/2011.

## 18. gr.

*Dagsektir.*

Mannvirkjastofnun er heimilt að beita dagsektum, allt að 500.000 kr. á dag, til að knýja á um þær skyldur sem lögin kveða á um eða láta af ólögmætu atferli. Dagsektir skulu renna í ríkissjóð. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir og kostnað skv. 16. gr. má innheimta með fjárnámi.

## 19. gr.

*Förgun byggingarvöru og lagfæring.*

Mannvirkjastofnun er heimilt í tengslum við beitingu ákvæða 17. gr. að skylda framleiðanda, innflytjanda eða dreifanda til að eyðileggja öll eintök byggingarvöru og farga henni með öruggum hætti. Ávallt skal þó áður gefa rekstraraðila kost á að bæta úr ágöllum vöru eða fylgigögnum hennar innan hæfilegs frests nema varan teljist sérlega hættuleg.

## 20. gr.

*Tilkynningarskylda og birting eftirlitsskýrslna.*

Verði byggingarfulltrúi, hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistari var við að á markaði sé byggingarvara sem ekki uppfyllir kröfur laga þessara skal hann tilkynna það til Mannvirkjastofnunar.

Mannvirkjastofnun er heimilt að birta skýrslur um niðurstöður markaðseftirlits á vefsíðu stofnunarinnar, enda hafi rekstraraðilum verið veittur sanngjarn frestur til úrbóta. Mannvirkjastofnun skal gefa út verklagsreglur um nánari framkvæmd þessa ákvæðis og birta á vefsíðu stofnunarinnar.

## 21. gr.

*Úrskurðir.*

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

## 22. gr.

*Viðurlög.*

Það varðar sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum að bjóða byggingarvöru fram á markaði eða nota slíka vöru til mannvirkjagerðar án þess að fullnægjandi gögn og upplýsingar samkvæmt lögum þessum og reglugerð ESB nr. 305/2011 fylgi vörunni, án þess að varan sé CE-merkt þegar slíkt er skylt eða í þeim tilvikum sem varan er ranglega CE-merkt án þess að skilyrði séu uppfyllt. Það varðar sömu viðurlögum að bjóða byggingarvöru fram á markaði sem við venjulega eða fyrirhugaða notkun getur valdið alvarlegri hættu hvað varðar heilbrigði manna, öryggi eða umhverfi.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.

## 23. gr.

*Innleiðing reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011.*

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2013 frá 14. júní 2013. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með lögum þessum. Ákvæði III. kafla laga þessara hafa verið tilkynnt í samræmi við ákvæði tilskipunar 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra reglna.

## 24. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó öðlast 2. mgr. 6. gr. gildi 1. janúar 2016.

## 25. gr.

*Breytingar á öðrum lögum.*

1. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 160/2010, um mannvirki:
  - a. 11., 16., 17., 18., 24. og 25. tölul. 3. gr. falla brott og breytist röð annarra töluliða sem því nemur.
  - b. Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr:
    - i. 2. málsl. orðast svo: Mannvirkjastofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara, laga um byggingarvörur og laga um brunavarnir.
    - ii. 2. tölul. orðast svo: að bera ábyrgð á markaðseftirliti með byggingarvörum samkvæmt lögum um byggingarvörur.
  - c. Á eftir orðunum „laga þessara“ í 1. og 2. mgr. 12. gr., 1. málsl. 5. mgr. 29. gr. og 1. málsl. 2. mgr. 32. gr. kemur: laga um byggingarvörur.
  - d. VIII. kafli fellur brott ásamt fyrirögnum.
  - e. 8. og 10. tölul. ákvæðis til bráðabirgða falla brott.
  - f. Viðauki fellur brott.



2. Eftirfarandi breytingar verða lögum nr. 75/2000, um brunavarnir:
- Á eftir orðinu „Mannvirkjastofnun“ í 1. málsli. 2. mgr. 25. gr. kemur: eða öðrum aðila sem ráðherra viðurkennir.
  - Í stað orðanna „VIII. kafla laga um mannvirki“ í 2. málsli. 4. mgr. 25. gr. kemur: IV. kafla laga um byggingarvörur.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til ákvæði 2. mgr. 6. gr. um að tilkynntur aðili skuli hafa faggildingu tekur gildi, sbr. 24. gr., skal tilkynntur aðili hafa gæðastjórnunarkerfi sem Mannvirkjastofnun viðurkennir og hefur eftirlit með. Hafi tilkynntur aðili ekki hlotið vottun faggiltrar vottunarstofu á gæðastjórnunarkerfum sínum skal Mannvirkjastofnun gera úttekt á gerð og virkni þessara gæðastjórnunarkerfa. Mannvirkjastofnun er heimilt að fela faggiltri vottunarstofu að annast slíka úttekt.

## Fylgiskjal.

### Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011

frá 9. mars 2011

um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu

á tilskipun ráðsins 89/106/EEB

(Texti sem varðar EES)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDS-  
INS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-  
sambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar  
Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Í reglum aðildarríkjanna er þess krafist að mannvirki séu þannig hönnuð og byggð að öryggi einstaklinga, húsdýra eða eigna sé ekki ógnað og valdi ekki umhverfisspjöllum.

- Þessar reglur hafa bein áhrif á kröfur um byggingarvörur. Af þessum sökum endurspeglast þessar kröfur í landsstöðlum fyrir viðkomandi vöru, landsbundnu tæknisamþykki og öðrum landsbundnum tækniforskriftum og ákvæðum er varða byggingarvörur. Vegna misræmis á milli þeirra hindra þessar kröfur verslun í Sambandinu.

- Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna til að tiltaka þær kröfur sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja verndun heilsu, umhverfis og starfsmanna þegar byggingarvörurnar eru notaðar.

- Aðildarríkin hafa innleitt ákvæði, þ.m.t. kröfur, sem varða ekki einungis öryggi bygginga og annarra mannvirkja heldur einnig heilbrigði, endingu, orkusparnað, umhverfisvernd, efnahagslega þætti og aðra þætti sem eru mikilvægir hagsmunum almennings. Lög og stjórn-sýslufyrirmæli eða dómaframkvæmd varðandi mannvirki, sem er innleidd annaðhvort á vettvangi Sambandsins eða aðildarríkjanna, getur haft áhrif á kröfur um byggingarvörur. Þar sem áhrif þeirra á starfsemi innri markaðarins eru

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 218, 11.9.2009, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 24. apríl 2009 (Stjtið. ESB C 184 E, 8.7.2010, bls. 441), afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 13. september 2010 (Stjtið. ESB C 282 E, 19.10.2010, bls. 1), afstaða Evrópuþingsins frá 18. janúar 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 28. febrúar 2011.

- líklega mjög svipaðs eðlis er rétt að telja slík lög og stjórnsýslufyrirmæli eða dómaframkvæmd sem „ákvæði“ að því er varðar þessa reglugerð.
- 5) Eftir atvikum ákvarða ákvæði um áformuð not byggingarvöru í aðildarríki, sem miða að því að uppfylla grunnkröfur um mannvirki, hvaða mikilvæga eiginleika eigi að tilgreina nothæfi fyrir. Til að komast hjá innihaldslausri yfirlýsingu um nothæfi skal tilgreina a.m.k. einn af þeim mikilvægu eiginleikum byggingarvöru sem skipta máli fyrir tilgreinda notkun.
  - 6) Markmið tilskipunar ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur <sup>(3)</sup> var að ryðja úr vegi tæknilegum viðskiptahindrunum á sviði byggingarvöru í því skyni að stuðla að frjálsum flutningi þeirra á innri markaðinum.
  - 7) Til að ná þessu markmiði var í tilskipun 89/106/EBE kveðið á um gerð samhæfðra staðla fyrir byggingarvörur og um veitingu evrópsks tæknisamþykkis.
  - 8) Í því skyni að einfalda og skýra gildandi ramma og til að bæta gagnsæi og skilvirkni gildandi ráðstafana skal tilskipun 89/106/EBE skipt út.
  - 9) Í þessari reglugerð skal tillit tekið til lagaramma, sem hefur lárétt réttaráhrif, um markaðssetningu á vörum á innri markaðinum, sem settur var með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum <sup>(4)</sup> og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum <sup>(5)</sup>.
  - 10) Aðeins er hægt að fjarlægja tæknilegar hindranir í byggingariðnaði með því að setja samhæfðar tækniforskriftir í þeim tilgangi að meta nothæfi byggingarvöru.
  - 11) Þessar samhæfðu tækniforskriftir skulu ná yfir prófanir, útreikninga og aðrar leiðir sem skilgreindar eru í samhæfðum stöðlum og evrópskum matsskjölum til að meta nothæfi að því er varðar mikilvæga eiginleika byggingarvöru.
  - 12) Aðferðirnar, sem aðildarríkin nota í kröfum sínum um mannvirki, sem og aðrar landsreglur, sem varða mikilvæga eiginleika byggingarvöru, skulu vera í samræmi við samhæfðar tækniforskriftir.
  - 13) Til að taka mið af mismunandi stigum grunnkrafna um mannvirki að því er varðar tiltekin mannvirki sem og mun á veðurfarslegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum skilyrðum og öðrum mismunandi skilyrðum sem ríkja í aðildarríkjunum skal hvatt til þess, eftir því sem við á, að í samhæfðum stöðlum séu notaðir flokkar nothæfis að því er varðar mikilvæga eiginleika byggingarvöru. Á grundvelli endurskoðaðs umboðs skulu evrópsku staðlastofnanirnar hafa heimild til að koma á slíkum flokkum ef framkvæmdastjórnin hefur ekki þegar komið þeim á.
  - 14) Ef áformuð not krefjast þess að byggingarvörur í aðildarríkjunum uppfylli viðmiðunargildi fyrir mikilvæga eiginleika skulu þessi gildi fastsett í samhæfðu tækniforskriftunum.
  - 15) Við mat á nothæfi byggingarvöru skal einnig taka tillit til heilbrigðis- og öryggisþátta sem varða notkun hennar á öllum vistferlinum.
  - 16) Viðmiðunargildi, sem framkvæmdastjórnin ákvarðar samkvæmt þessari reglugerð, skulu vera almennt viðurkennd gildi fyrir mikilvæga eiginleika viðkomandi byggingarvöru að því er varðar ákvæði í aðildarríkjunum og skulu tryggja hátt verndarstig í skilningi 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
  - 17) Viðmiðunargildi geta verið á sviði tækni eða reglusetningar og geta átt við um einn eiginleika eða fleiri.
  - 18) Staðlasamtök Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) eru viðurkennd sem þar til bærar stofnanir til að samþykkja samhæfða staðla, í samræmi við almennar viðmiðunarreglur um samstarf milli framkvæmdastjórnarinnar og þessara tveggja stofnana, sem voru undirritaðar 28. mars 2003. Framleiðendur skulu nota þessa samhæfðu staðla þegar tilvísun í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og í samræmi við viðmiðanirnar sem settar voru með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82.

- reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu<sup>(6)</sup>. Þegar fullnægjandi tæknileg og vísindaleg sérþekking um alla viðkomandi þætti hefur fengist skal auka notkun samhæfðra staðla að því er varðar byggingarvörur, þ.m.t., eftir því sem við á og að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál, með því að krefjast þess, með veitingu umboðs, að þessir staðlar séu þróaðir á grundvelli gildandi evrópskra mats-skjala.
- 19) Rétt er að einfalda málsmeðferðina í tilskipun 89/106/EBE til að meta nothæfi að því er varðar mikilvæga eiginleika byggingarvara, sem falla ekki undir samhæfðan staðal, í því skyni að gera hana gagnsærri og draga úr kostnaði fyrir framleiðendur byggingarvara.
- 20) Til að gera framleiðanda byggingarvöru kleift að gera yfirlýsingu um nothæfi byggingarvöru, sem fellur ekki undir eða fellur að hluta til undir samhæfðan staðal, er nauðsynlegt að kveða á um evrópskt tæknimat.
- 21) Framleiðendur byggingarvara skulu hafa heimild til að fara fram á að evrópskt tæknimat verði gefið út fyrir vörur þeirra á grundvelli viðmiðunarreglna um evrópskt tæknisambýkki sem komið var á með tilskipun 89/106/EBE. Því skal tryggja réttinn til að nota þessar viðmiðunarreglur sem evrópsk matsskjöl.
- 22) Tæknimatsstofnanir, sem aðildarríkin tilnefna, skulu annast gerð draganna að evrópskum matsskjölum og útgáfu á evrópsku tæknimati. Til að sjá til þess að tæknimatsstofnanir búi yfir nægri hæfni til að framkvæma þessi verk efni skulu kröfurnar um tilnefningu þeirra settar fram á vettvangi Sambandsins.
- 23) Tæknimatsstofnanir skulu koma á fót samtökum (hér á eftir nefnd „samtök tæknimatsstofnana“), mögulega með fjármögnun Sambandsins, til að samræma málsmeðferðina við gerð draganna að evrópskum matsskjölum og við útgáfu á evrópsku tæknimati og tryggja gagnsæi og nauðsynlegan trúnað í tengslum við þessa málsmeðferð.
- 24) Þegar byggingarvara, sem fellur undir samhæfðan staðal eða sem evrópskt tæknimat hefur verið gefið út fyrir, er sett á markað skal henni fylgja yfirlýsing um nothæfi að því er varðar
- mikilvæga eiginleika byggingarvörunnar í samræmi við viðkomandi samhæfðar tækniforskriftir, að undanskildum þeim tilvikum sem sett eru fram í þessari reglugerð.
- 25) Eftir atvikum skal yfirlýsingunni um nothæfi fylgja upplýsingar um innihald hættulegra efna í byggingarvörunni til að auka möguleikana á sjálfbærum byggingum og til að auðvelda þróun á umhverfisvænum vörum. Slíkar upplýsingar skulu veittar án þess að það hafi áhrif á þær skyldur, einkum að því er varðar merkingar, sem mælt er fyrir um í öðrum lagagerningum Sambandsins, sem gilda um hættuleg efni, og þær skulu gerðar tiltækar á sama tíma og á sama formi og yfirlýsingin um nothæfi þannig að þær nái til allra hugsanlegra notenda byggingarvara. Upplýsingar um innihald hættulegra efna takmarkast í upphafi við efnin sem um getur í 31. og 33. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efna-reglurnar (REACH)), og um stofnun Efnastofnunar Evrópu<sup>(7)</sup>. Hin sérstaka þörf á upplýsingum um innihald hættulegra efna í byggingarvörum skal hins vegar rannsökuð nánar í því skyni að fullgera listann yfir viðeigandi efni til að tryggja öflugna vernd að því er varðar heilbrigði og öryggi starfsmanna sem nota byggingarvörur og notenda mannvirkja, þ.m.t. með tilliti til krafna um endurvinnslu og/eða endurnotkun á hlutum eða smíðaeefni. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur aðildarríkjanna samkvæmt öðrum lagagerningum Sambandsins sem geta gilt um hættuleg efni, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna<sup>(8)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum<sup>(9)</sup>, reglugerð (EB) nr. 1907/2006, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang<sup>(10)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna<sup>(11)</sup>.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

<sup>(11)</sup> Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

- 26) Rétt er að hægt sé að tölusetja yfirlýsinguna um nothæfi í samræmi við tilvísunarnúmer gerðareintaksins.
- 27) Það er nauðsynlegt að kveða á um einfaldaða málsmeðferð fyrir gerð yfirlýsingar um nothæfi í því skyni að létta á fjárhagslegri byrði fyrir-tækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
- 28) Til að tryggja að yfirlýsingin um nothæfi sé nákvæm og áreiðanleg skal nothæfi byggingarvörunnar metið og eftirlit haft með framleiðslunni í verksmiðjunni í samræmi við viðeigandi kerfi til að meta nothæfi byggingarvöru og sannprófa stöðugleika þess. Hægt er að velja mörg kerfi fyrir tiltekna byggingarvöru til að taka tillit til þeirra sérstöku tengsla sem eru milli einstakra mikilvægra eiginleika vörunnar og grunnkraftanna um mannvirki.
- 29) Sökum þess hve sérhæfar byggingarvörur eru og þeirrar sérstöku áherslu sem lögð er á kerfið, sem notað er til að meta þær, eiga samræmismatsaðferðin, sem kveðið er á um í ákvörðun nr. 768/2008/EB, og aðferðareiningarnar, sem taldar eru upp þar, ekki við. Því skal innleiða sértækar aðferðir til að meta nothæfi byggingarvöru að því er varðar mikilvæga eiginleika hennar og sannprófa stöðugleika þess.
- 30) Sökum þess hve þýðing CE-merkisins er mismunandi fyrir byggingarvörur, í samanburði við almennu meginreglurnar sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 765/2008, skal setja fram sértæk ákvæði til að tryggja að skyldan um áfestingu CE-merkisins á byggingarvörur og afleiðingar þess séu skýr.
- 31) Með því að festa CE-merkið eða hafa fest slíkt merki á byggingarvöru skulu framleiðendur tilgreina að þeir taki ábyrgð á því að varan sé í samræmi við tilgreint nothæfi hennar.
- 32) Festa skal CE-merkið á allar byggingarvörur sem framleiðandinn hefur gert samræmisyfirlýsingu fyrir í samræmi við þessa reglugerð. Ef samræmisyfirlýsing hefur ekki verið gerð skal ekki festa CE-merkið á.
- 33) CE-merkið skal vera eina merkið á byggingarvörunni sem sýnir samræmi hennar við tilgreint nothæfi og við viðeigandi kröfur að því er varðar samhæfingarlöggjöf Sambandsins. Hins vegar má nota aðrar merkingar að því tilskildu að þær stuðli að því að bæta vernd notenda byggingarvara og að þær falli ekki undir gildandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins.
- 34) Til að forðast óþarfa prófanir á byggingarvörum, sem sýnt hefur verið fram á nothæfi fyrir með fullnægjandi hætti með stöðugum niðurstöðum úr prófunum eða öðrum fyrirliggjandi gögnum, skal framleiðanda heimilt að tilgreina tiltekið stig eða tiltekinn flokk nothæfis án prófana eða án frekari prófana í samræmi við þau skilyrði sem sett eru fram í samhæfðum tækniforskriftum eða í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.
- 35) Til að forðast tvítekningu prófana sem þegar hafa farið fram skal framleiðanda byggingarvöru heimilt að nota niðurstöður úr prófunum sem fengnar eru frá þriðja aðila.
- 36) Skilgreina skal skilyrði fyrir notkun einfaldaðrar málsmeðferðar fyrir mat á nothæfi byggingarvara í því skyni að draga eins og hægt er úr kostnaði við setningu þeirra á markað án þess að dregið sé úr öryggi. Framleiðendur sem nota þessa einfölduðu málsmeðferð skulu sýna með fullnægjandi hætti fram á að þessi skilyrði séu uppfyllt.
- 37) Til þess að auka áhrif ráðstafana vegna markaðseftirlits gildir einfaldaða málsmeðferðin, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, fyrir mat á nothæfi byggingarvara aðeins um einstaklinga eða lögaðila sem framleiða vörunar sem þeir setja á markað.
- 38) Til að draga enn frekar úr kostnaði örfyrirtækja við að setja á markað byggingarvörur sem þau hafa framleitt er nauðsynlegt að kveða á um einfaldaða málsmeðferð fyrir mat á nothæfi þegar viðkomandi vörur varða ekki öryggi og þær uppfylla viðkomandi kröfur, óháð uppruna þessara krafna. Fyrirtæki sem nota þessa einfölduðu málsmeðferð skulu að auki sýna fram á að þau uppfylli kröfur til að teljast örfyrirtæki. Enn fremur skulu þau fylgja viðeigandi málsmeðferð um sannprófun á stöðugleika nothæfis, sem kveðið er á um í samhæfðum tækniforskriftum fyrir vörur þeirra.
- 39) Fyrir byggingarvörur sem eru hannaðar og framleiddar í stykkjatali skal framleiðanda heimilt að nota einfaldaða málsmeðferð fyrir mat á nothæfi ef hægt er að sýna fram á að varan sem sett er á markað sé í samræmi við viðeigandi kröfur.
- 40) Að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál skal framkvæmdastjórnin setja fram tulkunarramma um skilgreininguna „fram-

- leiðsluferli utan raðar“ sem nota á fyrir mismunandi byggingarvörur sem heyra undir þessa reglugerð.
- 41) Allir rekstraraðilar sem koma að aðfangakeðjunni og dreifingarferlinu skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þeir bjóði aðeins fram eða setji á markað byggingarvörur sem eru í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar sem miða að því að tryggja nothæfi byggingarvara og uppfylla grunnkröfur um mannvirki. Innflytjendur og dreifendur byggingarvara skulu einkum vera meðvitaðir um mikilvæga eiginleika, sem ákvæði liggja fyrir um á markaði Sambandsins, og sértækar kröfur í aðildarríkjunum í tengslum við grunnkröfur um mannvirki og þeir skulu nota þessa þekkingu í viðskiptagjörlingum sínum.
- 42) Mikilvægt er að tryggja aðgengi að tæknireglum aðildarríkis þannig að fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, geti aflað áreiðanlegra og nákvæmra upplýsinga um gildandi lög í aðildarríkinu þar sem fyrirhugað er að setja eða bjóða fram vörur fyrirtækisins á markaði. Aðildarríki skulu því tilnefna vörutengiliði fyrir byggingariðnaðinn í því skyni. Til viðbótar við verkefnið sem skilgreind eru í l. mgr. 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 764/2008 um málsmeðferð við beitingu tiltekinna innlendra tæknireglna vegna löglega markaðssettrar vöru í öðru aðildarríki<sup>(12)</sup>, skulu vörutengiliðir fyrir byggingariðnaðinn einnig veita upplýsingar um reglur sem gilda um ísetningu, samsetningu eða uppsetningu tiltekinna byggingarvöru.
- 43) Til að auðvelda frjálsa vöruflutninga skulu vörutengiliðir fyrir byggingariðnaðinn veita upplýsingar, án endurgjalds, um ákvæði sem miða að uppfyllingu grunnkrafna um mannvirki sem gilda um áformuð not einstakra byggingarvara á yfirráðasvæði hvers aðildarríkis. Vörutengiliðir fyrir byggingariðnaðinn geta einnig látið rekstraraðilum í té viðbótarupplýsingar eða athuganir. Vörutengiliðum fyrir byggingariðnaðinn er heimilt að krefjast þóknunar fyrir slíkar viðbótarupplýsingar eða athuganir í réttu hlutfalli við útlagðan kostnað af þeim. Aðildarríki skulu enn fremur sjá til þess að vörutengiliðir fyrir byggingariðnaðinn hafi til ráðstöfunar fullnægjandi úrræði.
- 44) Aðildarríkin ættu að geta komið á fót vörutengiliðum fyrir byggingariðnaðinn í samræmi við svæðisbundnar eða staðbundnar valdheimildir þar sem slíkt ætti ekki að hafa áhrif á skiptingu verkefna milli lögbærra yfirvalda innan eftirlitskerfa aðildarríkjanna. Í því skyni að koma í veg fyrir ónaúðsynlega fjölgun tengiliða og til að einfalda stjórnsýslumeðferð geta aðildarríkin falið núverandi tengiliðum, sem komið hefur verið á fót í samræmi við aðra gerninga Sambandsins, hlutverk vörutengiliða fyrir byggingariðnaðinn. Í því skyni að hækka ekki stjórnsýslukostnað fyrirtækja og lögbærra yfirvalda geta aðildarríkin falið, ekki aðeins núverandi stofnunum innan opinberrar stjórnsýslu heldur einnig SOLVIT-stöðvum, verslunarráði, faglegum samtökum og einkaáðilum í aðildarríkjunum, hlutverk vörutengiliða fyrir byggingariðnaðinn.
- 45) Vörutengiliðir fyrir byggingariðnaðinn skulu geta rækt störf sín þannig að ekki komi til hagsmunaárekstra, einkum að því er varðar málsmeðferðina við að fá CE-merki.
- 46) Í þeim tilgangi að tryggja jafngilda og samræmda framkvæmd samhæfingarlöggjafar Sambandsins skulu aðildarríkin annast skilvirkt markaðseftirlit. Í reglugerð (EB) nr. 765/2008 er kveðið á um grunnskilyrði fyrir slíkt markaðseftirlit, einkum hvað varðar áætlanir, fjármögnun og viðurlög.
- 47) Ábyrgð aðildarríkja hvað varðar öryggi, heilbrigði og önnur mál sem falla undir grunnkröfur um mannvirki á yfirráðasvæði þeirra skal viðurkennd í verndarákvæði þar sem kveðið er á um viðeigandi verndarástafanir.
- 48) Þar sem nauðsynlegt er að tryggja samræmi í frammistöðu stofnana sem framkvæma mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess og þar sem allar slíkar stofnanir skulu framkvæma störf sín með sama hætti og samkvæmt skilyrðum um sanngjarna samkeppni skal fastsetja kröfur fyrir þær stofnanir sem sækjast eftir því að vera tilkynntar í skilningi þessarar reglugerðar. Einnig skal setja ákvæði um aðgengi að fullnægjandi upplýsingum um slíkar stofnanir og eftirlit með þeim.
- 49) Til að tryggja samræmt gæðastig á mati á nothæfi byggingarvöru og sannprófun á stöðugleika þess er einnig nauðsynlegt að setja kröfur sem gilda um yfirvöld sem bera ábyrgð á að tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum að-

<sup>(12)</sup> Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 21.

- ildarríkjunum um þær stofnanir sem annast þessi verkefni.
- 50) Samkvæmt 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal mæla fyrirfram fyrir um reglur og almennar meginreglur um eftirlit aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu í reglugerð sem samþykkt er í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð. Þar til þessi nýja reglugerð verður samþykkt, gildir ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið<sup>(13)</sup> áfram að undanskilinni reglunefndarmeðferðinni með grannskoðun, sem gildir ekki lengur.
- 51) Í þeim tilgangi að ná fram markmiðum þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin hafa umboð til þess að samþykkja tilteknar framseldar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.
- 52) Framkvæmdastjórnin skal einkum hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir sem tilgreina skilyrði um notkun vefseturs til að gera yfirlýsingu um nothæfi tiltæka.
- 53) Þar sem þörf er á tíma til að tryggja að settur sé rammi fyrir rétta framkvæmd þessarar reglugerðar skal beitingu reglugerðarinnar frestað að undanskildum ákvæðum varðandi tilnefningu tæknimatsstofnana, tilkynningaryfirvalda og tilkynntra aðila, stofnun samtaka tæknimatsstofnana og stofnun fastanefndar um byggingarmál.
- 54) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu, í samstarfi við hagsmunaaðila, setja af stað upplýsingaherferðir til að upplýsa byggingageirann, einkum rekstraraðila og notendur byggingarvara, um innleiðingu á sameiginlegu fagmáli, dreifingu ábyrgðar á milli einstakra rekstraraðila og notenda, festingu CE-merkisins á byggingarvörur, endurskoðun á grunnkröfum um mannvirki og kerfi fyrir mat á nothæfi og sannpröfun á stöðugleika þess.
- 55) Í grunnkröfunni um mannvirki varðandi sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda skal einkum taka

tillit til endurvinnanleika mannvirkja, byggingarefna þeirra og hluta eftir niðurrif, endingu mannvirkja og notkun umhverfissvænna hráefna og enduruninna efna í mannvirkjum.

- 56) Fyrir mat á sjálfbærri nýtingu auðlinda og á áhrifum mannvirkja á umhverfið skal nota umhverfisyfirlýsingu vöru ef hún er fyrirbyggjandi.
- 57) Þegar hægt er skal mæla fyrir um samræmdar evrópskar aðferðir til að staðfesta að grunnkröfum sem settar eru fram í I. viðauka séu uppfylltar.
- 58) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins með því að nota samhæfðar tækniforskriftir til að lýsa yfir nothæfi byggingarvara, og því verður betur náð á vettvangi Evrópusambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Evrópusambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### I. KAFLI

##### ALMENN ÁKVÆÐI

##### 1. gr.

##### Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um skilyrði fyrir því að byggingarvörur séu settar eða boðnar fram á markaði með því að setja samræmdar reglur um hvernig sýna eigi fram á nothæfi byggingarvara með hliðsjón af mikilvægum eiginleikum þeirra og um notkun CE-merkja á þessum vörum.

##### 2. gr.

##### Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „byggingarvara“: allar vörur eða samstæður sem eru framleiddar og settar á markað til varanlegrar ísetningar í mannvirki eða hluta þeirra og sem nothæfi þeirra hefur áhrif á nothæfi mannvirkjanna að því er varðar grunnkröfur um mannvirkið,

<sup>(13)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. „samstæða“: byggingarvara sem einn framleiðandi setur á markað sem sérstakt sett gert úr a.m.k. tveimur aðskildum íhlutum sem þarf að setja saman til að hægt sé að setja þá í mannvirkið,
3. „mannvirki“: byggingar og önnur mannvirki,
4. „mikilvægir eiginleikar“: þeir eiginleikar byggingarvörunnar sem tengjast grunnkröfum um mannvirki,
5. „nothæfi byggingarvöru“: nothæfi sem tengist viðkomandi mikilvægum eiginleikum, gefið upp sem stig eða flokkur eða í lýsingu,
6. „stig“: niðurstaða mats á nothæfi byggingarvöru að því er varðar mikilvæga eiginleika hennar, gefið upp sem tölugildi,
7. „flokkur“: stig yfir nothæfi byggingarvöru sem eru afmörkuð með lágmarksgildi og hámarksgildi,
8. „viðmiðunargildi“: lágmarks- eða hámarksstig að því er varðar nothæfi vegna mikilvægra eiginleika byggingarvöru,
9. „gerðareintak“: safn nothæfisstiga eða -flokka sem eru dæmigerð með tilliti til mikilvægra eiginleika byggingarvöru, sem framleidd er með tiltekinni samsetningu hráefna eða annarra þátta í tilteknu framleiðsluferli,
10. „samhæfðar tækniforskriftir“: samhæfðir staðlar og evrópsk matsskjal,
11. „samhæfður staðall“: staðall sem ein af evrópsku staðlastofnunum sem tilgreindar eru í I. viðauka við tilskipun 98/34/EB hefur tekið upp á grundvelli beiðni frá framkvæmdastjórninni í samræmi við 6. gr. þeirrar tilskipunar,
12. „evrópskt matsskjal“: skjal sem samþykkt er af samtökum tæknimatsstofnana í þeim tilgangi að gefa út evrópskt tæknimat,
13. „evrópskt tæknimat“: skjalfest mat á nothæfi byggingarvöru með tilliti til mikilvægra eiginleika hennar í samræmi við viðkomandi evrópskt matsskjal,
14. „áformuð not“: áformuð not byggingarvöru eins og þau eru skilgreind í gildandi samhæfðri tækniforskrift,
15. „sértæk tæknigögn“: gögn sem sýna að aðferðum í viðeigandi kerfi fyrir mat á nothæfi og sannpröfun á stöðugleika þess hafi verið skipt út fyrir aðrar aðferðir, með þeim skilyrðum að niðurstöðurnar sem fengnar eru með þeim aðferðum séu jafngildar þeim niðurstöðum sem fást með prófunaraðferðunum í samsvarandi samhæfðum staðli,
16. „að bjóða fram á markaði“: öll afhending byggingarvöru til dreifingar eða notkunar á markaði Sambandsins á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,
17. „setning á markað“: það að byggingarvara er boðin fram í fyrsta sinn á markaði Sambandsins,
18. „rekstraraðili“: framleiðandi, innflytjandi, dreifandi eða viðurkenndur fulltrúi,
19. „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir byggingarvöru eða lætur hanna eða framleiða slíka vöru og markaðssetur vöruna undir eigin nafni eða eigin vörumerki,
20. „dreifandi“: einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem býður byggingarvöru fram á markaði,
21. „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu innan Sambandsins sem setur byggingarvöru frá þriðja landi á markað Sambandsins,
22. „viðurkenndur fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem hefur skriflegt umboð frá framleiðandanum til að koma fram fyrir hans hönd í tengslum við tilgreind verkefni,
23. „vara tekin af markaði“: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að byggingarvara í aðfangakeðjunni sé boðin fram á markaði,
24. „innköllun“: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að byggingarvöru, sem þegar er aðgengileg endanlegum notanda, sé skilað til baka,
25. „faggilding“: eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 765/2008,
26. „framleiðslustýring verksmiðju“: skjalfest og stöðug innri framleiðslustýring í verksmiðju í samræmi við viðkomandi samhæfðar tækniforskriftir,
27. „örfyrirtæki“: örfyrirtæki eins og þau eru skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá

6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum<sup>(14)</sup>,

28. „vistferill“: samfelld og samtengd stig á ferli byggingarvöru frá öflun hráefna eða framleiðslu þeirra úr náttúruauðlindum til endanlegrar förgunar.

3. gr.

#### **Grunnkröfur um mannvirki og mikilvægir eiginleikar byggingarvara**

1. Grunnkröfurnar um mannvirki sem settar eru fram í I. viðauka skulu vera grundvöllur fyrir undirbúningi á stöðlunarumboðum og samhæfðum tækniforskriftum.
2. Mæla skal fyrir um mikilvæga eiginleika byggingarvara í samhæfðum tækniforskriftum í tengslum við grunnkröfurnar um mannvirki.
3. Fyrir tiltekna flokka byggingarvara, sem falla undir samhæfðan staðal, skal framkvæmdastjórnin ákvarða, með framseldum gerðum í samræmi við 60. gr., eftir því sem við á og í tengslum við áformuð notvörunnar eins og þau eru skilgreind í samhæfðum stöðlum, þá mikilvægu eiginleika sem framleiðandinn á að tilgreina nothæfi vörunnar fyrir þegar hún er sett á markað.

Eftir því sem við á skal framkvæmdastjórnin einnig ákvarða, með framseldum gerðum í samræmi við 60. gr., viðmiðunargildi fyrir nothæfi að því er varðar þá mikilvægu eiginleika sem á að tilgreina.

#### **II. KAFLI**

#### **YFIRLÝSING UM NOTHÆFI OG CE-MERKING**

4. gr.

##### **Yfirlýsing um nothæfi**

1. Ef byggingarvara fellur undir samhæfðan staðal eða samræmist evrópsku tæknimati sem hefur verið gefið út fyrir hana skal framleiðandi gera yfirlýsingu um nothæfi þegar varan er sett á markað.
2. Ef byggingarvara fellur undir samhæfðan staðal, eða samræmist evrópsku tæknimati sem hefur verið gefið út fyrir hana, má aðeins veita upplýsingar um nothæfi hennar að því er varðar þá mikilvægu eiginleika hennar sem skilgreindir eru í gildandi sam-

hæfðri tækniforskrift ef þær koma fram og eru tilgreindar í yfirlýsingu um nothæfi nema yfirlýsing um nothæfi hafi ekki verið gerð í samræmi við 5. gr.

3. Með samningu yfirlýsingar um nothæfi skal framleiðandinn taka á sig ábyrgð á samræmi byggingarvörunnar við tilgreint nothæfi. Ef annað kemur ekki fram skulu aðildarríki gera ráð fyrir því að yfirlýsing framleiðanda um nothæfi sé nákvæm og áreiðanleg.

5. gr.

##### **Undanþágur frá gerð yfirlýsingar um nothæfi**

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. og ef ekki liggja fyrir Sambandsákvæði eða ákvæði aðildarríkjanna þar sem krafist er yfirlýsingar um mikilvæga eiginleika, þar sem fyrirhugað er að nota byggingarvörunnar, getur framleiðandi látið það ógert að gera yfirlýsingu um nothæfi þegar hann setur á markað byggingarvöru sem fellur undir samhæfðan staðal ef:

- a) byggingarvaran er framleidd í stykkjatali eða sérsmíðuð eftir sérstakri pöntun, og ekki er um raðframleiðslu að ræða, og hún sett upp í einu tilteknu mannvirki af framleiðanda, sem ber ábyrgð á öruggri ísetningu vörunnar í mannvirkið, í samræmi við gildandi landsreglur og á ábyrgð þeirra aðila sem bera ábyrgð á öruggri framkvæmd verksins og viðurkenndir til þess samkvæmt viðeigandi landsreglum,
- b) byggingarvaran er framleidd á byggingarsvæðinu til ísetningar í viðkomandi mannvirki í samræmi við gildandi landsreglur og á ábyrgð þeirra sem bera ábyrgð á öruggri framkvæmd verksins og eru viðurkenndir til þess samkvæmt viðeigandi landsreglum, eða
- c) byggingarvaran er framleidd með hefðbundnum hætti, eða á þann hátt sem er viðeigandi fyrir varðveislu menningararfleifðar, og ekki er um iðnaðarframleiðslu að ræða, í því skyni að endurnýja með fullnægjandi hætti mannvirki sem njóta opinberrar verndar sem hluti af tilgreindu umhverfi eða vegna sérstaks byggingarlistarlegs eða sögulegs gildis í samræmi við gildandi landsreglur.

6. gr.

##### **Innihald yfirlýsingar um nothæfi**

1. Yfirlýsing um nothæfi skal lýsa nothæfi byggingarvara í tengslum við mikilvæga eiginleika þeirra í samræmi við viðkomandi samhæfðar tækniforskriftir.

<sup>(14)</sup>Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.



2. Yfirlýsingin um nothæfi skal einkum innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a) tilvísun í gerðareintakið sem yfirlýsingin um nothæfi hefur verið gerð fyrir,
- b) kerfið eða kerfin til að meta nothæfi byggingarvöru og sannprófa stöðugleika þess, sbr. V. viðauka,
- c) tilvísunarnúmer og útgáfudagur samhæfða staðalsins eða evrópska tæknimatsins sem hefur verið notað við mat á öllum mikilvægum eiginleikum,
- d) eftir atvikum, tilvísunarnúmer sértækra tæknigagna sem notuð eru og kröfurnar sem framleiðandi fullyrðir að varan sé í samræmi við.

3. Yfirlýsingin um nothæfi skal að auki innihalda:

- a) áformuð not byggingarvörunnar í samræmi við viðeigandi samhæfða tækniforskrift,
- b) skrá yfir mikilvæga eiginleika, eins og þeir eru ákvarðaðir í samhæfðu tækniforskriftinni fyrir tilgreind, áformuð not,
- c) nothæfi minnst eins af mikilvægum eiginleikum byggingarvörunnar sem skiptir máli fyrir tilgreind, áformuð not,
- d) eftir atvikum, nothæfi byggingarvörunnar, gefið upp í stigum eða flokkum, eða í lýsingu, ef þörf krefur á grundvelli útreikninga í tengslum við mikilvæga eiginleika hennar sem ákvarðaðir eru í samræmi við 3. mgr. 3. gr.,
- e) nothæfi þeirra mikilvægu eiginleika byggingarvörunnar sem tengjast áformuðum notum, að teknu tilliti til ákvæða í tengslum við áformuð not á því svæði þar sem framleiðandinn hyggst bjóða vöruna fram á markaði,
- f) fyrir skráða mikilvæga eiginleika, sem ekki er gerð yfirlýsing um nothæfi fyrir, skal nota stafina „NPD“ (e. *No Performance Determined* – ekkert nothæfisstig ákvarðað),
- g) ef evrópskt tæknimat hefur verið gefið út fyrir vöruna, nothæfi byggingarvörunnar gefið upp í stigum eða flokkum, eða í lýsingu, í tengslum við alla mikilvæga eiginleika sem eru tilgreindir í samsvarandi evrópsku tæknimati.

4. Yfirlýsingin um nothæfi skal gerð í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í III. viðauka.

5. Upplýsingarnar sem um getur í 31. gr. eða, eftir því sem við á, 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skulu veittar ásamt yfirlýsingunni um nothæfi.

7. gr.

#### Yfirlýsing um nothæfi lögð fram

1. Afrit af yfirlýsingu um nothæfi hvorrar vöru sem boðin er fram á markaði skal lagt fram annaðhvort á pappír eða með rafrænum hætti.

Ef hins vegar ein framleiðslulota af sömu vöru er afhent einum notanda má eitt eintak af yfirlýsingunni um nothæfi fylgja með henni, annaðhvort á pappír eða með rafrænum hætti.

2. Ef viðtakandi fer fram á það skal eintak af yfirlýsingunni um nothæfi afhent á pappír.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er heimilt að gera eintak af yfirlýsingunni um nothæfi aðgengilegt á vefsetri í samræmi við skilyrði sem framkvæmdastjórnin setur fram í framseldum gerðum í samræmi við 60. gr. Slik skilyrði skulu m.a. tryggja að yfirlýsingin um nothæfi sé aðgengileg a.m.k. þann tíma sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

4. Yfirlýsingin um nothæfi skal lögð fram á því tungumáli eða þeim tungumálum sem krafist er af aðildarríkinu þar sem varan er boðin fram.

8. gr.

#### Almennar meginreglur og notkun CE-merkja

1. Almennu meginreglurnar sem settar eru fram í 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 gilda um CE-merkið.

2. Festa skal CE-merkið á þær byggingarvörur sem framleiðandinn hefur gert yfirlýsingu um nothæfi fyrir í samræmi við 4. og 6. gr.

Ef framleiðandi hefur ekki gert yfirlýsingu um nothæfi í samræmi við 4. og 6. gr. skal CE-merkið ekki fest á vöruna.

Með því að festa eða hafa fest CE-merkið á byggingarvöru gefa framleiðendur til kynna að þeir beri ábyrgð á því að hún samræmist tilgreindu nothæfi og öllum gildandi kröfum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og í öðrum viðeigandi samræmingarlöggjöfum Sambandsins þar sem kveðið er á um áfestingu merkisins á vöruna.

Reglur um áfestingu CE-merkisins á vöruna sem kveðið er á um í öðrum viðeigandi samræmingarlöggjöfum Sambandsins gilda með fyrirvara um þessa málsgrein.

3. Fyrir allar byggingarvörur sem falla undir samhæfðan staðal, eða sem evrópskt tæknimat hefur verið gefið út fyrir, skal CE-merkið vera eina merkingin

sem staðfestir samræmi byggingarvörunnar við tilgreint nothæfi að því er varðar mikilvæga eiginleika sem falla undir samhæfða staðalinn eða evrópska tæknimatið.

Í þessu tilliti skulu aðildarríkin ekki taka upp aðrar tilvísanir en CE-merkið og skulu draga til baka allar tilvísanir í ráðstafanir aðildarríkis í aðrar merkingar sem staðfesta samræmi við tilgreint nothæfi að því er varðar mikilvæga eiginleika sem falla undir samhæfðan staðal.

4. Aðildarríki skulu ekki banna eða hindra að byggingarvörur sem bera CE-merkið séu boðnar fram á markaði eða notaðar á yfirráðasvæði þeirra eða þar sem það ber ábyrgð ef tilgreint nothæfi uppfyllir kröfur um slíka notkun í aðildarríkinu.

5. Aðildarríki skulu sjá til þess að notkun byggingarvara sem bera CE-merkið sé ekki hindruð með reglum eða skilyrðum sem sett eru af opinberum aðilum eða einkaaðilum, sem starfa sem opinbert fyrirtæki eða starfa sem opinber aðili á grundvelli einokunarstöðu eða samkvæmt opinberu umboði, ef tilgreint nothæfi uppfyllir kröfur um slíka notkun í aðildarríkinu.

6. Aðferðirnar sem aðildarríkin nota í kröfum sínum fyrir mannvirki skulu, eins og aðrar landsreglur sem varða mikilvæga eiginleika byggingarvara, vera í samræmi við samhæfða staðla.

*9. gr.*

#### **Reglur og skilyrði fyrir áfestingu CE-merkisins**

1. Festa skal CE-merkið á byggingarvöruna, eða áfestan merkimiða, þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og óafmáanlegt. Ef því verður ekki komið við eða það er ástæðulaust vegna eðlis vörunnar skal festa merkið á umbúðir vörunnar eða fylgiskjöl hennar.

2. Á eftir CE-merkinu skulu koma síðustu tveir tölustafirnir í árinu þegar það var fyrst fest á, nafn og skráð heimilisfang framleiðanda eða auðkennismerki sem gerir kleift að auðkenna nafn og heimilisfang framleiðanda auðveldlega og án nokkurrar tvíræðni, sérstakur auðkenniskóði gerðareintaksins, tilvísunarnúmer yfirlýsingar um nothæfi, stig eða flokkur tilgreinds nothæfis, tilvísun í samhæfðu tækniforskriftina sem er notuð, auðkenniskóði tilkynnts aðila, ef við á, og áformuð not eins og mælt er fyrir um í samhæfðu tækniforskriftinni sem notuð er.

3. CE-merkið skal fest á áður en byggingarvaran er sett á markað. Merkingunni má fylgja tákmynd eða

annað merki sem gefur einkum til kynna sérstaka áhættu eða notkun.

*10. gr.*

#### **Vörutengiliðir fyrir byggingariðnaðinn**

1. Aðildarríki skulu tilnefna vörutengilið fyrir byggingariðnaðinn skv. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 764/2008.

2. Ákvæði 10. og 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 764/2008 skulu gilda um vörutengiliði fyrir byggingariðnaðinn.

3. Að því er varðar verkefnið sem skilgreind eru í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 764/2008 skulu öll aðildarríki sjá til þess að vörutengiliðir fyrir byggingariðnaðinn veiti gagnsæjar og auðskiljanlegar upplýsingar um ákvæðin á yfirráðasvæði sínu sem miða að því að uppfylla grunnkröfur um mannvirki sem gilda um áformuð not einstakra byggingarvara, eins og kveðið er á um í e-lið 3. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar.

4. Vörutengiliðir fyrir byggingariðnaðinn skulu geta rækt störf sín þannig að ekki komi til hagsmunarárekstra, einkum að því er varðar málsmeðferðina við að fá CE-merkið.

### **III. KAFLI**

#### **SKYLDUR REKSTRARADILA**

*11. gr.*

#### **Skyldur framleiðenda**

1. Framleiðendur skulu gera yfirlýsingu um nothæfi í samræmi við 4. og 6. gr. og festa CE-merkið á í samræmi við 8. og 9. gr.

Sem grunnur að yfirlýsingu um nothæfi skulu framleiðendur útbúa tæknigögn sem lýsa öllum viðeigandi þáttum sem tengjast kerfinu sem krafist er til að meta nothæfi og sannprófa stöðugleika þess.

2. Framleiðendur skulu varðveita tæknigögnin og yfirlýsinguna um nothæfi í tíu ár eftir að byggingarvaran hefur verið sett á markað.

Eftir því sem við á, getur framkvæmdastjórnin, með framseldum gerðum í samræmi við 60. gr., breytt því tímabili fyrir tiltekna flokka byggingarvara á grundvelli væntanlegs endingartíma eða mikilvægi byggingarvörunnar í mannvirkjunum.

3. Framleiðendur skulu tryggja að málsmeðferð sé til staðar til að tryggja að tilgreindu nothæfi sé viðhaldið í raðframleiðslu. Taka skal fullnægjandi tillit

til breytinga á gerðareintakinu og á gildandi sam-  
hæfðum tækniforskriftum.

Ef það er talið viðeigandi í því skyni að tryggja ná-  
kvæmni, áreiðanleika og stöðugleika tilgreinds not-  
hæfis byggingarvöru skulu framleiðendur fram-  
kvæma úrtaksprófanir á byggingarvörum, sem eru  
settar eða boðnar fram á markaði, rannsaka og, ef  
nauðsyn krefur, halda skrá yfir kvartanir, vörur sem  
uppfylla ekki kröfur og innköllun vara og upplýsa  
dreifendur um slíka vöktun.

4. Framleiðendur skulu tryggja að á byggingar-  
vörum þeirra sé gerðar-, framleiðslueiningar- eða  
raðnúmer eða annað sem gerir kleift að bera kennsl  
á vörurnar eða, ef það er ekki hægt vegna stærðar  
eða eðlis vöru, að tilskildar upplýsingar séu veittar á  
umbúðunum eða í skjali sem fylgir byggingarvör-  
unni.

5. Framleiðendur skulu tilgreina á byggingarvör-  
unni eða, ef það er ekki hægt, á umbúðum hennar  
eða í fylgiskjali, nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða  
skráð vörumerki og heimilisfangið þar sem hægt er  
að ná í þá. Heimilisfangið skal tilgreina einn stað þar  
sem hægt er að hafa samband við framleiðandann.

6. Þegar byggingarvara er boðin fram á markaði  
skulu framleiðendur sjá til þess að vörunni fylgi leið-  
beiningar og upplýsingar um öryggismál á tungumáli  
sem ákveðið er af hlutaðeigandi aðildarríki og sem  
notendur hafa á valdi sínu.

7. Framleiðendur sem telja eða hafa ástæðu til að  
ætla að byggingarvara sem þeir hafa sett á markað sé  
ekki í samræmi við yfirlýsinguna um nothæfi eða  
ekki í samræmi við aðrar viðkomandi kröfur í þessari  
reglugerð skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úr-  
bóta sem nauðsynlegar eru til að byggingarvaran  
verði í samræmi við kröfur eða, ef við á, til að taka  
hana af markaði eða innkalla. Ef áhætta stafar af vör-  
unni skulu framleiðendur enn fremur tafarlaust upp-  
lýsa lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna þar sem  
byggingarvaran var boðin fram á markaði þar um,  
einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum  
og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

8. Framleiðendur skulu, á grundvelli rökstuddrar  
beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda því allar  
upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna  
fram á að byggingarvaran sé í samræmi við yfirlýs-  
inguna um nothæfi og aðrar viðeigandi kröfur í þess-  
ari reglugerð á tungumáli sem það yfirvald hefur á  
valdi sínu. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfir-  
vald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir

sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af bygg-  
ingarvörum sem þeir hafa sett á markað.

## 12. gr.

### Viðurkenndir fulltrúar

1. Framleiðanda er heimilt að tilnefna viðurkenndan  
fulltrúa með skriflegu umboði.

Gerð tæknigagna er ekki hluti af umboði viður-  
kennds fulltrúa.

2. Viðurkenndur fulltrúi skal inna af hendi þau  
verkefni sem tilgreind eru í umboðinu. Umboðið skal  
a.m.k. veita viðurkennda fulltrúanum heimild til:

- a) að varðveita yfirlýsinguna um nothæfi og tækni-  
gögnin svo þau séu tiltæk fyrir landsbundin eftir-  
litsyfirvöld á því tímabili sem um getur í 2. mgr.  
11. gr.,
- b) að afhenda, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá  
lögbæru landsyfirvaldi, yfirvaldinu allar upplýs-  
ingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna  
fram á að byggingarvara sé í samræmi við yfir-  
lýsinguna um nothæfi og aðrar viðeigandi kröfur  
í þessari reglugerð,
- c) að hafa samvinnu við lögbær landsyfirvöld, að  
beiðni þeirra, að því er varðar allar aðgerðir sem  
beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af bygg-  
ingarvörum sem falla undir umboð viðurkennda  
fulltrúans.

## 13. gr.

### Skyldur innflytjenda

1. Innflytjendur skulu aðeins setja byggingarvörur  
á markað í Sambandinu sem uppfylla viðeigandi  
kröfur þessarar reglugerðar.

2. Áður en byggingarvara er sett á markað skulu  
innflytjendur tryggja að framleiðandi hafi annast mat  
og sannpröfun á stöðugleika nothæfis. Þeir skulu  
 tryggja að framleiðandi hafi útbúið tæknigögnin sem  
um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 11. gr. og yfir-  
lýsinguna um nothæfi í samræmi við 4. og 6. gr. Þeir  
skulu einnig tryggja að varan, ef krafist er, beri CE-  
merkið, að vörunni fylgi þau skjöl sem krafist er og  
að framleiðandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar  
eru fram í 4. og 5. mgr. 11. gr.

Ef innflytjandi telur eða hefur ástæðu til að ætla að  
byggingarvaran sé ekki í samræmi við yfirlýsinguna  
um nothæfi eða sé ekki í samræmi við aðrar viðeig-  
andi kröfur í þessari reglugerð skal innflytjandinn  
ekki setja byggingarvöruna á markað fyrir en hún

samræmist meðfylgjandi yfirlýsingu um nothæfi og öðrum viðeigandi kröfum í þessari reglugerð eða þar til yfirlýsingin um nothæfi hefur verið leiðrétt. Ef áhætta stafar af byggingarvörunni skal innflytjandi enn fremur upplýsa framleiðandann og markaðseftirlitsyfirkvöld þar um.

3. Innflytjendur skulu tilgreina á byggingarvörunni eða, ef það er ekki hægt, á umbúðum hennar eða í fylgiskjali með vörunni, nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfangið þar sem hægt er að ná í þá.

4. Innflytjendur skulu sjá til þess þegar byggingarvara er boðin fram á markaði að vörunni fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál á tungumáli sem ákveðið er af hlutaðeigandi aðildarríki og sem notendur hafa á valdi sínu.

5. Innflytjendur skulu tryggja að á meðan byggingarvara er á þeirra ábyrgð tefli geymslu- eða flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi hennar við yfirlýsinguna um nothæfi og aðrar viðeigandi kröfur í þessari reglugerð.

6. Ef það er talið viðeigandi í því skyni að tryggja nákvæmni, áreiðanleika og stöðugleika tilgreinds nothæfis byggingarvöru skulu innflytjendur framkvæma úrtaksprófanir á byggingarvörum sem eru settar eða boðnar fram á markaði, rannsaka og, ef þörf er á, halda skrá yfir kvartanir, yfir vörur sem uppfylla ekki kröfur og yfir innköllun vara, og skulu upplýsa dreifendur um slíka vöktun.

7. Innflytjendur sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að byggingarvara sem þeir hafa sett á markað sé ekki í samræmi við yfirlýsingu um nothæfi eða ekki í samræmi við aðrar viðkomandi kröfur í þessari reglugerð skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem nauðsynlegar eru til að byggingarvaran verði í samræmi við kröfur eða, ef við á, til að taka hana af markaði eða innkalla. Ef áhætta stafar af vörunni skulu innflytjendur enn fremur tafarlaust upplýsa lögbær landsyfirkvöld aðildarríkjanna þar sem byggingarvaran var boðin fram á markaði þar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

8. Innflytjendur skulu, í þann tíma sem tilgreindur er í 2. mgr. 11. gr., varðveita afrit af yfirlýsingunni um nothæfi og hafa hana tiltæka fyrir markaðseftirlitsyfirkvöld og tryggja að þessi yfirkvöld geti haft aðgang að tæknigögnunum, sé þess óskað.

9. Innflytjendur skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirkvaldi, afhenda yfirkvaldinu allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til

að sýna fram á að byggingarvaran sé í samræmi við yfirlýsinguna um nothæfi og aðrar viðeigandi kröfur í þessari reglugerð, á tungumáli sem það yfirkvald hefur á valdi sínu. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirkvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af byggingarvörum sem þeir hafa sett á markað.

14. gr.

#### Skyldur dreifenda

1. Þegar byggingarvara er boðin fram á markaði skulu dreifendur gæta þess vandlega að varan sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar.

2. Áður en byggingarvara er boðin fram á markaði skulu dreifendur sjá til þess að varan beri CE-merkið, sé þess krafist, og að henni fylgi þau gögn sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð ásamt leiðbeiningum og upplýsingum um öryggismál á tungumáli sem ákveðið er af hlutaðeigandi aðildarríki og sem notendur hafa á valdi sínu. Dreifendur skulu einnig tryggja að framleiðandinn og innflytjandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í 4. og 5. mgr. 11. gr. annars vegar og 3. mgr. 13. gr. hins vegar.

Ef dreifandi telur eða hefur ástæðu til að ætla að byggingarvara sé ekki í samræmi við yfirlýsinguna um nothæfi eða aðrar viðeigandi kröfur í þessari reglugerð skal dreifandinn ekki bjóða vöruna fram á markaði fyrr en hún samræmist meðfylgjandi yfirlýsingu um nothæfi og öðrum viðeigandi kröfum í þessari reglugerð eða þar til yfirlýsingin um nothæfi hefur verið leiðrétt. Ef áhætta stafar af vörunni skal dreifandinn enn fremur upplýsa framleiðandann eða innflytjandann sem og markaðseftirlitsyfirkvöld þar um.

3. Dreifendur skulu tryggja að á meðan byggingarvara er á þeirra ábyrgð tefli geymslu- eða flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi hennar við yfirlýsinguna um nothæfi og aðrar viðeigandi kröfur í þessari reglugerð.

4. Dreifendur sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að byggingarvara, sem þeir hafa boðið fram á markaði, sé ekki í samræmi við yfirlýsinguna um nothæfi eða aðrar viðkomandi kröfur í þessari reglugerð skulu ganga úr skugga um að gerðar séu þær ráðstafanir til úrbóta sem nauðsynlegar eru til að varan verði í samræmi við kröfur, til að taka hana af markaði eða innkalla, eftir því sem við á. Ef áhætta stafar af vörunni skulu dreifendur enn fremur tafarlaust upplýsa lögbær landsyfirkvöld aðildarríkjanna þar sem varan var boðin fram á markaði þar um, einkum

um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

5. Dreifendur skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi byggingarvöru við yfirlýsinguna um nothæfi og aðrar viðeigandi kröfur í þessari reglugerð, á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af byggingarvörum sem þeir hafa boðið fram á markaði.

15. gr.

#### Tilvik þar sem skyldur framleiðenda gilda um innflytjendur og dreifendur

Í skilningi þessarar reglugerðar telst innflytjandi eða dreifandi vera framleiðandi og skal hann gegna sömu skyldum og framleiðandi skv. 11. gr. þegar hann setur vöru á markað undir eigin nafni eða eigin vörumerki eða gerir breytingar á byggingarvöru, sem þegar hefur verið sett á markað, þannig að breytingarnar kunni að hafa áhrif á samræmi við yfirlýsinguna um nothæfi.

16. gr.

#### Rekstraraðilar tilgreindir

Að ósk markaðseftirlitsyfirvalda og á því tímabili sem um getur í 2. mgr. 11. gr. skulu rekstraraðilar greina þeim frá eftirfarandi:

- öllum rekstraraðilum sem hafa afhent þeim vöru,
- öllum rekstraraðilum sem þeir hafa afhent vöru.

#### IV. KAFLI

### SAMHÆFÐAR TÆKNIFORSKRIFTIR

17. gr.

#### Samhæfðir staðlar

1. Evrópskar staðlastofnanir, sem skráðar eru í I. viðauka við tilskipun 98/34/EB, skulu semja samhæfða staðla samkvæmt beiðni (hér á eftir nefnd „umboð“) sem framkvæmdastjórnin gefur út í samræmi við 6. gr. þeirrar tilskipunar að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál sem um getur í 64. gr. þessarar reglugerðar (hér á eftir nefnd „fastanefndin um byggingarmál“).

2. Ef hagsmunaaðilar taka þátt í þróun samhæfðra staðla samkvæmt þessari grein skulu evrópskar staðlastofnanir sjá til þess að hinir ýmsu hópar hags-

munaaðila njóti í öllum tilvikum fyrirsvars með sanngjörnum og réttmætum hætti.

3. Í samhæfðum stöðlum skal kveðið á um aðferðir og viðmiðanir við mat á nothæfi byggingarvara í tengslum við mikilvæga eiginleika þeirra.

Ef kveðið er á um það í viðkomandi umboði skal samhæfður staðall vísa til áformaðra nota þeirra vara sem falla undir staðalinn.

Samhæfðir staðlar skulu, eftir því sem við á og án þess að stofna nákvæmni, áreiðanleika eða stöðugleika niðurstaðnanna í hættu, innihalda aðferðir sem eru kostnaðarminni og prófanir til að meta nothæfi byggingarvara í tengslum við mikilvæga eiginleika þeirra.

4. Evrópsku staðlastofnanirnar skulu ákvarða viðeigandi framleiðslustýringu í verksmiðju í samhæfðum stöðlum þar sem tillit skal tekið til sérstakra skilyrða framleiðsluferlis viðkomandi byggingarvöru.

Samhæfðu staðlarnir skulu innihalda tæknilegar upplýsingar sem eru nauðsynlegar við innleiðingu kerfis fyrir mat á nothæfi og sannpröfun á stöðugleika þess.

5. Framkvæmdastjórnin skal meta hvort samhæfðu staðlarnir, sem evrópsku staðlastofnanirnar hafa samið, séu í samræmi við viðkomandi umboð.

Framkvæmdastjórnin skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* skrá yfir tilvísanir í samhæfða staðla sem eru í samræmi við viðkomandi umboð.

Fyrir hvern samhæfðan staðal í skránni skulu eftirfarandi atriði tilgreind:

- tilvísanir í samhæfðar tækniforskriftir sem leystar eru af hólmi, ef einhverjar,
- upphafsdagsetning samhliða gildistímabils,
- lokadagsetning samhliða gildistímabils.

Framkvæmdastjórnin skal birta allar uppfærslur á þeirri skrá.

Frá upphafsdagsetningu samhliða gildistímabilsins skal vera unnt að nota samhæfðan staðal til að gera yfirlýsingu um nothæfi fyrir byggingarvöru sem fellur undir hann. Landsbundnum staðlastofnunum ber skylda til að innleiða samhæfðu staðlana í samræmi við tilskipun 98/34/EB.

Með fyrirvara um 36. til 38. gr. skal samhæfði staðallinn, frá lokadagsetningu samhliða gildistímans, vera eina aðferðin sem notuð er til að gera yfirlýsingu um nothæfi byggingarvöru, sem fellur undir þennan staðal.

Í lok samhliða gildistímabilsins skal fella ósamrýmanlega landsstaðla úr gildi og aðildarríki skulu fella úr gildi öll ósamrýmanleg ákvæði landslaga.

18. gr.

#### Formleg andmæli gegn samhæfðum stöðlum

1. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin telur að samhæfður staðall fullnægi ekki að öllu leyti kröfunum sem settar eru fram í viðkomandi umboði skal hlutaðeigandi aðildarríki eða framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál, leggja málið fyrir nefndina sem komið var á fót með 5. gr. tilskipunar 98/34/EB og greina frá ástæðunum fyrir því. Nefndin skal, að höfðu samráði við viðkomandi evrópskar staðlastofnanir, skila álitinu á tafar.

2. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli álits nefndarinnar sem komið var á fót með 5. gr. tilskipunar 98/34/EB, ákveða að birta, birta ekki, birta með takmörkunum, viðhalda, viðhalda með takmörkunum eða draga til baka tilvísanir í viðkomandi samhæfðan staðal í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. Framkvæmdastjórnin skal veita viðkomandi evrópski staðlastofnun upplýsingar um ákvörðun sína og, ef nauðsyn krefur, óska eftir endurskoðun á viðkomandi samhæfðum staðli.

19. gr.

#### Evrópskt matsskjal

1. Að fenginni beiðni um evrópskt tæknimat frá framleiðanda skulu samtök tæknimatsstofnana gera og samþykkja evrópskt matsskjal fyrir allar byggingarvörur, sem ekki falla undir eða falla ekki að fullu undir samhæfðan staðal, sem ekki er hægt að meta að fullu nothæfi fyrir í tengslum við mikilvæga eiginleika samkvæmt gildandi samhæfðum staðli, m.a. vegna þess:

- að varan fellur ekki undir gildissvið fyrirbyggjandi samhæfðra staðla,
  - að matsaðferðin sem kveðið er á um í samhæfða staðlinum er ekki viðeigandi fyrir a.m.k. einn mikilvægan eiginleika vörunnar eða
  - að í samhæfða staðlinum er ekki kveðið á um neina matsaðferð í tengslum við a.m.k. einn mikilvægan eiginleika vörunnar.
2. Við málsmeðferð til samþykktar evrópska matsskjalsins skal tillit tekið til meginreglnanna sem settar eru fram í 20. gr. og skal hún vera í samræmi við 21. gr. og II. viðauka.

3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framseldar gerðir í samræmi við 60. gr. til að breyta II. viðauka og setja viðbótarreglur um málsmeðferð fyrir þróun og samþykkt evrópsks matsskjals.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á og að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál, taka fyrirbyggjandi evrópsk matsskjöl til grundvallar umboðunum sem gefa á út skv. 1. mgr. 17. gr. í því skyni að þróa samhæfða staðla að því er varðar vörurnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

20. gr.

#### Meginreglur um þróun og samþykkt evrópskra matsskjala

1. Málsmeðferðin fyrir þróun og samþykkt evrópskra matsskjala skal:

- vera gagnsæ fyrir viðkomandi framleiðanda,
- skilgreina viðeigandi skyldubundin tímamörk í því skyni að komast hjá ótilhlýðilegum töfum,
- taka tilhlýðilegt tillit til verndunar viðskiptaleyndar og trúnaðarkvaða,
- gera ráð fyrir fullnægjandi þátttöku framkvæmdastjórnarinnar,
- vera kostnaðarhagkvæm fyrir framleiðandann og
- tryggja fullnægjandi samvinnu og samræmingu á milli tæknimatsstofnana sem tilnefndar eru fyrir viðkomandi vöru.

2. Tæknimatsstofnanir skulu, ásamt samtökum tæknimatsstofnana, bera allan kostnað við þróun og samþykkt evrópskra matsskjala.

21. gr.

#### Skyldur tæknimatsstofnunarinnar sem tekur við beiðni um evrópskt tæknimat

1. Tæknimatsstofnun, sem tekur við beiðni um evrópskt tæknimat, skal tilkynna framleiðandanum um það hvort byggingarvaran falli að fullu eða að hluta til undir samhæfða tækniforskrift með eftirfarandi hætti:

- ef varan fellur að fullu undir samhæfðan staðal skal tæknimatsstofnunin tilkynna framleiðandanum um að ekki sé hægt að gefa út evrópskt tæknimat í samræmi við 1. mgr. 19. gr.,
- ef varan fellur að fullu undir evrópskt matsskjal skal tæknimatsstofnunin tilkynna framleiðandanum um að það skjal verði notað sem grunnur að evrópska tæknimatinu sem gefið verður út,

c) ef varan fellur ekki, eða fellur ekki að fullu, undir neina samhæfða tækniforskrift skal tæknimatsstofnunin beita málsmeðferðinni, sem sett er fram í II. viðauka eða sem komið er á í samræmi við 3. mgr. 19. gr.

2. Í þeim tilvikum sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. skal tæknimatsstofnunin tilkynna samtökum tæknimatsstofnana og framkvæmdastjórninni um efni beiðinnar og um tilvísun í viðkomandi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess, sem tæknimatsstofnunin hyggst nota fyrir vöruna, eða um að slík ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sé ekki til.

3. Ef framkvæmdastjórnin telur að viðeigandi ákvörðun um mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess sé ekki til fyrir byggingarvöruna þá gildir 28. gr.

22. gr.

#### Birting

Evrópsk matsskjöl, sem samþykkt eru af samtökum tæknimatsstofnana, skulu send framkvæmdastjórninni sem á að birta skrá yfir tilvísanir í endanleg evrópsk matsskjöl í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Framkvæmdastjórnin skal birta allar uppfærslur á þeirri skrá.

23. gr.

#### Lausn deilumála ef ágreiningur er á milli tæknimatsstofnana

Ef tæknimatsstofnanir ná ekki samkomulagi um evrópska matsskjalið innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um skulu samtök tæknimatsstofnana leggja málið fyrir framkvæmdastjórnina til viðeigandi úrlausnar.

24. gr.

#### Efni evrópska matsskjalsins

1. Evrópskt matsskjal skal a.m.k. innihalda almenna lýsingu á byggingarvörunni, skrá yfir mikilvæga eiginleika sem skipta máli fyrir not vörunnar, eins og þau eru áformuð af framleiðanda og sem samkomulag ríkir um milli framleiðandans og samtaka tæknimatsstofnana, sem og aðferðir og viðmið við mat á nothæfi vörunnar í tengslum við þessa mikilvægu eiginleika.

2. Evrópska matsskjalið skal innihalda þær meginreglur sem nota á fyrir viðkomandi framleiðslustýr-

ingu í verksmiðju að teknu tilliti til skilyrða vegna framleiðsluferlis byggingarvörunnar sem um er að ræða.

3. Ef hægt er að meta nothæfi sumra mikilvægra eiginleika vörunnar á viðeigandi hátt með aðferðum og viðmiðunum, sem þegar hefur verið komið á í öðrum samhæfðum tækniforskriftum eða í þeim viðmiðunarreglum sem um getur í 3. mgr. 66. gr. eða sem notaðar eru í samræmi við 9. gr. tilskipunar 89/106/EBE fyrir 1. júlí 2013 í tengslum við útgáfu evrópsks tæknisamþykkis, skulu þessar fyrirliggjandi aðferðir og viðmiðanir teknar upp sem hluti af evrópska matsskjalinu.

25. gr.

#### Formleg andmæli gegn evrópskum matsskjölum

1. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin telur að evrópskt matsskjal uppfylli ekki fulllega kröfurnar í tengslum við grunnkröfur um mannvirki sem settar eru fram í I. viðauka skal hlutaðeigandi aðildarríki eða framkvæmdastjórnin leggja málið fyrir fastanefndina um byggingarmál og rökstyðja mál sitt. Fastanefndin um byggingarmál skal, að höfðu samráði við samtök tæknimatsstofnana, skila álitinu án tafar.

2. Framkvæmdastjórnin ákveður, á grundvelli álits fastanefndarinnar um byggingarmál, að birta, birta ekki, birta með takmörkunum, viðhalda, viðhalda með takmörkunum eða draga til baka tilvísanir í viðkomandi evrópsk matsskjöl í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna samtökum tæknimatsstofnana um það og, ef nauðsyn krefur, óska eftir endurskoðun á evrópska matsskjalinu sem um er að ræða.

26. gr.

#### Evrópskt tæknimat

1. Tæknimatsstofnun skal gefa út evrópskt tæknimat að beiðni framleiðanda á grundvelli evrópsks matsskjals sem unnið er í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 21. gr. og II. viðauka.

Að því tilskildu að evrópskt matsskjal liggi fyrir má gefa út evrópskt tæknimat, jafnvel í tilvikum þar sem umboð fyrir samhæfðan staðal hefur verið gefið út. Slík útgáfa skal vera möguleg fram að upphafi samhliða gildistímabilsins eins og það er ákvarðað af framkvæmdastjórninni í samræmi við 5. mgr. 17. gr.

2. Evrópskt tæknimat skal innihalda það nothæfi,

sem tilgreina skal, gefið upp í stigum eða flokkum, eða í lýsingu, í tengslum við þá mikilvægu eiginleika sem samkomulag ríkir um milli framleiðandans og tæknimatsstofnunarinnar sem tekur við beiðninni um evrópskt tæknimat fyrir tilgreind, áformuð not, og tæknilegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess.

3. Til að tryggja samræmda framkvæmd þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að ákvarða framsetningu evrópska tæknimatsins í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 64. gr.

27. gr.

#### **Nothæfisstig eða -flokkar**

1. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framseldar gerðir í samræmi við 60. gr. til að koma á nothæfisflokkum að því er varðar mikilvæga eiginleika byggingarvara.

2. Ef framkvæmdastjórnin hefur ákveðið nothæfisflokka að því er varðar mikilvæga eiginleika byggingarvara skulu evrópskar staðlastofnanir nota þessa flokka í samhæfðum stöðlum. Samtök tæknimatsstofnana skulu, ef við á, nota þessa flokka í evrópskum matsskjölum.

Ef framkvæmdastjórnin hefur ekki ákveðið nothæfisflokka að því er varðar mikilvæga eiginleika byggingarvara geta evrópskar staðlastofnanir ákveðið þá í samhæfðum stöðlum á grundvelli endurskoðaðs umboðs.

3. Ef kveðið er á um það í viðkomandi umboðum skulu evrópskar staðlastofnanir ákveða viðmiðunargildin í samhæfðum stöðlum í tengslum við mikilvæga eiginleika og áformuð not, ef við á, sem byggingarvörur í aðildarríkjunum þurfa að uppfylla.

4. Þegar evrópskar staðlastofnanir hafa ákvarðað nothæfisflokka í samhæfðum staðli skulu samtök tæknimatsstofnana nota þessa flokka í evrópsku matsskjölunum ef þeir eiga við byggingarvöruna.

Ef það telst viðeigandi geta samtök tæknimatsstofnana, með samþykki framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál, ákvarðað nothæfisflokka og viðmiðunargildi í evrópskum matsskjölum í tengslum við mikilvæga eiginleika byggingarvöru hvað varðar not hennar, eins og þau eru áformuð af framleiðandanum.

5. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framseldar gerðir í samræmi við 60. gr. til að ákveða samkvæmt

hvaða skilyrðum byggingarvörur teljast uppfylla tiltekið nothæfisstig eða -flokk án prófana eða án frekari prófana.

Ef framkvæmdastjórnin ákveður ekki slík skilyrði geta evrópskar staðlastofnanir ákveðið þau í samhæfðum stöðlum á grundvelli endurskoðaðs umboðs.

6. Þegar framkvæmdastjórnin hefur ákveðið flokkunarkerfi í samræmi við 1. mgr. geta aðildarríki aðeins ákvarðað hvaða nothæfisstig eða -flokka byggingarvörur eiga að virða í tengslum við mikilvæga eiginleika þeirra í samræmi við þessi flokkunarkerfi.

7. Evrópskar staðlastofnanir og samtök tæknimatsstofnana skulu virða þörf aðildarríkjanna fyrir reglur þegar viðmiðunargildi eða flokkar nothæfis eru ákvarðaðir.

28. gr.

#### **Mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess**

1. Mat á nothæfi byggingarvara í tengslum við mikilvæga eiginleika þeirra og sannprófun á stöðugleika þess skal fara fram í samræmi við eitt af þeim kerfum sem sett eru fram í V. viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin skal ákveða með framseldum gerðum í samræmi við 60. gr., og má endurskoða, hvaða kerfi eigi að nota fyrir tiltekna byggingarvöru eða tiltekna flokka byggingarvara eða tiltekinn mikilvægan eiginleika, einkum með tilliti til áhrifa þess á heilbrigði og öryggi fólks og á umhverfið. Í þessu sambandi skal framkvæmdastjórnin einnig taka mið af skjalfestri reynslu sem landsyfirvöld hafa komið á framfæri að því er varðar markaðseftirlit.

Framkvæmdastjórnin skal velja kerfið eða kerfin sem hafa minnstan kostnað í för með sér og samræmast uppfyllingu allra grunnkrafa um mannvirki.

3. Kerfið eða kerfin sem þannig eru valin skulu tilgreind í umboðunum fyrir samhæfða staðla og í samhæfðum tækniforskriftum.

#### **V. KAFLI**

#### **TÆKNIMATSSTOFNANIR**

29. gr.

#### **Tilnefning, eftirlit og mat á tæknimatsstofnunum**

1. Aðildarríki mega tilnefna tæknimatsstofnanir á yfirlýðingum sínum, einkum fyrir eitt eða fleiri vörusvið sem skráð eru í töflu 1 í IV. viðauka.



Aðildarríki, sem hafa tilnefnt tæknimatsstofnun, skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um nafn hennar og heimilisfang og vörusviðið sem tæknimatsstofnunin er tilnefnd fyrir.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera skrá yfir tæknimatsstofnanir aðgengilegar öllum með rafrænum hætti og tiltaka vörusviðin sem þær eru tilnefndar fyrir og leitast við að ná mesta mögulega gagnsæi.

Framkvæmdastjórnin skal gera allar uppfærslur á skránni aðgengilegar öllum.

3. Aðildarríki skulu fylgjast með starfsemi og hæfi þeirra tæknimatsstofnana sem þau hafa tilnefnt og meta þær í tengslum við viðkomandi kröfur sem settar eru fram í töflu 2 í IV. viðauka.

Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um þá málsmeðferð sem þau beita við tilnefningu tæknimatsstofnana, mat á starfsemi þeirra og hæfi, og um allar breytingar þar á.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja viðmiðunarreglur um framkvæmd mats á tæknimatsstofnunum að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál.

30. gr.

#### Kröfur til tæknimatsstofnana

1. Tæknimatsstofnun skal framkvæma matið og gefa út evrópskt tæknimat á vörusviði sem hún hefur verið tilnefnd fyrir.

Tæknimatsstofnunin skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í töflu 2 í IV. viðauka innan gildissviðs tilnefningarinnar.

2. Tæknimatsstofnun skal gera skipurit sitt öllum aðgengilegt sem og nöfn þeirra aðila sem fara með ákvarðanatöku fyrir hennar hönd.

3. Ef tæknimatsstofnun uppfyllir ekki lengur kröfurnar sem um getur í 1. mgr. skal aðildarríki draga til baka tilnefningu þeirrar tæknimatsstofnunar fyrir viðkomandi vörusvið og upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um það.

31. gr.

#### Samræming tæknimatsstofnana

1. Tæknimatsstofnanir skulu koma á fót samtökum um tæknimat.

2. Líta ber á samtök tæknimatsstofnana sem stofnun sem vinnur að því að ná fram almennum evrópskum

hagsmunum í skilningi 162. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2342/2002 frá 23. desember 2002 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna <sup>(15)</sup>.

3. Skilgreina má sameiginleg samstarfsmarkmið og stjórnsýsluleg og fjárhagsleg skilyrði í tengslum við styrki sem veittir eru samtökum tæknimatsstofnana í rammisamstarfssamningi sem undirritaður er af framkvæmdastjórninni og samtökunum í samræmi við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna <sup>(16)</sup> (fjárhagsreglugerðin) og reglugerð (EB, KBE) nr. 2342/2002. Evrópuþingið og ráðið skulu upplýst um niðurstöðu úr hvers konar samkomulagi af því tagi.

4. Samtök tæknimatsstofnana skulu framkvæma eftirfarandi verkefni hið minnsta:

- a) skipuleggja samræmingu tæknimatsstofnana og, ef nauðsyn krefur, tryggja samstarf og samráð við aðra hagsmunaaðila,
- b) tryggja að tæknimatsstofnanir skiptist á dæmum um bestu starfsvenjur til að stuðla að aukinni skilvirkni og veita iðnaði betri þjónustu,
- c) samræma beitingu málsmeðferðarinnar sem sett er fram í 21. gr. og í II. viðauka auk þess að veita nauðsynlegan stuðning til að ná því markmiði,
- d) þróa og samþykkja evrópsk matsskjöl,
- e) upplýsa framkvæmdastjórnina um öll vafaatriði í tengslum við gerð evrópskra matsskjala og um alla þætti í tengslum við túlkun málsmeðferðarinnar sem sett er fram í 21. gr. og í II. viðauka og leggja fyrir framkvæmdastjórnina tillögur um endurbætur á grundvelli fenginnar reynslu,
- f) senda framkvæmdastjórninni og aðildarríkinu, sem tilnefndi tæknimatsstofnunina, allar athugasemdir varðandi tæknimatsstofnun sem ekki sinnir verkefnum sínum í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 21. gr. og II. viðauka,
- g) sjá til þess að samþykkt evrópsk matsskjöl og tilvísanir í evrópskt tæknimat séu gerð aðgengileg öllum.

<sup>(15)</sup> Stjtið. EB L 357, 31.12.2002, bls. 1.

<sup>(16)</sup> Stjtið. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.

Samtök tæknimatsstofnana skulu hafa skrifstofu til að framkvæma þessi verkefni.

5. Aðildarríki skulu sjá til þess að tæknimatsstofnanir leggi til fjármagn og mannauð til samtaka tæknimatsstofnana.

32. gr.

### Fjármögnun frá Sambandinu

1. Heimilt er að veita samtökum tæknimatsstofnana fjárstuðning frá Sambandinu vegna framkvæmdar þeirra verkefna sem um getur í 4. mgr. 31. gr.

2. Fjárframlögin, sem úthlutað er til verkefnanna sem sett eru fram í 4. mgr. 31. gr., skal fjárveitingarvaldið ákvarða árlega innan marka gildandi fjárhagsramma.

33. gr.

### Fjármögnunarfyrirkomulag

1. Veita skal samtökum tæknimatsstofnana fjárstuðning frá Sambandinu, án auglýsingar eftir tilögum, til að framkvæma þau verkefni sem um getur í 4. mgr. 31. gr. sem unnt er að veita styrki til í samræmi við fjárhagsreglugerðina.

2. Heimilt er að fjármagna starfsemi skrifstofu samtaka tæknimatsstofnana sem um getur í 4. mgr. 31. gr. á grundvelli rekstrarstyrkja. Ef um er að ræða endurnýjun skulu rekstrarstyrkirnir ekki lækka sjálfkrafa.

3. Í styrkjasamkomulagi má heimila að fastur kostnaður styrkþegans, að hámarki 10% af leyfilegum heildarkostnaði við aðgerðir, falli undir styrkinn, að því undanskildu ef óbeinn kostnaður styrkþegans fellur undir rekstrarstyrk sem fjármagnaður er af fjárlögum Sambandsins.

34. gr.

### Stjórnun og eftirlit

1. Fjárveitingarnar, sem fjárveitingavaldið ákvarðar til að fjármagna verkefni sem sett eru fram í 4. mgr. 31. gr., geta einnig tekið til stjórnunarkostnaðar í tengslum við undirbúning, eftirlit, skoðun, úttekt og mat, sem eru beinlínis nauðsynleg til að ná markmiðum þessarar reglugerðar, einkum starfsemi í tengslum við rannsóknir, fundi, upplýsingar og útgáfu, kostnað í tengslum við upplýsinganet til að skiptast á upplýsingum og allan annan kostnað vegna stjórnunar- og tækniástoðar sem framkvæmdastjórninni er heimilt að nota við gerð og samþykkt evrópskra matsskjala og útgáfu evrópsks tæknimats.

2. Framkvæmdastjórnin skal meta mikilvægi verkefnanna sem um getur í 4. mgr. 31. gr. sem Sambandið fjármagnar í ljósi krafna sem settar eru fram í stefnu og löggjöf Sambandsins og upplýsa Evrópuþingið og ráðið um útkomuna úr því mati eigi síðar en 1. janúar 2017 og á fjögurra ára fresti eftir það.

35. gr.

### Verndun fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja verndun fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins þegar gripið er til aðgerða sem fjármagnaðar eru samkvæmt þessari reglugerð, með fyrirbyggjandi ráðstöfunum gegn svikum, spillingu og annarri ólögmætri starfsemi, með skilvirku eftirliti og með því að endurheimta fjárhæðir, sem greiddar hafa verið á óréttmætan hátt, og, ef í ljós kemur brot á reglum, með viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi, í samræmi við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 2988/95 frá 18. desember 1995 um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna<sup>(17)</sup>, reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum<sup>(18)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 frá 25. maí 1999 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF)<sup>(19)</sup>.

2. Að því er varðar aðgerðir sem eru fjármagnaðar samkvæmt þessari reglugerð, skal hugtakið brot, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 2988/95, merkja hvers kyns brot á ákvæðum laga Sambandsins eða hvers kyns brot á samningsskyldum, vegna athafna eða athafnaleysis rekstraraðila, sem hefur eða getur haft þau áhrif að tefla fjárlögum Sambandsins, eða fjárlögum undir stjórn þess í tvísýnu með óréttmætum útgjaldalið.

3. Í öllum samningum og gerningum, sem rekja má til þessarar reglugerðar, skal kveða á um að framkvæmdastjórnin, eða sá fulltrúi hennar sem hún viðurkennir, annist eftirlit og að endurskoðunarrétturinn annist endurskoðun sem unnt er að framkvæma á staðnum ef nauðsyn krefur.

<sup>(17)</sup> Stjtið. EB L 312, 23.12.1995, bls. 1.

<sup>(18)</sup> Stjtið. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2.

<sup>(19)</sup> Stjtið. EB L 136, 31.5.1999, bls. 1.

## VI. KAFLI

## EINFÖLDUÐ MÁLSMEÐFERÐ

36. gr.

## Notkun viðeigandi tæknigagna

1. Þegar gerðareintak er ákvarðað getur framleiðandi skipt út gerðarprófunum eða gerðarútreikningum fyrir viðeigandi tæknigögn sem sýna fram á:

- a) að fyrir einn eða fleiri af mikilvægum eiginleikum byggingarvörunnar, sem framleiðandi setur á markað, teljist varan ná tilteknu nothæfisstigi eða -flokki án prófana eða útreikninga, eða án frekari prófana eða útreikninga, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í viðkomandi samhæfðum tækniforskriftum eða í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar,
- b) að byggingarvaran, sem fellur undir samhæfðan staðal, sem framleiðandinn setur á markað samsvari gerðareintaki annarrar byggingarvöru sem framleidd er af öðrum framleiðanda og sem hefur þegar verið prófuð í samræmi við viðkomandi samhæfðan staðal. Þegar þessi skilyrði eru uppfyllt hefur framleiðandinn rétt til að tilgreina nothæfi sem samsvarar öllum eða hluta af niðurstöðum úr prófunum á hinni vörunni. Framleiðandi má aðeins nota niðurstöður úr prófun sem annar framleiðandi hefur fengið ef hann hefur fengið leyfi frá þeim framleiðanda sem telst áfram vera ábyrgur fyrir nákvæmni, áreiðanleika og stöðugleika þeirra niðurstaðna, eða
- c) að byggingarvaran, sem fellur undir samhæfða tækniforskrift, sem framleiðandinn setur á markað sé kerfi sem samanstendur af íhlutum sem framleiðandinn setur saman með því að fylgja nákvæmlega ítarlegum leiðbeiningum söluaðila slíks kerfis eða íhlutar þess sem hefur þegar prófað viðkomandi kerfi eða íhlut fyrir einn eða fleiri af mikilvægum eiginleikum þess/hans í samræmi við viðkomandi samhæfða tækniforskrift. Þegar þessi skilyrði eru uppfyllt hefur framleiðandinn rétt til að tilgreina nothæfi sem samsvarar öllum eða hluta af niðurstöðum úr prófunum á því kerfi eða þeim íhlut sem framleiðandinn hefur fengið afhent. Framleiðandi má aðeins nota niðurstöður úr prófun, sem annar framleiðandi eða söluaðili kerfis hefur fengið, með leyfi frá þeim framleiðanda eða söluaðila kerfis, sem mun áfram bera ábyrgð á nákvæmni, áreiðanleika og stöðugleika þessara niðurstaðna.

2. Ef byggingarvaran, sem um getur í 1. mgr., til-

heyrir flokki byggingarvara þar sem viðeigandi kerfi fyrir mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess er kerfi 1+ eða 1, sem sett eru fram í V. viðauka, skulu tilkynntir vottunaraðilar fyrir vöru sem um getur í V. viðauka staðfesta viðeigandi tæknigögn sem um getur í 1. mgr.

37. gr.

## Notkun einfaldaðrar málsmeðferðar í örfyrirtækjum

Örfyrirtæki sem framleiða byggingarvöru sem falla undir samhæfðan staðal geta skipt út ákvörðun gerðareintaks á grundvelli gerðarprófana í samræmi við viðeigandi kerfi 3 og 4, sem sett eru fram í V. viðauka, með því að nota aðrar aðferðir en þær sem eru í viðkomandi samhæfðum staðli. Þessir framleiðendur geta einnig farið með byggingarvöru, sem falla undir kerfi 3, í samræmi við ákvæðin sem gilda um kerfi 4. Ef framleiðandi notar þessa einfölduðu málsmeðferð skal hann sýna fram á að byggingarvaran sé í samræmi við viðkomandi kröfur með sértekum tæknigögnum og sýna fram á jafngildi málsmeðferðarinnar sem notuð er við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í samhæfðum stöðlum.

38. gr.

## Önnur einfölduð málsmeðferð

1. Þegar um er að ræða byggingarvöru sem falla undir samhæfðan staðal og sem framleiddar eru í stykkjatali eða sérsníðaðar eftir sérstakri pöntun í framleiðsluferli sem ekki telst raðframleiðsla og þær settar upp í einu tilteknu mannvirki, má framleiðandi skipta út nothæfismati viðkomandi kerfis, sem sett er fram í V. viðauka, fyrir sértæk tæknigögn sem sýna fram á samræmi vörunnar við viðkomandi kröfur og jafngildi málsmeðferðarreglnanna sem eru notaðar við málsmeðferðarreglur sem mælt er fyrir um í samhæfðum stöðlum.

2. Ef byggingarvaran, sem um getur í 1. mgr., tilheyrir flokki byggingarvara þar sem viðeigandi kerfi fyrir mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess er kerfi 1+ eða 1, sem sett eru fram í V. viðauka, skal tilkynntur vottunaraðili fyrir vöru, sem um getur í V. viðauka, staðfesta sértæku tæknigögnin.

VII. KAFLI  
**TILKYNNINGARYFIRVÖLD OG  
 TILKYNNTIR AÐILAR**

39. gr.

**Tilkynning**

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um aðila sem hafa heimild til að framkvæma verkefni þriðja aðila við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess samkvæmt þessari reglugerð (hér á eftir nefndir „tilkynntir aðilar“).

40. gr.

**Tilkynningaryfirvöld**

1. Aðildarríki skulu tilnefna tilkynningaryfirvald sem ber ábyrgð á því að koma á fót og framfylgja nauðsynlegri málsmeðferð til að meta og tilkynna um aðila sem er heimilað að framkvæma verkefni þriðja aðila við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess samkvæmt þessari reglugerð og vakta tilkynnta aðila, þ.m.t. hvort þeir fari að 43. gr.

2. Aðildarríki geta ákveðið að faggildingarstofnun í aðildarríki, í skilningi og í samræmi við reglugerð (EB) nr. 765/2008, annist matið og vöktunina sem um getur í 1. mgr.

3. Ef tilkynningaryfirvaldið úthlutar mati, tilkynningu eða vöktun, sem um getur í 1. mgr., til annars aðila sem er ekki stjórnvald eða felur það slíkum aðila með öðrum hætti skal þessi aðili vera lögaðili og skal að breyttu breytanda fara að kröfunum sem mælt er fyrir um í 41. gr. Að auki skal aðilinn gera ráðstafanir til að standa straum af bótaábyrgð sem skapast getur af starfsemi hans.

4. Tilkynningaryfirvaldið skal bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem aðilinn, sem um getur í 3. mgr., framkvæmir.

41. gr.

**Kröfur til tilkynningaryfirvalda**

1. Tilkynningaryfirvaldinu skal komið á fót með þeim hætti að engir hagsmunaárekstrar við tilkynnta aðila eigi sér stað.

2. Tilkynningaryfirvaldið skal skipulagt og starfrækt þannig að það standi vörð um hlutlægni og óhlutrægni starfseminnar.

3. Tilkynningaryfirvaldið skal skipulagt þannig að allar ákvarðanir að því er varðar tilkynningar um

aðila, sem veita skal heimild til að framkvæma verkefni þriðja aðila í tengslum við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess, séu teknar af lögbærum einstaklingum öðrum en þeim sem framkvæmdu matið.

4. Tilkynningaryfirvaldið skal ekki bjóða eða sinna neinni starfsemi sem tilkynntir aðilar annast, eða sinna ráðgjafarþjónustu á viðskipta- eða samkeppnisgrundvelli.

5. Tilkynningaryfirvaldið skal tryggja að upplýsingar sem það fær séu meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

6. Tilkynningaryfirvaldið skal hafa yfir að ráða nægilegum fjölda hæfra starfsmanna til að sinna verkefnum sínum á viðeigandi hátt.

42. gr.

**Upplýsingaskylda aðildarríkja**

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um landsbundna málsmeðferð sína í tengslum við mat og tilkynningu á aðilum sem er heimilað að framkvæma verkefni þriðja aðila við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess og í tengslum við eftirlit með tilkynntum aðilum og um allar breytingar þar á.

Framkvæmdastjórnin skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar öllum.

43. gr.

**Kröfur til tilkynntra aðila**

1. Að því er varðar tilkynningu skulu tilkynntir aðilar uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2. til 11. mgr.

2. Tilkynntum aðila skal komið á fót samkvæmt landslögum og hann skal hafa réttarstöðu lögaðila.

3. Tilkynntur aðili skal vera þriðji aðili sem er óháður fyrirtækinu eða byggingarvörunni sem verið er að meta.

Þessi aðili getur tilheyrt viðskiptasamtökum eða fagfélögum sem koma fram fyrir hönd fyrirtækja sem fást við hönnun, framleiðslu, öflun, samsetningu, notkun eða viðhald byggingarvara sem honum er falið að meta með því skilyrði að sýnt sé fram á að hann sé óháður og laus við hagsmunaárekstra.

4. Tilkynntur aðili, æðstu stjórnendur hans og starfsfólk sem ber ábyrgð á framkvæmd verkefna þriðja aðila við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess skulu hvorki vera hönnuðir, framleiðendur, birgjar, uppsetningaraðilar, innkaupsaðilar,

eigendur, notendur eða viðhaldsaðilar byggingarvaranna sem þeir meta né vera viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þetta skal þó ekki útiloka þá notkun á vörum, sem verið er að meta, sem er nauðsynleg fyrir starfsemi tilkynnta aðilans eða persónulega notkun á slíkum vörum.

Tilkynntur aðili, æðstu stjórnendur hans og starfsfólk sem ber ábyrgð á framkvæmd verkefna þriðja aðila við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess skulu ekki taka beinan þátt í hönnun, framleiðslu eða smíði, markaðssetningu, uppsetningu, notkun eða viðhaldi byggingarvaranna, né vera fulltrúar þeirra aðila sem fást við slíka starfsemi. Þau skulu ekki taka þátt í neinni starfsemi sem gæti haft áhrif á sjálfstætt mat þeirra og heilindi í tengslum við þá starfsemi sem þeir eru tilkynntir fyrir. Þetta gildir einkum að því er varðar ráðgjafarþjónustu.

Tilkynntur aðili skal tryggja að starfsemi dótturfyrirtækja þeirra eða undirverktaka hafi ekki áhrif á trúnað, hlutlægni og óhlutdrægni í mats- og/eða sannprófunarstörfum þeirra.

5. Tilkynntir aðilar og starfsfólk þeirra skulu annast verkefni þriðja aðila við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess af faglegri ráðvæðni á hæsta stigi og með nauðsynlegri tæknikunnáttu á viðkomandi sviði og vera laus við allan þrýsting og hvata, einkum fjárhagslegan, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra eða niðurstöður mats- og/eða sannprófunarstarfa þeirra, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður þessarar starfsemi.

6. Tilkynntur aðili skal vera fær um að framkvæma öll þau verkefni þriðja aðila við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess sem honum hafa verið falin í samræmi við V. viðauka og sem hann er tilkynntur aðili fyrir, hvort sem tilkynnti aðilinn framkvæmir verkefnið sjálfur eða þau eru framkvæmd fyrir hönd hans og á hans ábyrgð.

Tilkynntur aðili skal ávallt, og fyrir öll kerfi fyrir mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess og fyrir hverja gerð eða hvern flokk byggingarvara, og fyrir alla mikilvæga eiginleika og verkefni sem hann er tilkynntur aðili fyrir, hafa eftirfarandi til umráða:

- a) nauðsynlegt starfsfólk sem býr yfir tækniþekkingu og nægilegri og viðeigandi reynslu til að framkvæma verkefni þriðja aðila við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess,
- b) nauðsynlegar lýsingar á þeirri málsmeðferð sem beitt er við mat á nothæfi, sem tryggja gagnsæi og getu til að endurtaka þessa málsmeðferð og

hann skal hafa tiltæka viðeigandi stefnur og málsmeðferð til að gera greinarmun á verkefnum sem hann framkvæmir sem tilkynntur aðili og annarri starfsemi,

- c) nauðsynlega málsmeðferð til að sinna starfsemi sinni þar sem tekið er tilhlýðilegt tillit til stærðar fyrirtækis, geirans sem það starfar í, skipulags þess, hversu flókin tæknin er í vörunni sem um er að ræða og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu er að ræða.

Tilkynntur aðili skal hafa yfir að ráða öllum þeim úrræðum sem nauðsynleg eru til að geta framkvæmt á réttan hátt þau tæknilegu og stjórnsýslulegu störf sem tengjast starfsemi sinni sem hann er tilkynntur aðili fyrir og hafa aðgang að öllum nauðsynlegum búnaði eða aðstöðu.

7. Það starfsfólk sem er ábyrgt fyrir starfsemi sinni á því sviði sem aðilinn er tilkynntur fyrir skal búa yfir eftirfarandi:

- a) traustri tækni- og fagmenntun sem nær til allra verkefna þriðja aðila við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess á því sviði sem aðilinn hefur verið tilkynntur fyrir,
- b) fullnægjandi þekkingu á þeim kröfum sem eru gerðar við matið og sannprófunina sem starfsfólkið annast og fullnægjandi heimild til að annast slík verkefni,
- c) fullnægjandi þekkingu og skilning á gildandi samhæfðum stöðlum og viðkomandi ákvæðum reglugerðarinnar,
- d) getu til þess að útbúa þær staðfestingar, skrár og skýrslur sem sýna að mat hafi verið unnið og sannprófun hafi farið fram.

8. Óhlutdrægni tilkynnta aðilans, æðstu stjórnenda hans og starfsfólks sem gerir matið skal tryggð.

Þóknun æðstu starfsmanna og starfsfólks tilkynnta aðilans sem annast mat skulu hvorki vera háð fjölda matsgerða sem unnar eru né niðurstöðum slíkra matsgerða.

9. Tilkynntir aðilar skulu hafa ábyrgðartryggingu nema aðildarríkið taki á sig ábyrgð samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á matinu og/eða sannprófuninni.

10. Starfsfólk tilkynnta aðilans skal gæta þagnarskyldu um allar upplýsingar sem það aflar sér í starfi, skv. V. viðauka, nema gagnvart lögbærum

stjórnvöldum aðildarríkisins þar sem starfsemin fer fram. Einkaleyfisréttur skal varinn.

11. Tilkynntur aðili skal taka þátt í, eða tryggja að það starfsfólk, sem annast matið, sé upplýst um viðeigandi vinnu við gerð staðla og starfsemi innan samræmingarhóps tilkynnta aðilans, sem komið er á fót samkvæmt þessari reglugerð, og skal nota sem almennar leiðbeiningar þær stjórnsýsluákvæðanir og -skjöl sem eru afkrastur af vinnu þess hóps.

44. gr.

#### **Gengið út frá samræmi**

Ef tilkynntur aðili, sem veita á heimild til að framkvæma verkefni þriðja aðila við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess sýnir fram á að hann uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í viðeigandi samhæfðum stöðlum eða hlutum þeirra og tilvísun í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, skal hann teljast uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í 43. gr., að svo miklu leyti sem gildandi samhæfðir staðlar ná yfir þær kröfur.

45. gr.

#### **Dótturfyrirtæki og undirverktakar tilkynnta aðila**

1. Ef tilkynntur aðili felur undirverktaka sérstök verkefni sem tengjast verkefnum þriðja aðila við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess eða nýtir sér dótturfyrirtæki, skal hann tryggja að undirverktakinn eða dótturfyrirtækið uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 43. gr. og upplýsa tilkynningaryfirvald þar um.
2. Tilkynntir aðilar skulu bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem undirverktakar eða dótturfyrirtæki framkvæma, án tillits til staðsetningar.
3. Aðeins má fela undirverktaka eða dótturfyrirtæki verkefni með samþykki viðskiptavinarins.
4. Tilkynnti aðilinn skal hafa tiltæk fyrir tilkynningaryfirvaldið öll skjöl sem skipta máli varðandi mat á réttindum og hæfi undirverktaka eða dótturfyrirtækja og þau verkefni sem þessir aðilar hafa framkvæmt skv. V. viðauka.

46. gr.

#### **Notkun á aðstöðu sem er fyrir utan prófunarstofu tilkynnta aðilans**

1. Að beiðni framleiðanda, og í rökstuddum tilvikum af tæknilegum eða efnahagslegum ástæðum eða af ástæðum er varða skipulag flutninga, geta til-

kynntir aðilar ákveðið að framkvæma prófanirnar, sem um getur í V. viðauka, fyrir kerfi 1+, 1 og 3 til að meta nothæfi og sannprófa stöðugleika þess, eða að láta framkvæma slíkar prófanir undir þeirra eftirliti, annaðhvort í verksmiðjunum með því að nota prófunarbúnaðinn úr innri rannsóknastofu framleiðanda eða, að fengnu fyrirframsamþykki framleiðandans, á rannsóknastofu utan stöðvar með því að nota prófunarbúnað þeirrar rannsóknastofu.

Tilkynntir aðilar, sem framkvæma þessar prófanir, skulu vera sérstaklega tilnefndir sem hæfir til að vinna annars staðar en á eigin prófunarstöð, sem hefur fengið faggildingu.

2. Áður en þessar prófanir eru framkvæmdar skal tilkynnti aðilinn ganga úr skugga um að kröfur prófunaraðferðarinnar séu uppfylltar og meta hvort:

- a) prófunarbúnaður hafi viðeigandi kvörðunarkerfi og að rekjanleiki mælinganna sé tryggður,
- b) gæði niðurstaðna úr prófunum séu tryggð.

47. gr.

#### **Umsókn um tilkynningu**

1. Aðili sem á að fá heimild til að framkvæma verkefni þriðja aðila við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess skal leggja fram umsókn um tilkynningu til tilkynningaryfirvalds aðildarríkisins þar sem hann hefur staðfestu.
2. Umsókninni skal fylgja lýsing á starfseminni sem á að fara fram, málsmeðferð við mat og/eða sannprófun, sem aðilinn fullyrðir að hæfi hans nái til, faggildingarvottorð, ef það er til staðar, útgefið af landsbundnum faggildingaraðila í skilningi reglugerðar (EB) nr. 765/2008 til staðfestingar á því að aðilinn uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 43. gr.
3. Ef aðilinn sem um er að ræða getur ekki lagt fram faggildingarvottorð skal hann láta tilkynningaryfirvaldinu í té öll skrifleg sönnunargögn sem nauðsynleg eru fyrir sannprófun, viðurkenningu og reglulega vöktun á því að hann fari að kröfunum sem mælt er fyrir um í 43. gr.

48. gr.

#### **Málsmeðferð við tilkynningu**

1. Tilkynningaryfirvöld mega einungis tilkynna þá aðila sem hafa uppfyllt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 43. gr.

2. Þau skulu tilkynna þá til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna með því að nota rafræna tilkynningartækið sem framkvæmdastjórnin hefur þróað og haft umsjón með.

Í sérstökum undantekningartilvikum skal taka við pappírseintaki af tilkynningunni í þeim tilvikum, sem sett eru fram í 3. lið V. viðauka, þar sem viðeigandi rafrænt tilkynningartæki er ekki tiltækt.

3. Tilkynningin skal innihalda allar upplýsingar um störf sem á að vinna, tilvísanir í viðkomandi samhæfðar tækniforskriftir og varðandi kerfin sem sett eru fram í V. viðauka, þá mikilvægu eiginleika sem hæfi aðilans nær til.

Hins vegar er ekki krafist tilvísunar í viðkomandi samhæfða tækniforskrift í tilvikunum sem sett eru fram í 3. lið V. viðauka.

4. Ef tilkynning byggir ekki á faggildingarvottorði eins og um getur í 2. mgr. 47. gr. skal tilkynningaryfirvaldið láta framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum í té skrifleg sönnunargögn sem staðfesta hæfi tilkynnta aðilans og það fyrirkomulag sem er til staðar til að tryggja reglulega vöktun á aðilanum og að aðilinn haldi áfram að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 43. gr.

5. Hlutaðeigandi aðila er aðeins heimilt að annast starfsemi tilkynnts aðila hreyfi framkvæmdastjórnin eða hin aðildarríkin ekki andmælum innan tveggja vikna frá tilkynningu ef stuðst er við faggildingarvottorð eða innan tveggja mánaða frá tilkynningu ef ekki er stuðst við faggildingarvottorð.

Aðeins slíkur aðili skal teljast tilkynntur aðili að því er þessa reglugerð varðar.

6. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um allar síðari breytingar á tilkynningunni sem máli skipta.

49. gr.

#### **Kenninúmer og skrár yfir tilkynnta aðila**

1. Framkvæmdastjórnin skal úthluta hverjum tilkynntum aðila kenninúmeri.

Hún skal úthluta einu slíku númeri þó svo að aðilinn sé tilkynntur samkvæmt mörgum gerðum Sambandsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera skrána yfir aðilana, sem tilkynntir eru samkvæmt þessari reglugerð, aðgengilega öllum, þ.m.t. kenninúmerin sem þeim hefur verið úthlutað og starfsemin sem þeim hefur verið falin, einkum með rafræna tilkynningartækinu

sem framkvæmdastjórnin hefur þróað og haft umsjón með.

Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að skráin sé uppfærð.

50. gr.

#### **Breytingar á tilkynningunni**

1. Ef tilkynningaryfirvald hefur komist að raun um eða hefur verið upplýst um að tilkynntur aðili uppfylli ekki lengur kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 43. gr., eða rækir ekki skyldur sínar skal tilkynningaryfirvaldið takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilkynningu, eins og við á, háð því hversu alvarlegur misbrestur er á því að þessar kröfur eða skyldur séu uppfylltar. Það skal tilkynna það til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna án tafar með því að nota rafræna tilkynningartækið sem framkvæmdastjórnin hefur þróað og haft umsjón með.

2. Ef tilkynning er afturkölluð, takmörkuð eða felld tímabundið úr gildi eða ef tilkynnti aðilinn hefur lagt niður starfsemi skal hlutaðeigandi tilkynningaraðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að annaðhvort vinni annar tilkynntur aðili úr skjölum þess aðila eða að skjölin séu höfð tiltæk þar til bær um tilkynningaryfirvöldum og markaðseftirlitsyfirvöldum, sé þess óskað.

51. gr.

#### **Hæfi tilkynntra aðila vefengt**

1. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka öll tilvik þar sem hún hefur efasemdir um hæfi tilkynnts aðila eða um að tilkynntur aðili uppfylli áfram þær kröfur og skyldur sem á honum hvíla, og öll tilvik þar sem athygli hennar er vakin á slíkum efasemdum.

2. Tilkynningaraðildarríkið skal, sé þess óskað, veita framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem varða ástæður fyrir tilkynningunni eða áframhaldandi hæfi hlutaðeigandi aðila.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að farið sé með allar viðkvæmar upplýsingar, sem fást úr rannsókn um hennar, sem trúnaðarmál.

4. Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um að tilkynntur aðili uppfylli ekki, eða uppfylli ekki lengur, kröfurnar viðvíkjandi tilkynningu hans, skal hún upplýsa tilkynningaraðildarríkið um það og óska eftir því að það geri nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta, þ.m.t. að afturkalla tilkynningu, ef nauðsyn krefur.

52. gr.

#### **Skyldur er varða starfsemi tilkynntra aðila**

1. Tilkynntir aðilar skulu framkvæma verkefni þriðja aðila í samræmi við kerfin við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess sem kveðið er á um í V. viðauka.

2. Framkvæma skal mat og sannprófun á stöðugleika nothæfis með gagnsæjum hætti að því er varðar framleiðandann og með hóflegum hætti til að forðast að leggja óþarfa byrðar á rekstraraðila. Tilkynntir aðilar skulu í starfsemi sinni taka tilhlýðilegt tillit til stærðar fyrirtækisins, sviðsins sem fyrirtækið starfar á, skipulags þess, hversu flókin tæknin er í vörunni sem um er að ræða og hvort um fjölda- eða raðframléiðslu er að ræða.

Í þessu sambandi skulu tilkynntir aðilar samt sem áður virða það hversu strangar kröfur eru gerðar til vörunnar í þessari reglugerð og mikilvægi vörunnar með tilliti til þess að allar grunnkröfur um mannvirki séu uppfylltar.

3. Ef tilkynntur aðili telur, við fyrstu skoðun í verksmiðjunni og framleiðslustýringu í verksmiðjunni, að framleiðandinn hafi ekki tryggt stöðugleika nothæfis vörunnar sem framleidd er skal hann fara fram á að framleiðandinn geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta og skal ekki gefa út vottorð.

4. Ef tilkynntur aðili telur, við vöktunarstarfsemi sem ætlað er að sannprófa stöðugleika nothæfis vörunnar sem framleidd er, að byggingarvara hafi ekki lengur sama nothæfi og gerðareintakið, skal hann fara fram á það að framleiðandinn geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta og skal fella vottorðið tímabundið úr gildi eða afturkalla það ef þörf er á.

5. Ef ekki eru gerðar ráðstafanir til úrbóta eða þær hafa ekki tilskilin áhrif skal tilkynnti aðilinn takmarka vottorðin, fella þau tímabundið úr gildi eða afturkalla þau, eins og við á.

53. gr.

#### **Upplýsingaskylda tilkynntra aðila**

1. Tilkynntir aðilar skulu upplýsa tilkynningaryfirvaldið um:

- tilvik þar sem synjað er um vottorð, það takmarkað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað,
- aðstæður sem hafa áhrif á gildissvið tilkynningar og skilyrði fyrir henni,
- allar beiðnir frá markaðseftirlitsyfirvöldum um

upplýsingar um framkvæmt mat og/eða sannprófun á stöðugleika nothæfis,

d) ef óskað er eftir, verkefni þriðja aðila í samræmi við kerfin við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess sem framkvæmd eru innan gildissviðs tilkynningarinnar og alla aðra starfsemi sem hefur farið fram, þ.m.t. starfsemi sem nær yfir landamæri og undirverktakastarfsemi.

2. Tilkynntir aðilar skulu veita öðrum aðilum, sem eru tilkynntir samkvæmt þessari reglugerð og framkvæma sambærileg verkefni þriðja aðila í samræmi við kerfin við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess og fyrir byggingarvörur sem falla undir sömu samhæfðu tækniforskriftir, viðeigandi upplýsingar um mál er varða neikvæðar og, sé þess óskað, jákvæðar niðurstöður úr þessu mati og/eða sannprófunum.

54. gr.

#### **Miðlun reynslu**

Framkvæmdastjórnin skal sjá fyrir skipulagningu á miðlun reynslu milli landsyfirvalda aðildarríkjanna sem bera ábyrgð á viðmiðunarreglum varðandi tilkynningar.

55. gr.

#### **Samræming tilkynntra aðila**

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að komið sé á viðeigandi samræmingu og samstarfi á milli aðila, sem tilkynntir eru skv. 39. gr., og að þessi samræming og þetta samstarf fari fram með fullnægjandi hætti innan hóps tilkynntra aðila.

Aðildarríkin skulu tryggja að aðilarnir sem þau tilkynna taki þátt í vinnu þessa hóps, annaðhvort með beinum hætti eða í gegnum tilnefnda fulltrúa eða sjá til þess að fulltrúar tilkynntra aðila fái upplýsingar þar að lútandi.

### **VIII. KAFLI**

#### **MARKAÐSEFTIRLIT OG VERNDARÁÐSTAFANAMEÐFERÐ**

56. gr.

#### **Málsmeðferð á landsvísu um meðferð byggingarvara sem áhætta stafar af**

1. Ef markaðseftirlitsyfirvöld í einu aðildarríki hafa gripið til aðgerða skv. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 eða þau hafa fullnægjandi ástæðu til að ætla að byggingarvara, sem fellur undir samhæfðan staðal eða sem evrópskt tæknimat hefur verið gefið



út fyrir, nái ekki tilgreindu nothæfi og skapi hættu á því að grunnkröfum um mannvirki sem falla undir þessa reglugerð verði ekki fullnægt, skulu þau framkvæma mat á viðkomandi vöru sem tekur til allra viðkomandi krafna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Viðkomandi rekstraraðilar skulu hafa samvinnu við markaðseftirlitsyfyrirvöld eins og nauðsyn krefur.

Ef markaðseftirlitsyfyrirvöld komast að þeirri niðurstöðu á meðan þetta mat fer fram að byggingarvaran sé ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skulu þau án tafar krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili gripi til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta til að varan verði í samræmi við þessar kröfur, einkum við tilgreint nothæfi, taki vöruna af markaði eða innkalli hana innan hæflegs frests, sem yfirvöld mæla fyrir um miðað við eðli áhættunnar.

Markaðseftirlitsyfyrirvöld skulu upplýsa tilkynnta aðilann um það ef tilkynntur aðili á hlut að máli.

Ákvæði 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 skulu gilda að því er varðar þær ráðstafanir sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

2. Ef markaðseftirlitsyfyrirvöld telja að þau tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum takmarkist ekki við þeirra yferráðasvæði skulu þau upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um niðurstöður matsins og um aðgerðirnar sem þau hafa krafist að rekstraraðilinn gripi til.

3. Rekstraraðilinn skal tryggja að gripið sé til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta að því er varðar allar viðkomandi byggingarvörur sem rekstraraðilinn hefur boðið fram á markaði í gervöllu Sambandinu.

4. Ef viðkomandi rekstraraðili gripur ekki til fullnægjandi aðgerða til úrbóta, innan tímabilsins sem um getur í öðrum undirlíð 1. mgr., skulu markaðseftirlitsyfyrirvöld gera allar viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir til að banna eða takmarka að byggingarvaran sé boðin fram á markaði í hverju aðildarríki eða taka byggingarvöruna af þeim markaði eða innkalla hana.

Markaðseftirlitsyfyrirvöld skulu án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þessar ráðstafanir.

5. Í upplýsingunum, sem um getur í 4. mgr., skulu koma fram öll tiltæk smáatriði, einkum gögn sem eru nauðsynleg til að sanngreina byggingarvöruna sem ekki uppfyllir kröfurnar, uppruna byggingarvörunnar, eðli meintra tilvika þar sem ekki var farið að ákvæðum og áhættuna sem því fylgir, eðli og gildis-

tíma ráðstafana aðildarríkis sem gerðar hafa verið, ásamt rökstuðningi viðkomandi rekstraraðila. Einkum skulu markaðseftirlitsyfyrirvöld geta þess hvort ekki sé farið að ákvæðum:

a) vegna þess að varan nær ekki tilgreindu nothæfi og/eða uppfyllir ekki kröfurnar sem tengjast því að uppfylla grunnkröfur mannvirkja sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,

b) vegna annmarka á samhæfðum tækniforskriftum eða á sértæku tæknigögnunum.

6. Aðildarríki, önnur en það aðildarríki sem hefur frumkvæði að málsmeðferðinni, skulu án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um allar samþykktar ráðstafanir og allar viðbótarupplýsingar sem þau hafa yfir að ráða að því er varðar viðkomandi byggingarvöru sem ekki uppfyllir kröfur og, komi upp ágreiningur um tilkynnta ráðstöfun aðildarríkis, um andmæli sín.

7. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hafa ekki hreyft andmælum innan 15 virkra daga frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í 4. mgr., að því er varðar bráðabirgðaráðstöfun sem aðildarríki hefur gert í tengslum við viðkomandi byggingarvöru, skal sú ráðstöfun teljast réttlætlanleg.

8. Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi takmarkandi ráðstafanir séu gerðar án tafar vegna byggingarvörunnar sem um er að ræða, t.d. taka vöruna af sínum markaði.

57. gr.

#### Verndarráðstafanameðferð Sambandsins

1. Ef, við lok málsmeðferðarinnar sem sett er fram í 3. og 4. mgr. 56. gr., andmælum er hreyft við ráðstöfun sem aðildarríki gerir, eða ef framkvæmdastjórnin telur að ráðstöfun aðildarríkis stríði gegn löggjöf Sambandsins, skal framkvæmdastjórnin án tafar hefja viðræður við aðildarríkin og viðkomandi rekstraraðila og leggja mat á ráðstöfun aðildarríkis. Á grundvelli niðurstaðna þessa mats skal framkvæmdastjórnin ákveða hvort ráðstöfun aðildarríkis er réttlætlanleg eða ekki.

Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal þegar í stað veita þeim og viðkomandi rekstraraðila eða rekstraraðilum upplýsingar þar um.

2. Teljist ráðstöfun aðildarríkis réttlætlanleg skulu öll aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að byggingarvara, sem ekki uppfyllir kröfurnar, sé tekin af mörkuðum þeirra og tilkynna fram-

kvæmdastjórinni um það. Teljist ráðstöfun aðildarríkis ekki réttlæt看leg skal hlutaðeigandi aðildarríki afturkalla ráðstöfunina.

3. Ef ráðstöfun aðildarríkis telst réttlæt看leg og byggingarvaran telst ekki uppfylla kröfur sökum annmarka í samhæfðu stöðlunum, sem um getur í b-lið, 5. mgr. 56. gr., skal framkvæmdastjórinn upplýsa viðkomandi evrópska staðlastofnun eða -stofnanir þar um og leggja málið fyrir nefndina sem komið var á fót skv. 5. gr. tilskipunar 98/34/EB. Nefndin skal hafa samráð við viðkomandi evrópska staðlastofnun eða -staðlastofnanir og skila álitinu sínu án tafar.

Ef ráðstöfun aðildarríkis telst réttlæt看leg og byggingarvaran telst ekki uppfylla kröfur sökum annmarka í evrópska matsskjalinu eða í sértæku tæknigögnunum, sem um getur í b-lið 5. mgr. 56. gr., skal framkvæmdastjórinn leggja málið fyrir fastanefndina um byggingarmál og samþykkja viðeigandi ráðstafanir eftir það.

58. gr.

#### **Byggingarvörur sem uppfylla kröfur en stofnangu að síður heilbrigði og öryggi í hættu**

1. Ef aðildarríki kemst að þeirri niðurstöðu, að loknu mati skv. 1. mgr. 56. gr., að enda þótt byggingarvara sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar skapi hún hættu á því að grunnkröfum um mannvirki verði ekki fullnægt hvað varðar heilbrigði eða öryggi manna eða varðandi aðra þætti í tengslum við verndun er varðar hagsmunum almennings skal aðildarríkið krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili gripi til allra viðeigandi aðgerða til að tryggja að þessi áhætta stafi ekki lengur af viðkomandi byggingarvöru þegar hún er sett á markað, taki byggingarvöruna af markaði eða innkalli hana innan hæfilegs frests, sem aðildarríkið mælir fyrir um miðað við eðli áhættunnar.

2. Rekstraraðilinn skal tryggja að gripið sé til allra aðgerða til úrbóta að því er varðar allar viðkomandi byggingarvörur sem rekstraraðilinn hefur boðið fram á markaði í gervöllu Sambandinu.

3. Aðildarríkið skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórinni og hinum aðildarríkjunum um það. Í þessum upplýsingum skulu koma fram öll tiltæk smáatriði, einkum gögn sem nauðsynleg eru til að sanngreina viðkomandi byggingarvöru, uppruna og aðfangakeðju vörunnar, eðli áhættunnar sem henni fylgir og eðli og gildistíma ráðstafana aðildarríkis sem gerðar hafa verið.

4. Framkvæmdastjórinn skal án tafar hefja viðræður

við aðildarríkin og viðkomandi rekstraraðila og leggja mat á ráðstafanir aðildarríkis sem gerðar hafa verið. Á grundvelli niðurstöðna þessa mats skal framkvæmdastjórinn ákveða hvort ráðstöfunin er réttlæt看leg eða ekki og, ef nauðsyn krefur, leggja til viðeigandi ráðstafanir.

5. Framkvæmdastjórinn skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal þegar í stað veita þeim og viðkomandi rekstraraðila eða rekstraraðilum upplýsingar þar um.

59. gr.

#### **Kröfur formlega ekki uppfylltar**

1. Með fyrirvara um 56. gr. skal aðildarríki, komist það að einni af eftirfarandi niðurstöðum, krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili bæti úr eftirfarandi ósamræmi við kröfur:

- a) að CE-merkið hafi verið fest þannig á að það brjóti gegn 8. eða 9. gr.,
- b) að CE-merkið hafi ekki verið fest á, þegar þess er krafist í samræmi við 2. mgr. 8. gr.,
- c) með fyrirvara um 5. gr., að yfirlýsing um nothæfi hafi ekki verið gerð, þegar þess er krafist, í samræmi við 4. gr.,
- d) að yfirlýsingin um nothæfi hafi ekki verið gerð í samræmi við 4., 6. og 7. gr.,
- e) að tæknigögnin séu annaðhvort ekki tiltæk eða ekki tæmandi.

2. Ef ósamræmi, sem um getur í 1. mgr., varir áfram skal aðildarríkið gera allar viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða banna að byggingarvaran sé boðin fram á markaði eða tryggja að hún sé innkölluð eða tekin af markaði.

### IX. KAFLI

#### **LOKAÁKVÆÐI**

60. gr.

#### **Framseldar gerðir**

Til þess að ná markmiðum þessarar reglugerðar, einkum að afnema og komast hjá takmörkunum hvað varðar framboð byggingarvara á markaði, skal eftirfarandi málum úthlutað til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 61. gr. og háð þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 62. og 63. gr.:

- a) ákvörðun, eftir því sem við á, mikilvægra eiginleika eða viðmiðunargilda í tilteknum flokkum byggingarvara, sem, í samræmi við 3. til 6. gr.,

- framleiðandinn á að tilgreina nothæfi vöru framleiðandans fyrir, í tengslum við áformuð not hennar, gefið upp í stigum eða flokkum, eða í lýsingu, þegar hún er sett á markað,
- b) skilyrði fyrir rafrænni vinnslu yfirlýsingar um nothæfi þannig að unnt sé að gera hana tiltæka á vefsetri í samræmi við 7. gr.,
- c) breytingar á því tímabili sem framleiðandi á að varðveita tæknigögnin og yfirlýsinguna um nothæfi eftir að byggingarvaran hefur verið sett á markað, í samræmi við 11. gr., byggt á væntanlegri endingu byggingarvörunnar eða hlutverki hennar í mannvirkjunum,
- d) breytingar á II. viðauka og, ef nauðsyn krefur, samþykkt á viðbótarreglum um málsmeðferð í samræmi við 3. mgr. 19. gr. í því skyni að tryggja samræmi við meginreglurnar í 20. gr. eða raunverulegri beitingu málsmeðferðarinnar sem sett er fram í 21. gr.,
- e) aðlögun á III. viðauka, töflu 1 í IV. viðauka og V. viðauka vegna tækniframfara,
- f) innleiðingu og aðlögun á nothæfisflokkum vegna tækniframfara í samræmi við 1. mgr. 27. gr.,
- g) skilyrði fyrir því að byggingarvara teljist uppfylla tiltekið nothæfisstig eða tiltekinn nothæfisflokk án prófana eða án frekari prófana í samræmi við 5. mgr. 27. gr., að því tilskildu að því sé ekki teft í tvísýnu að grunnkröfum um mannvirki sé fullnægt,
- h) aðlögun, innleiðing og endurskoðun á kerfum við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess í samræmi við 28. gr., að því er varðar tiltekna vöru, tiltekinn vöruhóp eða tiltekna helstu eiginleika og með hliðsjón af:
- i. mikilvægi vörunnar eða þessara mikilvægu eiginleika að því er varðar grunnkröfur um mannvirki,
  - ii. eðli vörunnar,
  - iii. áhrifum þeim sem breytileiki mikilvægra eiginleika byggingarvörunnar hafa á væntanlegan endingartíma vörunnar og
  - iv. hversu hætt er við göllum í framleiðslu vörunnar.

61. gr.

#### Beiting framselds valds

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að sam-

þykkja framseldar gerðir, sem um getur í 60. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 24. apríl 2011. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal sjálfkrafa framlengt um jafn langan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 62. gr.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu samtímis.

3. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 62. og 63. gr.

62. gr.

#### Afturköllun framsals

1. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 60. gr.

2. Sú stofnun, sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds, skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina um það með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða valdheimildir, sem hafa verið framseldar, gætu verið afturkallaðar og hugsanlegar ástæður fyrir því.

3. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þeirra valdheimilda sem tilgreindar eru í ákvörðuninni. Skal hún öðlast gildi tafarlaust, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

63. gr.

#### Andmæli við framseldar gerðir

1. Evrópuþingið eða ráðið geta andmælt framseldri gerð innan þriggja mánaða frá tilkynningardegi.

Þetta tímabil skal framlengt um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Ef hvorki Evrópuþingið né ráðið hafa andmælt framseldri gerð þegar tímabilið, sem um getur í 1. mgr., rennur út skal hún birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta framseldu gerðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og

hún öðlast gildi ef Evrópuþingið og ráðið hafa bæði upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Ef annaðhvort Evrópuþingið eða ráðið andmæla framseldri gerð innan þess tímabils sem um getur í 1. mgr. öðlast hún ekki gildi. Sú stofnun sem andmælir framseldu gerðinni skal gefa upp ástæðurnar fyrir því.

64. gr.

#### Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndar um byggingarmál.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.
3. Aðildarríki skulu sjá til þess að meðlimir fastanefndarinnar um byggingarmál geti rækt störf sín þannig að ekki komi til hagsmunaárekstra, einkum að því er varðar málsmeðferðina við að fá CE-merkið.

65. gr.

#### Niðurfelling

1. Tilskipun 89/106/EBE er felld úr gildi.
2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

66. gr.

#### Umbreytingarákvæði

1. Byggingarvörur sem hafa verið settar á markað í samræmi við tilskipun 89/106/EBE fyrir 1. júlí 2013 skulu teljast vera í samræmi við þessa reglugerð.
2. Framleiðendur mega gera yfirlýsingu um nothæfi á grundvelli samræmisvottorðs eða samræmisyfirlýsingar sem hefur verið gefin út fyrir 1. júlí 2013 í samræmi við tilskipun 89/106/EBE.
3. Nota má viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki sem gefnar eru út fyrir 1. júlí 2013 í samræmi við 11. gr. tilskipunar 89/106/EBE sem evrópsk matsskjöl.
4. Framleiðendur og innflytjendur mega nota evrópskt tæknisamþykki sem gefið er út í samræmi við

9. gr. tilskipunar 89/106/EBE fyrir 1. júlí 2013 sem evrópskt tæknimat út allan gildistíma samþykkisins.

67. gr.

#### Skýrslugjöf framkvæmdastjórnarinnar

1. Eigi síðar en 25. apríl 2014 skal framkvæmdastjórnin meta sérstaka þörf á upplýsingum um innihald hættulegra efna í byggingarvörum og huga að möguleikanum að rýmka hugsanlega upplýsingaskylduna, sem kveðið er á um í 5. mgr. 6. gr., þannig að hún taki til annarra efna og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um það. Í mati sínu skal framkvæmdastjórnin, m.a., taka tillit til nauðsynjar þess að tryggja öfluga vernd að því er varðar heilbrigði og öryggi starfsmanna, sem nota byggingarvörur, og notenda mannvirkja, þ.m.t. með tilliti til krafna um endurvinnslu og/eða endurnotkun á hlutum eða smíðaeftni.

Ef við á, skal fylgja skýrslunni eftir með viðeigandi tillögu að nýrri löggjöf innan tveggja ára frá framlagningu hennar hjá Evrópuþinginu og ráðinu.

2. Eigi síðar en 25. apríl 2016 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessarar reglugerðar, þ.m.t. um 19., 20., 21., 23., 24. og 37. gr. á grundvelli skýrslna frá aðildarríkjunum, auk annarra viðkomandi hagsmunaaðila, ásamt viðeigandi tillögum, ef við á.

68. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hins vegar skulu 3. til 28. gr., 36. til 38. gr., 56. til 63. gr., 65. til 66. gr. ásamt I., II., III. og V. viðauka gilda frá og með 1. júlí 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 9. mars 2011.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins, Fyrir hönd ráðsins,*

J. BUZEK  
*forseti.*

GYÖRI E.  
*forseti.*

## I. VIÐAUKI

## GRUNNKRÖFUR UM MANNVIRKI

Mannvirki verða, í heild og einstakir hlutar þess, að henta til áformaðra nota einkum með tilliti til heilbrigðis og öryggis einstaklinga sem eiga hlutdeild í vistferli mannvirkisins. Mannvirki verða að uppfylla þessar grunnkröfur um mannvirki þann tíma sem fjárhagslega hagkvæmt er að nýta þau, með fyrirvara um eðlilegt viðhald.

## 1. Burðarþol og stöðugleiki

Mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann veg að álagið sem hætt er við að verki á þau meðan á framkvæmdum stendur og við notkun leiði ekki til:

- a) að allt mannvirkið eða hluti þess hrynj,
- b) mikilla formbreytinga að því marki að ekki verði við unað,
- c) skemmda á öðrum hlutum mannvirkisins, lögnum eða föstum búnaði vegna mikilla formbreytinga á burðarvirki,
- d) skemmda vegna ytri áhrifa þar sem þær eru óeðlilega miklar miðað við upprunalega orsök þeirra.

## 2. Varnir gegn eldsvoða

Mannvirki skulu hönnuð og byggð þannig að ef brýst út eldur:

- a) megi gera ráð fyrir að burðarþol mannvirkisins haldist í tiltekinn tíma,
- b) skuli eldsuþptök og útbreiðsla elds og reyks inni í mannvirkinu takmörkuð,
- c) skuli útbreiðsla elds til mannvirkja í grenndinni takmörkuð,
- d) geti íbúar yfirgefið mannvirkið eða bjargast eftir öðrum leiðum,
- e) sé öryggi björgunarliðs haft í huga.

## 3. Hollustuhættir, heilbrigði og umhverfi

Mannvirki skulu vera hönnuð og byggð á þann hátt að á öllum vistferli sínum sé hollustuháttum eða heilbrigði og öryggi starfsmanna, íbúa eða nágretta ekki stefnt í hættu og á þann hátt að á öllum vistferli sínum hafi þau ekki óhóflega mikil áhrif á umhverfsgæði eða á loftslagið meðan á framkvæmdum stendur, við notkun og niðurrif, einkum vegna einhvers af eftirfarandi:

- a) uppgufun eitraðra lofttegunda,
- b) losunar hættulegra efna, rokgjarnra, lífrænna efnasambanda, gróðurhúsalofttegunda eða hættulegra agna út í loftið innanhúss eða utanhúss,
- c) hættulegrar geislunar,
- d) losunar hættulegra efna út í grunnvatn, sjó, yfirborðsvatn eða jarðveg,
- e) losunar hættulegra efna út í drykkjarvatn eða efna sem hafa önnur neikvæð áhrif á drykkjarvatn,
- f) lélegrar fráveitu skólps, losunar útblásturs eða rangrar förgunar fasts eða fljótandi úrgangs,
- g) rakamyndunar í hlutum mannvirkja eða á yfirborði innandyra.

## 4. Öryggi við notkun og aðgengi

Mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að ekki skapist óviðunandi slyshætta eða hætta á tjóni við rekstur eða notkun þeirra, svo sem að menn renni til, detti, rekist á, brenni sig, fái rafhlost eða slasist af völdum sprenginga og vegna innbrota. Einkum skulu mannvirki hönnuð og byggð þannig að tekið sé tillit til aðgengis og notkunar fatlaðra einstaklinga.

## 5. Hávaðavarnir

Mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að hávaði, sem fólk á staðnum eða í næsta nágrenni skynjar, sé ekki meiri en svo að viðkomandi biði ekki heilsutjón og geti sofið, hvílt sig og unnið við viðunandi skilyrði.

## 6. Orkusparnaður og hitaeinangrun

Hita-, kæli-, lýsingar- og loftræsikerfi mannvirkja skulu hönnuð og byggð þannig að nauðsynleg orkunotkun sé sem minnst þegar tillit er tekið til íbúa þeirra og veðurfarsskilyrða á staðnum. Mannvirki skulu einnig vera orkunýtin, þ.e. nota eins litla orku og mögulegt er við mannvirkjagerð og niðurrið.

## 7. Sjálfbær nýting náttúruauðlinda

Mannvirki skulu hönnuð, byggð og rifin niður með þeim hætti að nýting náttúruauðlinda sé sjálfbær og einkum til að tryggja:

- a) endurnotkun eða endurvinnanleika mannvirkja, byggingarefna og byggingarhluta eftir niðurrið,
- b) endingu mannvirkja,
- c) notkun umhverfisvænna hráefna og endurunninna efna í mannvirkjunum.

## II. VIÐAUKI

### MÁLMEÐFERÐ VIÐ SAMÞYKKT EVRÓPSKRA MATSSKJALA

## 1. Beiðni um evrópskt tæknimat

Ef framleiðandi leggur fram beiðni til tæknimatsstofnunar um evrópskt tæknimat á byggingarvöru, og eftir að framleiðandinn og tæknimatsstofnunin (hér á eftir nefnd „ábyrg tæknimatsstofnun“) hafa undirritað samkomulag um viðskiptaleynd og trúnaðarkvöð, nema framleiðandi ákveði annað, skal framleiðandinn leggja fyrir hina ábyrgu tæknimatsstofnun tæknilegar upplýsingar sem lýsa vörunni, notum hennar, eins og þau eru áformuð af framleiðanda, og upplýsingar um þá framleiðslustýringu í verksmiðju sem framleiðandinn hyggst nota.

## 2. Samningur

Fyrir byggingarvörunar sem um getur í c-lið 1. mgr. 21. gr. skal samningur gerður, innan mánaðar frá móttöku tækniskjalsins, milli framleiðandans og hinnar ábyrgu tæknimatsstofnunar um gerð evrópsks tæknimats þar sem skilgreind er verkáætlun fyrir gerð evrópsks matsskjals, þ.m.t.:

- skipulag vinnunnar innan samtaka tæknimatsstofnana,
- samsetning vinnuhópsins, sem á að stofna innan samtaka tæknimatsstofnana, sem tilnefndur er fyrir viðkomandi vörusvið,
- samræming tæknimatsstofnana.

## 3. Verkáætlun

Eftir að samningur við framleiðanda hefur verið gerður skulu samtök tæknimatsstofnana upplýsa framkvæmdastjórnina um verkáætlunina fyrir gerð evrópska matsskjalsins, tímaáætlunina um framkvæmd hennar og tilgreina matsáætlunina. Þessi tilkynning skal eiga sér stað innan þriggja mánaða frá móttöku beiðni um evrópskt tæknimat.

## 4. Drög að evrópsku matsskjali

Samtök tæknimatsstofnana skulu ljúka drögum að evrópsku matsskjali í vinnuhópnum, sem hin ábyrga tæknimatsstofnun sér um að samræma, og tilkynna hlutaðeigandi aðilum um drögin innan sex mánaða frá þeim degi sem framkvæmdastjórnin fékk upplýsingar um verkáætlunina.

## 5. Þátttaka framkvæmdastjórnarinnar

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar getur tekið þátt, sem áheyrnarfulltrúi, í öllum þáttum sem lúta að framkvæmd verkáætlunarinnar.

## 6. Framlenging og tafir

Vinnuhópurinn skal tilkynna samtökum tæknimatsstofnana og framkvæmdastjórninni um allar tafir í tengslum við þau tímamörk sem sett eru fram í 1. til 4. lið þessa viðauka.

Ef framlenging á tímamörkum fyrir gerð evrópsks matsskjals er réttlætanleg, einkum sökum þess að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um viðeigandi kerfi við mat á nothæfi byggingarvöru og sannprófun á stöðugleika þess liggur ekki fyrir eða sökum þess að þróa þarf nýja prófunaraðferð, setur framkvæmdastjórnin framlengd tímamörk.

## 7. Breytingar á evrópsku matsskjali og samþykkt þess

Hin ábyrga tæknimatsstofnun skal tilkynna drögin að evrópska matsskjalinu til framleiðandans sem skal hafa 15 virka daga til að bregðast við. Eftir það skulu samtök tæknimatsstofnana:

- a) ef við á, upplýsa framleiðanda um hvernig tekið hefur verið tillit til viðbragða hans,
- b) samþykkja drögin að evrópska matsskjalinu og
- c) senda framkvæmdastjórninni eintak.

Ef framkvæmdastjórnin tilkynnir samtökum tæknimatsstofnana um athugasemdir sínar við drög að evrópsku matsskjali innan 15 virkra daga frá móttöku skulu samtök tæknimatsstofnana, að fengnu tækifæri til að gera athugasemdir, breyta drögunum í samræmi við það og senda eintak af samþykktu evrópska matsskjalinu til framleiðandans og framkvæmdastjórnarinnar.

## 8. Endanlegt evrópskt matsskjal til birtingar

Um leið og hin ábyrga tæknimatsstofnun gefur út fyrsta evrópska tæknimatið á grundvelli samþykktu evrópsks matsskjals, skal evrópska matsskjalinu breytt, ef við á, á grundvelli þeirrar reynslu sem áunnist hefur. Samtök tæknimatsstofnana skulu samþykkja endanlegt evrópskt matsskjal og senda eintak af því til framkvæmdastjórnarinnar ásamt þýðingu á heiti þess á öllum opinberum tungumálum Sambandsins fyrir birtingu tilvísana til matsskjalsins. Samtök tæknimatsstofnana skulu gera evrópska matsskjalið tiltækt á rafrænu formi um leið og varan hefur fengið CE-merkið.

*III. VIÐAUKI***YFIRLÝSING UM NOTHÆFI**

Nr. ....

1. Sérstakur auðkenniskóði gerðareintaksins: .....
2. Gerðar-, lotu- eða raðnúmer eða annað sem gerir kleift að auðkenna byggingarvöruna eins og krafist er skv. 4. mgr. 11. gr.:  
.....
3. Áformuð not byggingarvörunnar í samræmi við gildandi samhæfða tækniforskrift, eins og þau eru áformuð af framleiðanda:  
.....  
.....

4. Nafn framleiðanda, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem ná má í hann, eins og krafist er skv. 5. mgr. 11. gr.:

.....  
 .....

5. Eftir atvikum, nafn og heimilisfang þar sem ná má í viðurkenndan fulltrúa sem er með umboð fyrir verkefni sem tilgreind eru í 2. mgr. 12. gr.:

.....  
 .....

6. Kerfi við mat á nothæfi byggingarvörunnar og sannprófun á stöðugleika þess, eins og sett er fram í V. viðauka:

.....  
 .....

7. Ef um er að ræða yfirlýsingu um nothæfi varðandi byggingarvöru sem fellur undir samhæfðan staðal:

.....  
 (nafn og kenninúmer tilkynnts aðila, ef við á)

framkvæmdi samkvæmt kerfi .....  
 (lýsing á verkefni þriðja aðila sem sett er fram í V. viðauka)

og gaf út .....  
 (vottorð um stöðugleika nothæfis, samræmisvottorð fyrir framleiðslustýringu í verksmiðju, skýrslur um prófanir/útreikninga – eftir því sem við á)

8. Ef um er að ræða yfirlýsingu um nothæfi varðandi byggingarvöru sem evrópskt tæknimat hefur verið gefið út fyrir:

.....  
 (heiti og kenninúmer tæknimatsstofnunarinnar, ef við á)

sem gaf út .....  
 (tilvísunarnúmer evrópska tæknimatsins)

á grundvelli .....  
 (tilvísunarnúmer evrópska matsskjalsins)

hefur framkvæmt ..... samkvæmt kerfi .....  
 (lýsing á verkefni þriðja aðila sem sett er fram í V. viðauka)

og gefið út .....  
 (vottorð um stöðugleika nothæfis, samræmisvottorð fyrir framleiðslustýringu í verksmiðju, skýrslur um prófanir/útreikninga – eftir því sem við á)

9. Tilgreint nothæfi

Athugasemdir við töflu:

- Í dálki 1 skal vera skrá yfir mikilvæga eiginleika, sem ákvarðaðir eru í samhæfðu tækniforskriftinni, fyrir þau áformuðu not sem tilgreind eru í 3. lið hér að framan.
- Fyrir hvern af mikilvægu eiginleikum sem skráðir eru í dálki 1 og í samræmi við kröfurnar í 6. gr., skal dálkur 2 innihalda tilgreint nothæfi, gefið upp sem stig eða flokkur, eða í lýsingu, í tengslum við viðkomandi mikilvægan eiginleika. Ef nothæfi hefur ekki verið tilgreint skal nota stafina „NPD“ (e. *No Performance Determined* / ekkert nothæfisstig ákvarðað).



3. Fyrir hvern mikilvægan eiginleika sem skráður er í dálki 1 skal dálkur 3 innihalda:

a) dagsetta tilvísun í samsvarandi samhæfðan staðal og, ef við á, tilvísunarnúmer sértækra eða viðeigandi tæknigagna sem notuð eru

eða

b) dagsetta tilvísun í samsvarandi evrópskt matsskjal ef slíkt liggur fyrir og tilvísunarnúmer evrópska tæknimatsins sem notað er.

Mikilvægir eiginleikar (sjá 1. aths.)	Nothæfi (sjá 2. aths.)	Samhæfð tækniforskrift (sjá 3. aths.)

Ef sértæk tæknigögn hafa verið notuð í samræmi við 37. eða 38. gr., kröfurnar sem varan er í samræmi við:

.....  
 .....

10. Nothæfi vörunnar, sem auðkennd er í 1. og 2. lið, er í samræmi við tilgreint nothæfi í 9. lið.

Útgáfa þessarar yfirlýsingar um nothæfi er einungis á ábyrgð framleiðandans sem tilgreindur er í 4. lið.

Undirritað fyrir framleiðandann og fyrir hans hönd:

.....  
 (nafn og staða)

.....  
 (útgáfustaður og dagsetning) (undirskrift)

#### IV. VIÐAUKI

### VÖRUSVIÐ OG KRÖFUR SEM GILDA FYRIR TÆKNIMATSSTOFNANIR

**Tafla 1 — Vörusvið**

SVIÐS-NÚMER	VÖRUSVIÐ
1	FORSTEYPTAR STEYPUVÖRUR ÚR VENJULEGRI STEYPU, LÉTTSTEYPU OG HITA- OG ÞRÝSTIHERTRI FRAUÐSTEYPU.
2	HURÐIR, GLUGGAR, HLERAR, HLIÐ OG TENGD GLUGGA- OG HURÐARJÁRN.
3	HIMNUR, Þ.M.T. FLJÓTANDI HIMNUR OG SAMSTÆÐUR (FYRIR VATNS- OG/EÐA VATNSGUFUVÖRN).
4	VARMAEINANGRUNARVÖRUR. SAMSETT EINANGRUNARKERFI.
5	LEGUR. BOLTAR FYRIR BERANDI TENGINGAR.
6	REYKHÁFAR, LOFTRÁSIR OG SÉRVÖRUR.

SVIÐS- NÚMER	VÖRUSVIÐ
7	GIFSVÖRUR.
8	JARÐVEGSDÚKAR, HIMNUR OG DÚKAR TIL JARÐTÆKNILEGRA NOTA OG TENGÐAR VÖRUR.
9	LÉTTVEGGIR/KLÆÐNINGAR/GLERVEGGJAKERFI MEÐ FASTLÍMINGU.
10	FASTUR SLÖKKVIBÚNAÐUR (BRUNAVIÐVÖRUNARKERFI, FASTUR SLÖKKVIBÚNAÐUR, BRUNA- OG REYKSTÝRIKERFI OG BÚNAÐUR TIL AÐ KÆFA ÁHRIF SPRENGINGA).
11	HREINLÆTISTÆKI.
12	VEGBÚNAÐUR: BÚNAÐUR VIÐ VEGI.
13	SMÍÐAVIÐUR/-HLUTAR Í BURÐARVIRKI OG FYLGIHLUTIR.
14	ÞILJUR SEM ERU UNNAR ÚR VIÐI OG VIÐARHLUTAR.
15	SEMENT, BYGGINGARKALK OG ÖNNUR BINDIEFNI SEM HARÐNA Í VATNI.
16	STYRKTARSTÁL OG SPENNISTÁL FYRIR STEINSTEYPU (OG FYLGIHLUTI) EFTIRSPENNUBÚNAÐUR.
17	MÚRVERK OG TENGÐAR VÖRUR. MÚRVERKSEININGAR, STEINLÍM OG FYLGIHLUTIR.
18	FRÁVEITUBÚNAÐUR.
19	GÓLFEFNI.
20	MÁLMLUTAR Í BURÐARVIRKI OG FYLGIHLUTIR.
21	VEGG- OG LOFTKLÆÐNING INNANHÚSS OG UTAN. SKILVEGGJASAMSTÆÐUR.
22	ÞAKKLÆÐNINGAR, ÞAKLJÓS, ÞAKGLUGGAR OG FYLGIHLUTIR. ÞAKSAMSTÆÐUR.
23	EFNI TIL VEGAGERÐAR.
24	ÍBLÖNDUNAREFNI.
25	LÍM TIL NOTA Í HÚSBYGGINGAR.
26	BYGGINGARVÖRUR SEM TENGJAST STEINSTEYPU, STEINLÍMI OG FÚGU- EÐA GLUFUFYLLINGAREFNI.
27	UPPHITUNARTÆKI.
28	RÖR, TANKAR OG FYLGIHLUTIR SEM EKKI KOMAST Í SNERTINGU VIÐ NEYSLUVATN.
29	BYGGINGARVÖRUR SEM KOMAST Í SNERTINGU VIÐ NEYSLUVATN.
30	PLÖTUGLER, SKÚFFUGLER OG GLERSTEINSVÖRUR.
31	RAFMAGNSKAPLAR, STÝRIS- OG SAMSKIPTASTRENGIR.
32	ÞÉTTIEFNI FYRIR SAMSEYTI.
33	FESTINGAR.
34	BYGGINGARHLUTAKERFI, BYGGINGAREININGAR OG FORSMÍÐAÐAR EININGAR.

SVIÐS-NÚMÉR	VÖRUSVIÐ
35	BRUNAHEFTANDI, BRUNAÞÉTTANDI OG BRUNAVÉRJANDI BYGGINGARVÖRUR. ELDTEFJANDI EFNI.

**Tafla 2 — Kröfur sem tæknimatsstofnanir skulu uppfylla**

Hæfi	Lýsing á hæfi	Krafa
1. Að greina áhættu	Að greina hugsanlegar áhættur og ávinn- ing af því að nota nýjar byggingarvörur ef viðurkenndar/traustar tæknilegar upp- lýsingar varðandi nothæfi þeirra liggja ekki fyrir við ísetningu þeirra í mann- virkin.	Tæknimatsstofnun skal komið á fót sam- kvæmt landslögum og hún skal hafa réttarstöðu lögaðila. Hún skal vera óháð hagsmunaaðilum og öllum sérhagsmun- um.  Að auki skal tæknimatsstofnun hafa yfir að ráða starfsfólki með:  a) hlutlægni og trausta tæknilega dóm- greind,
2. Að setja tækni- legar viðmiðanir	Að breyta niðurstöðunni úr áhættugrein- ingunni í tæknilega viðmiðun fyrir mat á hegðun og nothæfi byggingarvara að því er varðar uppfyllingu viðeigandi, lands- bundinna krafna,  Að láta í té tæknilegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til handa þeim sem taka þátt í byggingarferlinu sem hugsanlegir notendur byggingarvara (framleiðendur, hönnuðir, verktakar, uppsetningaraðilar).	b) ítarlega þekkingu á ákvæðum reglna og öðrum gildandi kröfum í aðildarríkjun- um, þar sem hún er tilnefnd, að því er varðar þau vörusvið sem hún er tilnefnd fyrir,  c) almennan skilning á byggingarstarfsemi og ítarlega tækniþekkingu á þeim vöru- sviðum sem hún er tilnefnd fyrir,  d) ítarlega þekkingu á sérstakri áhættu sem fylgir byggingarferlinu og tækni- legum þáttum þess,
3. Að ákveða matsaðferðir	Að útfæra og fullgilda viðeigandi aðferð- ir (prófanir eða útreikninga) til að meta nothæfi vegna mikilvægra eiginleika byggingarvara miðað við núverandi tækni.	e) ítarlega þekkingu á gildandi samhæfð- um stöðlum og prófunaraðferðum á þeim vörusviðum sem hún er tilnefnd fyrir,  f) viðeigandi tungumálakunnáttu.  Þóknun starfsliðs tæknimatsstofnunarinn- ar skal hvorki vera háð fjölda matsgerða sem unnar eru né niðurstöðum slíkra matsgerða.
4. Að ákveða fram- leiðslustýringu í verksmiðju	Að skilja og meta framleiðsluferli tiltek- innar vöru í því skyni að greina viðeig- andi ráðstafanir sem tryggja stöðugleika vörunnar í tilteknu framleiðsluferli.	Tæknimatsstofnun skal hafa starfsfólk með viðeigandi þekkingu á tengslum framleiðsluferlisins og einkennum vör- unnar í tengslum við framleiðslustýringu í verksmiðju.

Hæfi	Lýsing á hæfi	Krafa
5. Að meta vöruna	Að meta nothæfi vegna mikilvægra eiginleika byggingarvara á grundvelli samhæfðra aðferða m.t.t. samhæfðra viðmiðana.	Til viðbótar kröfunum sem skráðar eru í 1., 2. og 3. lið skal tæknimatsstofnun hafa aðgang að nauðsynlegum úrræðum og búnaði fyrir mat á nothæfi vegna mikilvægra eiginleika byggingarvara á vörusviðunum sem hún er tilnefnd fyrir.
6. Almenn stjórnun	Að tryggja samkvæmni, áreiðanleika, hlutlægni og rekjanleika með stöðugri beitingu viðeigandi stjórnunaraðferða.	Tæknimatsstofnun skal hafa: a) gögn sem sýna fram á góðar stjórn-sýsluvenjur, b) stefnu og viðbótarmálsmeðferð til að tryggja að leynd haldist um viðkvæmar upplýsingar innan tæknimatsstofnunarinnar og hjá öllum samstarfsaðilum hennar, c) skjalastjórnunarkerfi sem tryggir skráningu, rekjanleika, viðhald og geymslu allra viðkomandi skjala, d) fyrirkomulag um innri endurskoðun og rýni stjórnenda til að tryggja reglubundið eftirlit með því að viðeigandi stjórnunaraðferðum sé fylgt, e) málsmeðferð til að fást á hlutlægan hátt við málskot og kvartanir.

#### V. VIÐAUKI

#### MAT Á NOTHÆFI OG SANNPRÓFUN Á STÖÐUGLEIKA ÞESS

##### 1. KERFI VIÐ MAT Á NOTHÆFI OG SANNPRÓFUN Á STÖÐUGLEIKA ÞESS

##### 1.1. Kerfi 1+ – Yfirlýsing framleiðanda um nothæfi vegna mikilvægra eiginleika byggingarvörunnar á grundvelli eftirfarandi þátta:

- a) framleiðandinn skal sjá um:
  - i. framleiðslustýringu í verksmiðju,
  - ii. frekari prófanir á sýnum sem tekin eru í verksmiðjunni í samræmi við þá prófunaráætlun sem mælt er fyrir um,
- b) tilkynntur vottunaraðili fyrir vöruna skal gefa út vottorð um stöðugleika nothæfis vörunnar á grundvelli:
  - i. ákvörðunar gerðareintaksins á grundvelli gerðarprófana (þ.m.t. sýnataka), gerðarútreikninga, töflusettra gilda eða lýsandi gagna um vöruna,
  - ii. fyrstu skoðunar á verksmiðju og framleiðslustýringu í verksmiðju,
  - iii. stöðugs eftirlits, mats og úttektar á framleiðslustýringu í verksmiðju,
  - iv. úttektarprófunum á sýnum sem tekin eru áður en varan er sett á markað.

- 1.2. Kerfi 1 – Yfirlýsing framleiðanda um nothæfi vegna mikilvægra eiginleika byggingarvörunnar á grundvelli eftirfarandi þátta:
- a) framleiðandinn skal sjá um:
    - i. framleiðslustýringu í verksmiðju,
    - ii. frekari prófanir á sýnum sem framleiðandi tekur í verksmiðjunni í samræmi við þá prófunaráætlun sem mælt er fyrir um,
  - b) tilkynntur vottunaraðili fyrir vöruna skal gefa út vottorð um stöðugleika nothæfis vörunnar á grundvelli:
    - i. ákvörðunar vörutegundar á grundvelli gerðarprófana (þ.m.t. sýnataka), gerðarútreikninga, töflusettra gilda eða lýsandi gagna um vöruna,
    - ii. fyrstu skoðunar á verksmiðju og framleiðslustýringu í verksmiðju,
    - iii. stöðugs eftirlits, mats og úttekta á framleiðslustýringu í verksmiðju.
- 1.3. Kerfi 2+ – Yfirlýsing framleiðanda um nothæfi vegna mikilvægra eiginleika byggingarvörunnar á grundvelli eftirfarandi þátta:
- a) framleiðandinn skal sjá um:
    - i. ákvörðun gerðareintaksins á grundvelli gerðarprófana (þ.m.t. sýnataka), gerðarútreikninga, töflusettra gilda eða lýsandi gagna um vöruna,
    - ii. framleiðslustýringu í verksmiðju,
    - iii. prófanir á sýnum sem tekin eru í verksmiðjunni í samræmi við þá prófunaráætlun sem mælt er fyrir um,
  - b) tilkynntur vottunaraðili framleiðslustýringar vörunnar skal gefa út samræmisvottorð fyrir framleiðslustýringu í verksmiðjunni á grundvelli:
    - i. fyrstu skoðunar á verksmiðjunni og framleiðslustýringu í verksmiðju,
    - ii. stöðugs eftirlits, mats og úttekta á framleiðslustýringu í verksmiðju.
- 1.4. Kerfi 3 – Yfirlýsing framleiðanda um nothæfi vegna mikilvægra eiginleika byggingarvörunnar á grundvelli eftirfarandi þátta:
- a) framleiðandinn skal sjá um framleiðslustýringu í verksmiðju,
  - b) tilkynnt prófunarstofa skal sjá um ákvörðun gerðareintaks á grundvelli gerðarprófana (byggðar á sýnatöku framleiðanda), gerðarútreikninga, töflusettra gilda eða lýsandi gagna um vöruna.
- 1.5. Kerfi 4 – Yfirlýsing framleiðanda um nothæfi vegna mikilvægra eiginleika byggingarvörunnar á grundvelli eftirfarandi þátta:
- a) framleiðandinn skal sjá um:
    - i. ákvörðun gerðareintaks á grundvelli gerðarprófana, gerðarútreikninga, töflusettra gilda eða lýsandi gagna um vöruna,
    - ii. framleiðslustýringu í verksmiðju,
  - b) engin verkefni fyrir tilkynntan aðila.
2. AÐILAR SEM TAKA ÞÁTT Í MATI Á NOTHÆFI OG SANNPRÓFUN Á STÖÐUGLEIKA ÞESS
- Að því er varðar störf tilkynnta aðila sem taka þátt í mati á nothæfi byggingarvara og sannprófun á stöðugleika þess, skal gera greinarmun á:

- 1) vottunaraðila fyrir vöru: opinber eða óopinber tilkynntur aðili sem býr yfir fullnægjandi hæfi og ábyrgð til að framkvæma vottun vöru í samræmi við tilteknar málsmeðferðarreglur og reglur um stjórnun,
  - 2) vottunaraðila framleiðslustýringar í verksmiðju: opinber eða óopinber tilkynntur aðili sem býr yfir fullnægjandi hæfi og ábyrgð til að framkvæma vottun á framleiðslustýringu í verksmiðju í samræmi við tilteknar málsmeðferðarreglur og reglur um stjórnun,
  - 3) prófunarstofu: tilkynnt rannsóknastofa sem mælir, rannsakar, prófar, kvarðar eða ákvarðar með öðrum hætti eiginleika eða nothæfi smíðaeigna eða byggingarvara.
3. DÆMI UM MIKILVÆGA EIGINLEIKA ÞAR SEM TILVÍSUNAR Í VIÐKOMANDI SAMHÆFÐAR TÆKNIFORSKRIFTIR ER EKKI KRAFIST
1. Viðbrögð við bruna.
  2. Brunaþol.
  3. Nothæfi með tilliti til utanaðkomandi elds.
  4. Hávaðagleypni.
  5. Losun á hættulegum efnum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### **I. Inngangur – tilefni og nauðsyn lagasetningar.**

Hinn 9. mars 2011 var samþykkt innan Evrópusambandsins reglugerð ESB nr. 305/2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE. Reglugerðinni er ætlað að leysa af hólmi eldri tilskipun ráðsins 89/106/EBE um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara. Sú tilskipun var innleidd á sínum tíma með reglugerð um viðskipti með byggingarvörur nr. 431/1994. Reglugerð ESB nr. 305/2011 tók gildi í apríl 2011 innan Evrópusambandsins, en gildistöku meginhluta hennar var þó frestað til 1. júlí 2013.

Reglum Evrópusambandsins um markaðssetningu byggingarvara er ætlað að tryggja að áreiðanlegar upplýsingar liggi fyrir um eiginleika byggingarvara með tilliti til þeirra grunnkrafna sem mannvirkjum er ætlað að uppfylla, t.d. um öryggi og hollustu. Með því að samræma aðferðir, kröfur og hugtakanotkun í samræmdri Evrópulöggjöf skapast grundvöllur fyrir frjálsu flæði byggingarvara innan Evrópu. Hin nýja reglugerð byggist að meginstefnu til á sama kerfi og tilskipun 89/106/EBE. Grundvallarhugtök og ýmis vafaatriði eru skýrð og kveðið skýrt á um skyldu til CE-merkingar. Ákvæði um ábyrgð, hlutverk og skyldur aðila eru mun skýrari en áður, svo sem framleiðenda, innflytjenda, dreifenda, tæknimatsstofnana, tilkynnta aðila og markaðseftirlitsstofnana. Málsmeðferð samræmismats er einfölduð, sérstaklega fyrir smærri fyrirtæki, og áreiðanleiki kerfisins aukinn, t.d. með skýrari reglum um tæknimatsstofnanir og tilkynnta aðila. Að auki er lögð meiri áhersla á upplýsingagjöf og leiðbeiningar til framleiðenda, innflytjenda og dreifenda með kröfu um að aðildarríkin setji á fót svokallaða vörutengiliði fyrir byggingariðnaðinn. Þá eru í reglugerðinni skýrari ákvæði um markaðseftirlit en voru í tilskipun 89/106/EBE.

Að sumu leyti hefur gengið erfiðlega að innleiða aðferðafræði tilskipunar 89/106/EBE í löndum Evrópusambandsins. Reglurnar hafa verið taldar flóknar og óljósar og málsmeðferð tímafrek og dýr. Þá hefur mismunandi framkvæmd milli aðildarríkja valdið vandræðum. Hinni nýju reglugerð er ætlað að bæta úr þessum ágöllum. Þrátt fyrir ágalla og hnökra á

frankvæmd tilskipunar 89/106/EBE hefur töluverður árangur náðst við gerð samhæfðra staðla og trú markaðarins á kerfinu aukist.

Til að auka einsleitni og samræma frankvæmd innan Evrópusambandsins var formi lögjafarinnar breytt úr tilskipun í reglugerð. Hin nýja reglugerð er ítarleg og skýr þótt efni hennar sé að mörgu leyti mjög flókið og sérhæft. Undirbúningur hennar tók langan tíma innan Evrópusambandsins og ekki er fyrirjáanlegt að breytingar á henni verði tíðar. Til að tryggja skýra lagastoð reglugerðarinnar er lagt til að reglugerðinni verði veitt beint lagagildi með því að leggja hana fyrir Alþingi sem fylgiskjal með frumvarpi þessu. Svokallaðar fram-seldar gerðir verði hins vegar innleiddar með reglugerð.

Frumvarp þetta var unnið í samvinnu við Mannvirkjastofnun. Í nágildandi löggjöf er ákvæði um viðskipti með byggingarvörur að finna í lögum nr. 160/2010, um mannvirki, en þau ákvæði byggjast á ákvæðum áðurgreindrar tilskipunar 89/106/EBE. Telja verður að sér-lög um viðskipti með byggingarvörur feli í sér skýrari framsetningu en að þau ákvæði sé að finna í lögum um mannvirki. Um er að ræða umfangsmeiri ákvæði en eru í nágildandi lögum auk þess sem reglugerð ESB nr. 305/2011 felur í sér sértæk og ítarleg ákvæði eins og áður segir.

## II. Nánar um efni reglugerðar ESB nr. 305/2011.

### 1. Grunnkröfur fyrir mannvirki.

Samkvæmt tilskipun 89/106/EBE skal byggingarvara henta til byggingar mannvirkja og fullnægja í því samhengi tilteknum grunnkröfum sem eru flokkaðar í eftirfarandi sex flokka:

1. Burðarþol og stöðugleiki.
2. Varnir gegn eldsvoða.
3. Hollusta, heilsa og umhverfi.
4. Öryggi við notkun.
5. Hávaðavarnir.
6. Orkusparnaður og hitaeinangrun.

Í hinni nýju reglugerð er að meginstefnu til byggt á sömu grunnkröfum og áður, með lítils háttar breyttu orðalagi þeirra þátta er varða umhverfismál. Hins vegar er nýtt að við fjórðu grunnkröfu (öryggi við notkun) bætist krafa um að mannvirki séu hönnuð og byggð á þann hátt að tekið sé tillit til aðgengis og notkunar fatlaðra einstaklinga auk þess sem sjöunda grunnkrafan, sjálfbær nýting náttúruauðlinda, bætist við.

### 2. Yfirlýsing um nothæfi og CE-merking.

Ef byggingarvara fellur undir samhæfðan staðal eða samræmist evrópsku tæknimati sem gefið hefur verið út fyrir vöruna skal framleiðandi gera yfirlýsingu um nothæfi vöru áður en hún er sett á markað, sbr. 4. gr. reglugerðar ESB nr. 305/2011. Í yfirlýsingunni kemur fram til hvaða nota viðkomandi vara er ætluð. Jafnframt felst í yfirlýsingunni greining framleiðanda á því hvaða „mikilvægu eiginleika“ varan hefur og þannig greining á því hvaða eiginleikar vörunnar tengjast grunnkröfunum fyrir mannvirki. Með yfirlýsingu um nothæfi ábyrgist framleiðandinn samræmi byggingarvörunnar við tilgreint nothæfi. Á grundvelli þessara upplýsinga getur notandi byggingarvöru tekið ákvörðun um hvort varan henti til áformaðra nota.

Þegar yfirlýsing um nothæfi liggur fyrir skal vara CE-merkt. Skyld er samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar að CE-merkja byggingarvörur sem falla undir samhæfðan staðal eða sem evrópskt tæknimat hefur verið gefið út fyrir. Eldri tilskipun 89/106/EBE hefur verið túlkuð með mismunandi hætti í Evrópu hvað varðar skyldu til CE-merkingar. Í nýrri reglugerð er

skýrt kveðið á um að skylt sé að CE-merkja byggingarvörur sem falla undir samhæfða staðla eða evrópskt tæknimat. Það hefur ekki í för með sér breytingu hvað Ísland varðar þar sem kveðið er á um skyldu til CE-merkingar í reglugerð nr. 431/1994 um viðskipti með byggingarvörur og lögum um mannvirki, nr. 160/2010.

Á grundvelli tilskipunar 89/106/EBE hafa verið gerðir u.þ.b. 420 samhæfðir staðlar og 3000 tæknisamþykki (nú „tæknimat“). Þeim byggingarvörum sem skulu CE-merktar hefur þannig fjölgað mikið á síðustu árum. Framleiðandi hefur val um það hvort hann sækir um tæknimat fyrir vöru sem ekki fellur undir samhæfðan staðal.

### 3. Vörutengiliðir fyrir byggingariðnaðinn.

Í 10. gr. reglugerðar ESB nr. 305/2011 er kveðið á um að aðildarríkin skuli tilnefna vöru-tengilið fyrir byggingariðnaðinn. Hlutverk tengiliðar er að veita upplýsingar um þær reglur sem gilda í viðkomandi aðildarríki um markaðssetningu byggingarvara.

### 4. Skyldur framleiðenda, innflytjenda og dreifenda.

Ákvæði um skyldur framleiðenda, innflytjenda og dreifenda eru mun skýrari í reglugerð ESB nr. 305/2011 en tilskipun 89/106/EBE en fela ekki í sér neinar grundvallarbreytingar á fyrra fyrirkomulagi.

### 5. Samhæfð tækniforskrift – samhæfðir staðlar og evrópskt tæknimat.

Að meginstefnu til byggist hin nýja reglugerð ESB nr. 305/2011 á sama grundvelli og tilskipun 89/106/EBE hvað varðar samhæfða tækniforskrift. Samhæfð tækniforskrift segir til um það hvaða aðferðum beita skal til að sýna fram á að vara henti til áformaðra nota.

Framkvæmdastjórn ESB tekur ákvarðanir um fyrir hvaða vörur skuli gera samhæfða staðla. Eins og áður segir hafa verið gerðir u.þ.b. 420 samhæfðir staðlar og 3.000 tæknisamþykki (nú „tæknimöt“) á grundvelli tilskipunar 89/106/EBE. Um 120 staðlar eru í vinnslu. Ef vara fellur undir samhæfðan staðal er skylt að gera yfirlýsingu um nothæfi fyrir vöruna og CE-merkja hana áður en hún er sett á markað. Ef vara fellur ekki undir samhæfðan staðal hefur framleiðandi val um það hvort hann sækir um evrópskt tæknimat vegna hennar, sem veitir honum rétt til að CE-merkja vöruna, eða hvort hann markaðssetur hana án CE-merkis. Í nýju reglugerðinni er það skýrt að valfrjálst er að sækja um evrópskt tæknimat fyrir viðkomandi byggingarvöru.

Breytingar á samræmismati og upptaka „yfirlýsingar um nothæfi“ gerir það að verkum að breyta þarf ákvæðum staðla og laga þá að hugtakanotkun og aðferðafræði hinnar nýju reglugerðar. Sama gildir um evrópskt tæknimat. Reglur um málsmeðferð umsóknar um evrópskt tæknimat eru þónokkuð breyttar með áherslu á aukna skilvirkni, hagkvæmni og gagnsæi.

Dregið hefur úr þátttöku Íslands í vinnu við gerð samhæfðra Evrópskra staðla á byggingarvörusviðinu síðustu árin. Staðlar sem gerðir eru á grundvelli reglugerðar Evrópusambandsins um byggingarvörur eru bindandi hér á landi þegar þeir hafa verið innleiddir. Almenn er um mjög flókna, sérhæfða, tímafreka og dýra tæknivinnu að ræða og svigrúm Íslands til þátttöku því lítið. Í vinnunni geta hins vegar komið upp mál þar sem mikilvægt er að tekið sé tillit til íslenskra aðstæðna, svo sem landfræðilegrar legu, veðurfarskilyrða, snjóálags, jarðskjálftaálags og þess háttar. Nauðsynlegt er því að vakta staðlastarfið og tryggja þátttöku Íslands þegar á þarf að halda. Þetta er unnt að gera með því að taka þátt í eða fylgjast með starfi samráðsnefndar um byggingarstaðla innan staðlasamtaka Evrópu (CEN) og sjá síðan til þess að fjármagni sé veitt til einstakra verkefna þegar á þarf að halda.



### 6. Tæknimatsstofnanir.

Mun ítarlegri og skýrari reglur eru í hinni nýju reglugerð um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra aðila sem gefa út „evrópskt tæknimat“ auk þess sem mun ítarlegri reglur eru settar um málsmeðferð þessara aðila. Stjórnvöld (tilkynningaryfirvald) tilnefna tæknimatsstofnanir og skulu fylgjast með starfsemi og hæfi þeirra í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í reglugerðinni. Ekki er skylt að tilnefna tæknimatsstofnun í hverju aðildarríki. Tæknimatsstofnanir geta annast tæknimat án tillits til landamæra og því geta framleiðendur valið að leita til erlendra tæknimatsstofnunar ef engin slík stofnun hefur verið tilkynnt í þeirra landi.

Tæknimatsstofnanir skulu koma á fót samtökum um tæknimat (EOTA), sbr. 31. gr. reglugerðar ESB nr. 305/2011 með sambærilegum hætti og gildi samkvæmt tilskipun 89/106/EBE. Gerð var krafa um að tilkynna hefði átt um allar tæknimatsstofnanir á grundvelli nýju reglugerðarinnar fyrir 1. júlí 2013. Þetta gildir einnig fyrir þær stofnanir sem voru starfandi áður.

Íslensk stjórnvöld tilkynntu Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem tæknimatsstofnun á grundvelli tilskipunar 89/106/EBE og var stofnunin á tímabili aðili að EOTA. Ekkert evrópskt tæknimat hefur verið gefið út á Íslandi. Viðkomandi tæknimatsstofnun stendur straum af kostnaði við aðild að EOTA og ákveður sjálf hvort hún sækist eftir tilnefningu sem tæknimatsstofnun.

### 7. Tilkynntir aðilar.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um aðila sem hafa heimild til að framkvæma samræmismat á grundvelli hinnar nýju reglugerðar. Byggt er á sama kerfi og áður en settar mun ítarlegri reglur um samræmismatið og auknar kröfur gerðar til tilkynnta aðila um hæfni, ábyrgð og hlutleysi. Meginbreytingin felst í því að gerðar eru ítarlegar kröfur um framkvæmd mats á hæfni af hálfu tilkynningarstjórnvalds áður en viðkomandi aðili er tilkynntur. Skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um það hvaða reglur gilda um mat og tilkynningu aðila í þeirra landi. Tilkynntir aðilar hafa heimild til að starfa á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og niðurstöður þeirra gilda óháð landamærum. Af þeim sökum var talið nauðsynlegt að auka þær kröfur sem gerðar eru til mats á hæfni þeirra og er það liður í því að auka áreiðanleika kerfisins í heild.

### 8. Einfölduð málsmeðferð.

Ferli CE-merkingingar samkvæmt tilskipun 89/106/EBE hefur verið talið íþyngjandi og dýrt, sérstaklega fyrir smærri fyrirtæki. Í hinni nýju reglugerð er leitast við að taka upp einfaldari og ódýrari málsmeðferð, sérstaklega fyrir þessi smærri fyrirtæki, sbr. VI. kafla reglugerðarinnar.

### 9. Markaðseftirlit.

Í tilskipun 89/106/EBE eru fá eða engin ákvæði um fyrirkomulag markaðseftirlits með byggingarvörum og hafa stjórnvöld því haft ákvörðunarvald um það hvernig því er háttað. Skortur á samræmdu eftirliti hefur verið nefnd sem ein ástæða þess að ekki hefur tekist að samræma framkvæmd tilskipunarinnar innan Evrópu. Í mörgum tilvikum hafa því mismunandi reglur gilt um markaðssetningu byggingarvara eftir löndum sem leitt hefur til þess að markmið um frjálst flæði byggingarvöru innan Evrópu hefur ekki náðst að fullu. Af hálfu framleiðenda hefur verið lögð áhersla á samræmda framkvæmd og að reglunum væri framfylgt, enda skekkir það samkeppnisstöðu fyrirtækja ef sum þurfa að leggja í kostnað við samræmismat og CE-merkingar en önnur ekki. Eftir því sem samhæfðum stöðlum og CE-merktum byggingarvörum hefur fjölgað hefur skilningur markaðarins (framleiðenda og not-

enda) á kerfinu aukist. Fjölgun í umsóknum um valfrjálst evrópskt tæknimat sem veitir rétt til CE-merkingar er talið til marks um það að framleiðendur telji sig í auknum mæli hafa hag af kerfinu, sem veitir þeim í raun aðgangsmiða að hinum evrópska markaði, og að notendur geri jafnframt í auknum mæli kröfu um að fyrir liggi þær upplýsingar sem kerfið veitir um eiginleika og nothæfi byggingarvara.

Til að tryggja jafngilda og samræmda framkvæmd löggjafarinnar er í reglugerð ESB nr. 305/2011 kveðið á um að aðildarríkin skuli annast skilvirkt markaðseftirlit. Er í reglugerðinni vísað til reglugerðar EB nr. 765/2008 um grunnskilyrði fyrir slíkt markaðseftirlit, einkum hvað varðar áætlanir, fjármögnun og viðurlæg. Til staðar er samráðsvettvangur aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins um framkvæmd markaðseftirlits með byggingarvörur.

### III. Meginefni frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að frumvarp til laga um byggingarvörur leysi af hólmi þau ákvæði laga nr. 160/2010, um mannvirki, sem fjalla um viðskipti með byggingarvörur. Um byggingarvörur er einnig fjallað í reglugerð nr. 431/1994, um viðskipti með byggingarvörur, og í 5. hluta byggingarreglugerðar, nr. 112/2012. Gert er ráð fyrir að við gildistöku laganna verði reglugerð nr. 431/1994 felld úr gildi og 5. hluti reglugerðar nr. 112/2012 aðlagður hinum nýjum lögum.

Frumvarpið er í fjórum köflum ásamt reglugerð ESB nr. 305/2011 sem er fylgiskjal með frumvarpinu. Í I. kafla frumvarpsins er kveðið á um þá meginreglu að byggingarvörur skuli uppfylla kröfur laganna og fyrrgreindrar reglugerðar og um ábyrgð eiganda mannvirkis í þessu sambandi. Að öðru leyti eru í frumvarpinu tilgreind sérstaklega þau atriði sem gert er ráð fyrir í reglugerð ESB nr. 305/2011 að aðildarríkin útfæri nánar í sinni löggjöf. Því er nánar fjallað um framkvæmd reglugerðar ESB nr. 305/2011 í II. kafla frumvarpsins, þar á meðal vörutengilið fyrir byggingariðnaðinn, kröfur um tungumál vegna gagna og upplýsinga um byggingarvörur, tilnefningu tæknimatsstofnunar, tilkynningaryfirvald og kröfur til tilkynnta aðila. Í III. kafla eru hins vegar settar fram kröfur um gögn sem fylgja þurfa byggingarvörum sem ekki falla undir samhæfðan evrópskan staðal eða evrópskt tæknimat og falla þar með utan þeirra krafna sem reglugerð ESB nr. 305/2011 kveður á um. Um þessar kröfur er nánar fjallað í athugasemdum við III. kafla frumvarpsins.

Að lokum er í IV. kafla fjallað um opinbert markaðseftirlit með byggingarvörum, réttarúrræði o.fl., þar á meðal heimild til skoðunar og upplýsingaskyldu, dagsektir, förgun og lagfæringu byggingarvöru, tilkynningarskyldu og birtingu eftirlitsskýrslna. Í kaflanum er auk þess kveðið á um innleiðingu reglugerðar ESB nr. 305/2011. Einnig er gert ráð fyrir breytingum á lögum nr. 160/2010, um mannvirki, og lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, til samræmis við ákvæði frumvarpsins, en þar er m.a. gert ráð fyrir að ákvæði um viðskipti með byggingarvörur séu felld úr lögum um mannvirki.

### IV. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarp þetta hefur ekki gefið sérstakt tilefni til mats á samræmi við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar.

### V. Samráð.

Frumvarp til laga um byggingarvörur var fyrst lagt fram á Alþingi á 141. löggjafarþingi. Fyrir samningu þess frumvarps hélt umhverfis- og auðlindaráðuneytið í september 2012, ásamt Mannvirkjastofnun, samráðsfund með Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu þar sem fjallað var um efni reglugerðar ESB nr. 305/2011 og innleiðingu hennar.

Ráðuneytið sendi einnig drög að frumvarpinu níu aðilum til umsagnar. Ráðuneytinu bárust umsagnir um frumvarpið frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum iðnaðarins og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nokkrar breytingar voru gerðar á frumvarpinu í kjölfarið, m.a. vegna fyrirliggjandi umsagna, og eru þær helstu reifaðar í athugasemdum við það frumvarp. Frumvarpið, eins og það er nú lagt fram á 143. löggjafarþingi, er efnislega óbreytt frá því frumvarpi sem var lagt fram á 141. löggjafarþingi, að undanskildu því að sveigjanleiki hefur verið aukinn hvað varðar tungumálakröfur vegna yfirlýsingar um nothæfi byggingarvöru og leiðbeiningar um notkun og upplýsingar um öryggi vöru, sbr. m.a. 4. gr. frumvarpsins.

## VI. Mat á áhrifum.

Eins og áður segir þá byggist hin nýja reglugerð ESB nr. 305/2011 í grundvallaratriðum á sama kerfi og verið hefur samkvæmt tilskipun 89/106/EBE, en t.a.m. er nú þegar kveðið á um skyldu til CE-merkingar byggingarvara í íslenskum lögum. Þeir aðilar sem frumvarpið hefur helst áhrif á eru framleiðendur byggingarvara, innflytjendur, dreifendur, fagaðilar sem koma að mannvirkjagerð, tilkynntir aðilar, neytendur og Mannvirkjastofnun. Frumvarpið felur þó að meginstefnu til ekki í sér auknar kröfur á framleiðendur, innflytjendur eða dreifingaraðila. Helstu áhrif frumvarpsins, verði það að lögum, eru einfaldari málsmeðferð samræmismats, sérstaklega fyrir smærri fyrirtæki, og aukinn áreiðanleiki kerfisins. Auknar kröfur eru einnig gerðar til tilkynntra aðila um hæfni, ábyrgð og hlutleysi og ítarlegri kröfur eru gerðar um framkvæmd mats á hæfni þeirra. Sá aðili hérlendis sem sinnt hefur hlutverki tilkynnts aðila er Nýsköpunarmiðstöð Íslands, áður Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Telja verður til mikilla bóta, m.a. í tengslum við eftirlit Mannvirkjastofnunar, að ábyrgð, hlutverk og skyldur ábyrgðaraðila verði mun skýrari en áður. Með innleiðingu reglugerðar ESB nr. 305/2011 er gert ráð fyrir skilvirkara markaðseftirliti vegna skýrara regluverks en áður hefur verið sem er m.a. til hagsbóta fyrir neytendur og þá fagaðila sem koma að mannvirkjagerð. Telja verður því að frumvarpið muni hafa aukna hagkvæmni í för með sér. Þá eru auknir möguleikar hagsmunaaðila til að afla allra nauðsynlegra upplýsinga á þessu sviði vegna hins nýja hlutverks Mannvirkjastofnunar sem vörutengiliðs.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

#### Um 1. gr.

Tekið er fram í greininni að hugtök þau sem skilgreind eru í 2. gr. reglugerðar ESB nr. 305/2011 skuli hafa sömu merkingu í innleiðingarlögnum og þau hafa í reglugerðinni en hún er birt sem fylgiskjal með lögnum.

#### Um 2. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 49. gr. laga um mannvirki. Í ákvæðinu er kveðið á um að óheimilt sé að nota byggingarvörur til mannvirkjagerðar nema þær uppfylli kröfur laganna og reglugerðar ESB nr. 305/2011.

Reglur frumvarps þessa og reglugerðar ESB nr. 305/2011 snúa að mestu leyti að framleiðendum, innflytjendum og dreifendum og skilgreina ábyrgð þeirra við markaðssetningu byggingarvara. Hér er hins vegar fjallað um ábyrgð eiganda. Eðlilegt er að eigandi, sem er sá sem kostar gerð mannvirkisins og rekstur, beri endanlega ábyrgð á vali á byggingarefni. Á grundvelli ákvæða laga um mannvirki bera þeir fagaðilar sem eigandi ræður til verksins ábyrgð á því gagnvart eiganda að uppfyllt séu ákvæði laga og reglugerða við mannvirkjagerðina, þ.m.t. ákvæði þessara laga og reglugerðar ESB nr. 305/2011. Gjarnan eru þær kröfur sem

byggingarefni á að uppfylla skilgreindar í byggingarreglugerð og hönnunargögnum. Byggingarstjórar og iðnmeistarar eiga síðan að sjá til þess að við mannvirkjagerðina sé fylgt ákvæðum laga og reglugerða og samþykktum hönnunargögnum, þ.m.t. um efnisval. Í þessu felst að allir þessir aðilar sem að mannvirkjagerðinni koma þurfa að ganga úr skugga um það að tiltekin byggingarvara sem valin er til notkunar í mannvirki henti til fyrirhugaðrar notkunar og hafi þá eiginleika sem nauðsynlegir eru til að grunnkröfur, t.d. um öryggi og hollustu mannvirkisins, séu uppfylltar. Til að geta metið þetta verða að fylgja byggingarvörunni viðeigandi gögn og merkingar í samræmi við ákvæði reglugerðar ESB nr. 305/2011.

#### Um 3. gr.

Samkvæmt 10. gr. reglugerðar ESB nr. 305/2011 skulu aðildarríkin tilnefna vörutengilið fyrir byggingariðnaðinn. Lagt er til í 3. gr. frumvarpsins að Mannvirkjastofnun gegni hlutverki vörutengiliðs. Samkvæmt reglugerðinni eiga vörutengiliðir að veita gagnsæjar og auðskiljanlegar upplýsingar um þær kröfur sem gilda í viðkomandi landi um byggingarvörur. Gert er ráð fyrir að almennar upplýsingar séu veittar án endurgjalds, sbr. 43. lið aðfaraorða reglugerðarinnar. Undir þetta fellur öll almenn upplýsingagjöf um þær reglur sem um markaðssetningu byggingarvara gildir. Hins vegar er heimilt að taka gjald fyrir viðbótarupplýsingar og ráðgjöf sem veitt er, enda nemi fjárhæð gjalds ekki hærri upphæð en sem nemur kostnaði stofnunarinnar af því að veita þjónustuna. Almennt séð er þó ekki gert ráð fyrir að Mannvirkjastofnun annist tæknileg ráðgjafarstörf á þessu sviði heldur sé það eftirlátið einkaðilum.

#### Um 4. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um það á hvaða tungumáli gögn skulu vera. Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. reglugerðar ESB nr. 305/2011 ákveða aðildarríkin hvaða kröfur þau gera um tungumál yfirlýsingar um nothæfi. Í frumvarpinu er því lagt til að yfirlýsing um nothæfi skuli vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku.

Í 2. mgr. er ákvæði um að byggingarvöru fylgi leiðbeiningar um notkun og upplýsingar um öryggi á íslensku eða ensku, sbr. 6. mgr. 11. gr., 4. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar ESB nr. 305/2011. Í umræddum ákvæðum reglugerðarinnar er gerð sú krafa að um sé að ræða tungumál sem notendur hafi á valdi sínu.

Þar sem meginhluti byggingarvara er innfluttur má gera ráð fyrir að fortakslaus krafa um þýðingu yfirlýsingar um nothæfi vörunnar, leiðbeininga um notkun vörunnar eða upplýsinga um öryggi hennar feli í sér kostnaðarauka sem gæti skilað sér út í verðlag. Á sumum sérhæfðum sviðum má búast við því að þeir sem aðallega lesa þessi gögn séu hönnuðir og aðrir sérfræðingar sem hafa viðkomandi enskt tæknimál og/eða Norðurlandamál á valdi sínu. Í öðrum tilvikum, t.d. þegar um er að ræða vöru sem hinn almenni neytandi velur, má færa fyrir því rök að nauðsynlegt sé að yfirlýsingin sé á íslensku til að tryggja rétta notkun og rétt val vöru. Er því lagt til í 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins að ráðherra geti í reglugerð ákveðið að umrædd gögn er varða tilteknar vörur eða vöruflokka skuli vera á íslensku, með hliðsjón af notkunar sviði vörunnar og mikilvægi hennar með tilliti til grunnkraftna.

Í 4. mgr. er fjallað um tungumál gagna sem afhenda á Mannvirkjastofnun, sbr. 8. mgr. 11. gr., 9. mgr. 13. gr. og 5. mgr. 14. gr. reglugerðar ESB nr. 305/2011.

#### Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um tilnefningu svokallaðra tæknimatsstofnana, en tæknimat ber heitið tæknisamþykki í tilskipun 89/106/EBE og 40. gr. laga um mannvirki. Samkvæmt

29. gr. reglugerðar ESB nr. 305/2011 mega aðildarríkin tilnefna tæknimatsstofnanir á yfirráðasvæðum sínum, en slíkt er þó ekki skylt. Lagt er til að það sé ráðherra sem annist slíkar tilnefningar að fenginni umsögn Mannvirkjastofnunar. Aðildarríkin skulu skv. 3. mgr. 29. gr. reglugerðar ESB nr. 305/2011 fylgjast með starfsemi og hæfi þeirra tæknimatsstofnana sem þau hafa tilnefnt og meta þær í tengslum við viðkomandi kröfur sem settar eru fram í reglugerðinni.

#### Um 6. gr.

Fjallað er um svokölluð tilkynningaryfirvöld og tilkynnta aðila í VII. kafla reglugerðar ESB nr. 305/2011. Tilkynntir aðilar voru nefndir tilnefndir aðilar í þýðingu tilskipunar 89/106/EBE, sbr. einnig 42. gr. laga um mannvirki.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um aðila sem hafa heimild til að framkvæma samræmismat á grundvelli hinnar nýju reglugerðar. Byggt er á sama kerfi og í tilskipun 89/106/EBE. Hin nýja reglugerð felur hins vegar í sér mun ítarlegri reglur um samræmismatið og eru auknar kröfur gerðar til tilkynnta aðila um hæfni, ábyrgð og hlutleysi. Meginbreytingin felst í því að gerðar eru ítarlegar kröfur um framkvæmd mats á hæfni af hálfu tilkynningarstjórnvalds áður en viðkomandi aðili er tilkynntur. Skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um það hvaða reglur gilda um mat og tilkynningu aðila í þeirra landi. Tilkynntir aðilar hafa heimild til að starfa á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og niðurstöður þeirra gilda óháð landamærum.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 42. gr. laga um mannvirki, þ.m.t. um að tilnefndur (hér tilkynntur) aðili skuli hafa faggildingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 24/2006, um faggildingu o.fl. Samkvæmt 10. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um mannvirki tekur krafa um faggildingu tilnefnds aðila gildi 1. janúar 2016. Fram að þeim tíma skal tilnefndur aðili hafa gæðastjórnunarkerfi sem Mannvirkjastofnun viðurkennir og hefur eftirlit með. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 10. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum verði felldur úr gildi og í stað þess er gert ráð fyrir sambærilegu ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu.

#### Um 7. gr.

Reglugerð ESB nr. 305/2011 heimilar framkvæmdastjórn Evrópusambandsins setningu svokallaðra framseldra gerða. Oftast eru þessar gerðir í formi ákvarðana. Hér er lagt til að heimilt verði að innleiða slíkar gerðir með reglugerð, eins og gert hefur verið í gildistíð tilskipunar 89/106/EBE. Um er að ræða afar tæknilegar gerðir um nánari framkvæmd reglugerðarinnar, t.d. um umboð til staðlagerðar o.fl.

#### Um 8. gr.

Samhæfð tækniforskrift, þ.e. samhæfðir evrópskir staðlar og evrópskt tæknimat, segja til um það hvaða aðferðum framleiðandi skal beita til að meta nothæfi byggingarvara. Ekki er heimilt samkvæmt ákvæðum reglugerðar ESB nr. 305/2011 að nota aðrar aðferðir en þar eru tilgreindar. Af því leiðir að staðlarnir eru í raun skyldubundnir. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 36/2003, um staðla og Staðlaráð Íslands, eru staðlar til frjálsra afnota. Stjórnvöld geta þó gert notkun tilgreinds staðals skyldubundna með vísun til hans og hlutaðeigandi laga. Skal hann þá staðfestur með reglugerð af hlutaðeigandi ráðuneyti og skal í reglugerð vísa til staðalsins. Ákvæði 8. gr. er ætlað að ganga framar ákvæði 3. gr. laga nr. 36/2003. Þannig nægir samkvæmt ákvæðinu að staðallinn hafi verið innleiddur af Staðlaráði Íslands og birtur í lista á vefsíðu Mannvirkjastofnunar. Áður en staðall er samþykktur hafa hinar efnislegu íþyngjandi reglur staðalsins verið innleiddar í hinum svokölluðu framseldu gerðum, sbr. 7. gr. frum-

varpsins. Þar eru sett fyrirmæli til staðlastofnana um hvert efni staðals eigi að vera. Þetta gildir t.d. um það á grundvelli hvaða kerfis mat á nothæfi viðkomandi byggingarvöru á að fara fram, sbr. 28. gr. og V. viðauka reglugerðar ESB nr. 305/2011.

#### Um III. kafla.

Í III. kafla eru settar fram kröfur um gögn sem fylgja þurfa byggingarvörum sem ekki falla undir samhæfðan evrópskan staðal eða evrópskt tæknimat, þ.e. vörur sem ekki er skylt að CE-merkja. Enn þá falla fjölmargar byggingarvörur utan gildissviðs samþykktra staðla og þar með utan skyldu til þeirrar gagnaöflunar og þess eftirlits sem reglugerð ESB nr. 305/2011 kveður á um. Þær vörur geta engu síður tengst grunnkröfum og haft áhrif á öryggi mannvirkis og hollustu. Af þeim sökum gera mörg ríki kröfu um að hliðstæðum gögnum sé skilað vegna vara sem falla utan reglna reglugerðar ESB nr. 305/2011. Hér á landi er slíkt ákvæði nú í 8. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um mannvirki. Þar segir að leita þurfi vottunar eða umsagnar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Mannvirkjastofnunar eða annarra þar til bærri aðila sem ráðuneytið viðurkennir um að byggingarvara, sem ekki fellur undir samhæfðan evrópskan staðal eða evrópskt tæknisamþykki, uppfylli kröfur reglugerða sem settar eru á grundvelli laga um mannvirki, standist staðla og falli að verklagi og séríslenskum aðstæðum. Í framkvæmd hefur gengið illa að framfylgja framangreindu bráðabirgðaákvæði, m.a. vegna þess hve almennt það er orðað. Í frumvarpinu er leitast við að skýra betur hvaða vörur falla undir reglurnar og hvers konar gögn á að leggja fram. Við samningu þessa kafla var höfð hliðsjón af drögum að reglum sem eru í undirbúningi í Noregi. Reglur III. kafla eru hliðstæðar reglum 305/2011/ESB en þó mun einfaldari.

#### Um 9. gr.

Í ákvæðinu er gildissvið III. kafla skilgreint. Undir hann falla þær vörur sem ekki falla undir samhæfðan evrópskan staðal eða evrópskt tæknimat hefur ekki verið gefið út fyrir. Með öðrum orðum gildir kaflinn um þær vörur sem ekki er skylt að CE-merkja samkvæmt ákvæðum reglugerðar ESB nr. 305/2011. Eftir því sem stöðlum fjölgar fækkar þeim byggingarvörum sem falla undir III. kafla. Framleiðandi byggingarvöru sem ekki fellur undir samhæfðan staðal hefur val um það hvort hann fylgir ákvæðum III. kafla frumvarpsins eða sækir um evrópskt tæknimat samkvæmt ákvæðum reglugerðar ESB nr. 305/2011 og fær þannig heimild og skyldu til CE-merkingar vörunnar.

Undanþága 2. mgr. ákvæðisins er hliðstæð 5. gr. reglugerðar ESB nr. 305/2011 um undanþágur frá gerð yfirlýsingar um nothæfi.

#### Um 10. gr.

Hér er kveðið á um þá grundvallarreglu að framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans, innflytjandi og dreifandi skuli tryggja að gerð sé fullnægjandi grein fyrir nothæfi byggingarvöru áður en varan er markaðssett eða notuð í mannvirki. Í þessu skyni er gerð svokölluð yfirlýsing um nothæfi sem er hliðstæð þeirri yfirlýsingu sem gera þarf samkvæmt ákvæðum reglugerðar ESB nr. 305/2011.

Í 2. mgr. eru tilgreindir þeir eiginleikar og þættir byggingarvöru sem gera þarf grein fyrir. Það er framleiðandi sem ákveður til hvaða nota byggingarvaran er ætluð og hann skilgreinir þannig sjálfur undir hvaða liði ákvæðisins varan fellur. Tilgreini framleiðandi enga af þessum eiginleikum eða þáttum kemur það fram í yfirlýsingunni, sbr. 4. mgr. Sé það gert má ekki nota vöruna í mannvirki þannig að áhrif hafi á þá þætti sem tilgreindir eru í 2. mgr., enda liggja þá ekki fyrir nægjanlegar upplýsingar um eiginleika hennar. Innihaldi byggingarvara

efni sem falla undir 57. gr. svokallaðrar REACH-reglugerðar þarf að gera grein fyrir því í yfirlýsingu um nothæfi, sbr. 14, tölul. 2. mgr. Þetta eru efni sem háð eru markaðsleyfi samkvæmt REACH-löggjöfinni, sbr. lög um efni og efnablöndur, nr. 45/2008, og reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Má þar nefna krabbameinsvaldandi efni og efni sem valda stökkbreytingum eða hafa áhrif á æxlun, sem og þau efni sem safnast fyrir í lífverum og eru þrávirk eða eitruð. Hér er einnig átt við efni sem falla undir viðmiðanir 57. gr. REACH-reglugerðarinnar og skylt er að miðla upplýsingum um til neytenda skv. 33. gr. sömu reglugerðar.

Heimilt er skv. 5. mgr. að krefjast gagna um aðra eiginleika eða þætti en þá sem tilgreindir eru í 2. mgr. þegar slíkt er nauðsynlegt til að tryggja örugga notkun vörunnar í mannvirkjum. Í 6. mgr. er kveðið á um að við greiningu, staðfestingu og skráningu eiginleika og þátta byggingarvöru skuli styðjast við viðurkennda hönnunar- og prófunarstaðla, svo og aðra viðeigandi staðla sem ætlaðir eru til slíkrar greiningar og skráningar.

Samkvæmt 7. mgr. er ráðherra heimilt í reglugerð að kveða á um frekari eiginleika eða þætti byggingarvöru en taldir eru upp í 2. mgr. sem telja verður mikilvægt að komi fram í yfirlýsingu um nothæfi vörunnar.

#### Um 11. gr.

Hér er kveðið á um að vara sem fellur undir III. kafla skuli framleidd undir framleiðslustýringu sem tryggir stöðugleika framleiðslunnar þannig að hún hafi tilgreinda eiginleika og uppfylli tilskilið nothæfi. Framleiðslustýringin þarf einungis að ná til þeirra eiginleika sem tilgreindir eru í yfirlýsingunni, sbr. 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Ef engir eiginleikar eru tilgreindir, sbr. 4. mgr. 10. gr., er ekki gerð krafa um framleiðslustýringu.

Í 2. mgr. er lagt til að óháðum aðila skv. 12. gr. verði heimilt að krefjast gerðarprófunar byggingarvöru. Um ákvörðun gerðareintaks eða vörutegundar á grundvelli gerðarprófana er fjallað í 1. tölul. V. viðauka reglugerðar ESB nr. 305/2011 þar sem fjallað er um kerfi við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess. Skv. 1. tölul. V. viðauka geta slíkar prófanir m.a. falið í sér sýnatöku. Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins ber við mat á því hvort gera þurfi kröfu um gerðarprófun að líta til eðlis byggingarvörunnar með hliðsjón af notkunarsviði hennar og mikilvægis með tilliti til grunnkrafna.

#### Um 12. gr.

Í ákvæðinu er krafa um staðfestingu óháðs aðila á nothæfi byggingarvöru með tilliti til þeirra eiginleika sem tilgreindir eru í 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Lagt er til að í stað umsagnar Mannvirkjastofnunar eða Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands skv. 8. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um mannvirki þurfi staðfestingu þessara aðila á því að varan henti til þeirra nota sem framleiðandi hefur tilgreint hana fyrir. Staðfestingin er hliðstæð mati tilkynnts aðila á nothæfi skv. 28. gr. reglugerðar ESB nr. 305/2011. Eins og fram kemur í 6. mgr. 10. gr. skal við staðfestingu eiginleika byggingarvöru styðjast við viðurkennda hönnunar- og prófunarstaðla, svo og aðra viðeigandi staðla sem ætlaðir eru til slíkrar greiningar og skráningar. Lagt er til að Mannvirkjastofnun staðfesti nothæfi vöru með tilliti til brunapöls og brunaeiginleika byggingarvöru eins og verið hefur samkvæmt gildandi lögum, þó með þeirri breytingu að aðili sem ráðherra viðurkennir geti einnig annast slíka staðfestingu. Þá er lagt til að Nýsköpunarmiðstöð Íslands eða aðrir aðilar sem ráðherra viðurkennir annist staðfestingar á öðrum sviðum. Staðfesting Mannvirkjastofnunar skv. 12. gr. telst uppfylla kröfur um viðurkenningu Mannvirkjastofnunar skv. 2. mgr. 25. gr. laga um brunavarnir, nr. 75/2000.

Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við 8. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 160/2010, um mannvirki, en gert er ráð fyrir í 23. gr. frumvarpsins að það ákvæði verði fellt úr gildi.

Um 13. gr.

Samkvæmt ákvæðinu skal öllum byggingarvörum fylgja skjal með yfirlýsingu um nothæfi og er í 1. mgr. nánar tilgreint hvað eigi að koma fram í slíkri yfirlýsingu.

Þær kröfur sem mælt er fyrir um í 2. mgr. eru í samræmi við 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að taka gildar staðfestingar á nothæfi sem gefnar eru út af viðurkenndum aðilum á EES-svæðinu. Ekki þarf að afla staðfestingar Mannvirkjastofnunar og Nýsköpunarmiðstöðvar ef hin erlenda staðfesting er jafngild og staðfestir nothæfi með fullnægjandi hætti. Ef um er að ræða byggingarvöru sem hefur eiginleika þar sem taka þarf tillit til séríslenskra aðstæðna getur þó þurft að afla nýrrar staðfestingar þannig að tryggt sé að varan henti til nota hér á landi. Dæmi um slíkt er þegar notkun vöru og eiginleikar hennar eru háðir vindálagi, snjóálagi, hitastigi vatns, tæringarhraða eða frostþíðuáhrifum. Þekkt er að lagnaefni er almennt ekki prófað erlendis fyrir það hitastig sem algengt er hjá íslenskum veitum. Þá er einnig þekkt, þegar gluggar standast ekki nægjanlegt vindálag/slagregnsálag, að miklar líkur eru á að þeir leki, að samsetning einangrunarglers bili og þar með að endingartími glugga og glers verði óeðlilega stuttur.

Um 15. gr.

Lagt er til að Mannvirkjastofnun annist markaðseftirlit með byggingarvörum eins og verið hefur skv. 2. tölul. 5. gr. laga um mannvirki og VIII. kafla þeirra laga. Ákvæðið er samhljóða 44. gr. laga um mannvirki.

Um 16. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 45. gr. laga um mannvirki en hugtakanotkun er aðlöguð að ákvæðum reglugerðar ESB nr. 305/2011.

Um 17. gr.

Ákvæðið er hliðstætt 46. gr. laga um mannvirki en tekur mið af ákvæðum reglugerðar ESB nr. 305/2011. Auk ákvæðisins gilda 56.–59. gr. reglugerðarinnar um málsmeðferð og úrræði vegna byggingarvara sem ekki uppfylla ákvæði reglugerðarinnar eða fela í sér áhættu.

Um 18. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild Mannvirkjastofnunar til að leggja dagsektir á framleiðanda, fulltrúa hans, innflytjanda eða dreifanda til að knýja á um að þeir uppfylli þær skyldur sem á þeim hvíla samkvæmt lögnum, þ.m.t. að þeir fari að ákvörðunum eða fyrir-mælum Mannvirkjastofnunar eða láti af ólögmætu atferli. Ákvæðið er sambærilegt 2. mgr. 56. gr. laga um mannvirki.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 47. gr. laga um mannvirki.



## Um 20. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu ýmissa aðila sem koma að mannvirkjagerð til að tilkynna Mannvirkjastofnun um vörur á markaði sem ekki uppfylla kröfur frumvarpsins. Samhljóða ákvæði er í 48. gr. laga um mannvirki.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að birta skýrslur um niðurstöður markaðseftirlit á vefsíðu Mannvirkjastofnunar. Ekki er gert ráð fyrir að eftirlitsskýrslur í heild séu birtar heldur einungis skýrslur um niðurstöður markaðseftirlits. Skal þá þeim aðilum sem eftirlitið beinist að gefinn sanngjarn frestur til úrbóta. Með hliðsjón af hagsmunum neytenda er mikilvægt að upplýsingar séu birtar um það hvaða vörur á markaði uppfylla ekki kröfur og þá hvaða framleiðendur, innflytjendur og dreifendur hafa ekki sinnt fyrirmælum um úrbætur.

## Um 21. gr.

Hér er kveðið á um að stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru á grundvelli laganna sæti kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ákvæðið er samhljóða 59. gr. laga um mannvirki.

## Um 22. gr.

Í greininni er lagt til að tiltekin brot á lögnum og reglugerð ESB nr. 305/2011 varði sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Telja verður að slík refsivíðurlög hafi ákveðin varnaðaráhrif og tryggi frekar að áreiðanlegar upplýsingar liggja fyrir um eiginleika byggingarvara með tilliti til þeirra grunnkrafna sem mannvirkjum er ætlað að uppfylla, t.d. um öryggi og hollustu. Í framkvæmdinni hafa t.d. komið upp tilvik þar sem byggingarvörur hafa verið CE-merktar án þess að skilyrði hafi verið uppfyllt og verður að telja slíkt afar bagalegt. Lagt er til að það varði refsingu að bjóða byggingarvöru fram á markaði eða nota til mannvirkjagerðar án þess að fullnægjandi gögn og upplýsingar fylgi vörunni, án þess að varan sé CE-merkt þegar slíkt er skylt eða í þeim tilvikum sem varan er ranglega CE-merkt án þess að tilgreind skilyrði séu uppfyllt. Einnig er lagt til að refsivert verði að bjóða byggingarvöru fram á markaði sem við venjulega eða fyrirhugaða notkun getur valdið alvarlegri hættu hvað varðar heilbrigði manna, öryggi eða umhverfi. Telja verður mikilvægt að heimilt sé að refsa fyrir slíkt atferli til verndar almenningi sem getur orðið fyrir tjóni vegna hættulegra byggingarvara. Með fullnægjandi gögnum og upplýsingum í greininni er m.a. átt við yfirlýsingu um nothæfi, leiðbeiningar um notkun og upplýsingar um öryggi sem skal fylgja byggingarvöru. Er hér um að ræða breytingu frá ákvæðum 58. gr. laga um mannvirki, sem felur í sér almennt orðaða refsheimild, en brot á þeim lögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Í frumvarpinu er því lagt til að áðurgreind brot varði eingöngu sektum þar sem telja verður að þau séu þess eðlis að slíkar refsingar séu nægjanlegar. Ekki er þó útilokað að tiltekin brot geti varðað þyngri refsingu samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Lagt er til að heimilt verði að ákvarða lögaðilum sektir þó að sök verði ekki sönnuð á einstaklinga sem í þágu hans starfa, að því tilskildu að brotið hafi orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann, einnig að heimilt sé að gera lögaðila sekt ef einstaklingar sem starfa á hans vegum gerast sekir um brot.

## Um 23. gr.

Í samræmi við það sem fram kemur í almennum athugasemdum er lagt til að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir

markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE verði lögfest. Er gert ráð fyrir að ákvæði hennar hafi lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest. Eins og fram kemur í 23. gr. þá var reglugerðin tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2013 frá 14. júní 2013. Í ljósi þess að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af hálfu Íslands. Slíkur fyrirvari hefur þá þýðingu að viðkomandi aðildarríki hefur sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Í ljósi þessa er stefnt að því að utanríkisráðherra leggi fram tillögu til þingsályktunar á yfirstandandi lögjafarþingi um staðfestingu fyrrgreindrar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2013.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til á lögum nr. 160/2010, um mannvirki, eru vegna innleiðingar á byggingarvöreglugerð ESB nr. 305/2011. Þar sem það þótti hagkvæmast að laga-ákvæði vegna innleiðingarinnar yrðu í sérstökum lögum er hér lagt til að ákvæði laga um mannvirki er varða byggingarvörur verði felld úr lögum. Einnig er lagt til að í lögum um mannvirki verði tilgreint það hlutverk Mannvirkjastofnunar að hafa eftirlit með framkvæmd laga um byggingarvörur.

Breytingar á lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, koma einnig til vegna innleiðingar á reglugerð ESB nr. 305/2011. Sú breyting sem lögð er til í a-lið 2. tölul. er í samræmi við 11. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið er í samræmi við 10. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um mannvirki sem lagt er til í 25. gr. frumvarpsins að verði fellt úr gildi.

## Fylgiskjal.

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti,  
skrifstofa opinberra fjármála:*

### **Umsögn um frumvarp til laga um byggingarvörur.**

Tilgangur frumvarps þessa er innleiðing og framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara sem samþykkt var af Evrópusambandinu 9. mars 2011. Reglugerðinni er ætlað að koma í stað eldri tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um sama efni en áður hafði tilskipunin verið innleidd með reglugerð um viðskipti með byggingarvörur nr. 431/1994. Frumvarpinu er að auki ætlað að leysa að mestu af hólmi VIII. kafla laga nr. 160/2010, um mannvirki, en einnig eru gerðar breytingar á lögum nr. 75/2000, um brunavarnir.

Hin nýja reglugerð byggist í megindráttum á sama grundvelli og tilskipun 89/106/EBE, en helstu breytingarnar eru að kveðið er skýrar en áður á um ábyrgð, hlutverk og skyldur aðila, svo sem framleiðenda, innflytjenda, dreifenda, tæknimatsstofnana tilkynntra aðila og markaðseftirlitsstofnana. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og einkum eru taldar hafa kostnað í för með sér felast í því að aukin áhersla er lögð á upplýsingagjöf og leiðbeiningar til framleiðenda, innflytjenda og dreifenda með kröfu um að aðildarríkin setji á fót svokallaða vörutengiliði fyrir byggingariðnaðinn. Hér er um nýmæli að ræða miðað við núgildandi lög en gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að Mannvirkjastofnun sinni hlutverki vörutengiliðar hér á landi. Hlutverk vörutengiliðar er að veita gagnsæjar og auðskiljanlegar upplýsingar um þær kröfur sem gilda í viðkomandi landi um byggingarvörur. Lagt er til að almennar upplýsingar séu veittar án endurgjalds, þ.e. öll almenn upplýsingagjöf um þær reglur sem gilda um markaðssetningu byggingarvara. Hins vegar er gert ráð fyrir að stofnuninni verði heimilt að taka gjald fyrir viðbótarupplýsingar og ráðgjöf sem veitt er og skal gjaldtaka ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði stofnunarinnar við að veita þjónustuna. Áætlaður kostnaður vegna þessa nemur um 9 m.kr. á ári fyrir eitt starf en þar af eru 1,5 m.kr. vegna fundarhalda innan lands með hagsmunaaðilum og þátttöku í fundum erlendis fjórum sinnum á ári. Að auki er gert ráð fyrir að 1 m.kr. falli til sem stofnkostnaður fyrsta árið vegna tölvubúnaðar og uppsetningar á vefsíðu.

Í frumvarpinu er kveðið skýrar á um markaðseftirlit en áður var gert í tilskipun 89/106/EBE, sem hefur verið innleidd í íslensk lög, en leitast er við að gera markaðseftirlitið skilvirkara með nýju reglugerðinni. Gert er ráð fyrir, líkt og í núgildandi lögum, að Mannvirkjastofnun hafi eftirlit með því að byggingarvara á markaði uppfylli ákvæði laganna sem frumvarpið mælir fyrir um, laga um mannvirki og reglugerða settra samkvæmt þeim. Einnig skal Mannvirkjastofnun afla á skipulegan hátt upplýsinga um vörurnar og taka við ábendingum frá byggingarfulltrúum, hönnuðum, byggingarstjórum, iðnmeisturum, neytendum og öðrum aðilum þess efnis. Að sama skapi er gert ráð fyrir að Mannvirkjastofnun hafi heimild til að fela faggiltri skoðunarstofu að annast markaðseftirlit eða faggiltri prófunarstofu að prófa og meta hvort byggingarvara uppfylli ákvæði laganna sem kveðið er á um í frumvarpinu. Í núgildandi lögum nr. 160/2010, um mannvirki, er þegar kveðið á um sambærilegt hlutverk og heimildir Mannvirkjastofnunar en þó á almennari hátt en gert er í hinni nýju reglugerð. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu hefur árlega verið varið um 5 m.kr. til verkefna við markaðseftirlit í samræmi við núgildandi lög. Af hálfu ráðuneytisins hafa hins vegar verið sett fram áform um að efla og auka þetta eftirlit og áætla ráðuneytið að kostnaðurinn við það geti numið allt að 30 m.kr., þar af eru áætlaðar 3-5 m.kr. í prófunarkostnað. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er einnig áformað að markaðseftirlitið verði alfarið falið faggiltum skoðunar- og prófunarstofum. Í því sambandi er bent á að samkvæmt núgildandi lögum er hlutverk Mannvirkjastofnunar m.a. að bera ábyrgð á markaðseftirliti með byggingarvörum. Með nýju reglugerðinni er leitast við að gera eftirlitið skilvirkara með skýrari ákvæðum en ekki verður séð að hér sé í teljandi mæli um ný verkefni að ræða fyrir stofnunina. Af framansögðu má því ætla að slíkt teljist hluti af núverandi stjórnsýsluverkefnum stofnunarinnar og umhverfis- og auðlindaráðuneytið og stofnunin þurfi því að forgangsraða og finna svigrúm innan síns útgjaldaramma sé um aukið umfang núverandi verkefna að ræða.

Í frumvarpinu er gerð krafa um að framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi skuli afla staðfestingar á nothæfi byggingarvöru með tilliti til tiltekinna eiginleika. Lagt er til að Mannvirkjastofnun veiti slíka staðfestingu er varðar brunapol og brunaeiginleika byggingarvöru, eins og verið hefur samkvæmt lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, eða annar aðili sem ráð-

herra viðurkennir, sem er nýmæli miðað við núverandi lög. Nýsköpunarmiðstöð Íslands eða aðrir aðilar sem ráðherra viðurkennir skulu annast staðfestingu á öðrum sviðum. Kostnaður vegna beiðni um staðfestingu skal borinn af þeim sem óskar staðfestingarinnar. Ekki er gert ráð fyrir að ákvæðið hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir Mannvirkjastofnun eða Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Mannvirkjastofnun sé heimilt að beita dagsektum til að knýja á um þær skyldur sem löggin kveða á um eða láta af ólögum atferli og skulu dagsektir renna í ríkissjóð. Þetta ákvæði er samhljóða samsvarandi ákvæði núgildandi laga en ekki liggja fyrir neinar forsendur til að áætla mögulegar tekjur vegna dagsekta en talið er að þær verði óverulegar.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið, verði það að lögum, öðlist þegar gildi að undanskilinni 2. mgr. 6. gr. sem öðlist gildi 1. janúar 2016.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er reiknað með að útgjöld Mannvirkjastofnunar aukist um 10 m.kr. fyrsta árið vegna nýrra verkefna við að sinna hlutverki vörutengiliðar en verði 9 m.kr. á ári eftir það. Á móti má gera ráð fyrir að Mannvirkjastofnun, sem fjármögnuð er að fullu með mörkuðum tekjum, einkum tekjum vegna byggingaröryggisgjalds, geti staðið straum af áætluðum kostnaði vegna ákvæða frumvarpsins. Af framansögðu má þar af leiðandi gera ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs haldist óbreytt verði frumvarpið samþykkt.